FORNLEIFAR Í ÓLAFSDAL VIÐ GILSFJÖRÐ

FORNLEIFASKRÁNING MEÐ LANDSHÁTTAGREININGU



RITSTJÓRI BIRNA LÁRUSDÓTTIR

AÐRIR HÖFUNDAR EFNIS : ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG SIGRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2018
FS708-16132

Mynd á forsíðu er tekin ofan úr Neðri-Skál til vesturs yfir tún í Ólafsdal.

©2018
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
NETFANG: fsi@instarch.is
www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR 4

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 6

3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU 8

4. ÁGRIP AF SÖGU ÓLAFSDALS 11

5. FORNLEIFASKRÁ 13

6. HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG LANDSHÆTTIR Í ÓLAFSDAL 132

7. LOKAORÐ 146

HEIMILDASKRÁ 148

KORT 151

1. Inngangur

Vorið 2016 gerðu Minjavernd og Fornleifastofnun Íslandsses. með sér samning um fornleifaskráningu á jörðinni Ólafsdal við Gilsfjörð. Í upphafi var áformað að aðeins yrðu skráðar minjar á afmörkuðum deiliskipulagsreit en í framhaldinu var tekin ákvörðun um að skrá minjar á allri jörðinni, enda er Ólafsdalur gríðarmerkileg minjaheild og þar eru metnaðarfull uppbyggingaráform í deiglunni. Í Ólafsdal var rekinn fyrsti búnaðarskóli hér á landi á árunum 1880-1907 og sjást víða mikil ummerki og minjar í dalnum frá þeim tíma en þar hafa einnig fundist eldri minjar, m.a. skáli og fleiri rústir frá víkingaöld, sem byrjað var að rannsaka haustið 2017.

Forsaga málsins er sú að árið 2015 gerði Minjavernd tvo samninga við íslenska ríkið um eignarhald og umsjón lands í Ólafsdal. Í öðrum þeirra er kveðið á um eignarhald Minjaverndar á tæpum 60 ha. lands innan túna í Ólafsdal ásamt öllum byggingum og byggingaleifum sem þar eru. Til stendur að endurreisa þar fjölda húsa sem stóðu á búnaðarskólatímanum og er sú uppbygging þegar hafin. Einnig kemur fram í samningi að Minjavernd muni huga að því að draga fram minjar á svæðinu, s.s. tún og garða og sérkenni menningarlandslagsins almennt. Hinn samningurinn, sem er til 50 ára, fjallar um verndun, uppgræðslu og umsjón menningarlandslags í Ólafsdal á 328 hektara svæði. Skýrsla um niðurstöður skráningar á deiliskipulagsreit kom út vorið 2017[1] en skýrslan sem hér lítur dagsins ljós fjallar um þekktar minjar á jörðinni allri. Í millitíðinni kom út skýrsla um ræktunarminjar í Ólafsdal á vegum Landbúnaðarsafns Íslands, sem vísað er í nokkrum stöðum hér á eftir[2] en einnig hefur verið gefin út skýrsla um könnunargröft í áðurnefndum víkingaaldarrústum[3] sem nú er hafin rannsókn á en fleiri skýrslur um uppgröftinn munu koma út á næstu árum.

Skýrsla þessi er hefðbundin framan af, þ.e. í henni eru kaflar um sögu fornleifaskráningar, löggjöf, ágrip af sögu jarðarinnar og fornleifaskrá þar sem grunnupplýsingar um hverja einustu fornleif eru settar upp á hefðbundinn hátt. Að því loknu er lögð áhersla á að greina dalinn í heild sinni og menningarsöguleg einkenni hvers jarðarhluta fyrir sig og reisa þannig styrkari stoðir undir


[1] Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2016. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal. Viðauki með deiliskipulagsgreinarargerð.* FS618-16131. Fornleifastofnun Íslands.

[2] Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson. 2016. „Ræktunarminjar í Ólafsdal." *Plógur – vefrit Landbúnaðarsafns Íslands*. A-Deild. Landbúnaðarsafn Íslands.

[3] Birna Lárusdóttir (ritstj.). 2018. *Fornleifakönnun á víkingaaldarbæjarstæði í Ólafsdal*. FS685-17231. Fornleifastofnun Íslands.

framtíðarskipulag staðarins, sem byggir skv. samningum á hugmyndum um menningarlandslag. Rýnt er í sérkenni staðarins og reynt að varpa ljósi á hvernig hann hefur þróast í tímans rás eftir því sem unnt er. Þetta er hluti af aðferðafræði sem hefur verið í þróun á Fornleifastofnun Íslands á undanförnum árum og miðar að því að útfæra aðferðir við greiningu á menningarlandslagi og gera það þannig að viðráðanlegu og merkingarbæru viðfangsefni.

Birna Lárusdóttir, fornleifafræðingur, hafði yfirumsjón með verkinu en henni til aðstoðar á vettvangi voru Sigríður Þorgeirsdóttir (við skráningu á deiliskipulagsreit 2016) og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (vorið 2017). Birna ritaði skýrslu þessa og sá um kortagerð en loftmyndagrunnur sem notaður var er frá Loftmyndum ehf. Rætt hefur verið við ýmsa sem eru kunnugir í Ólafsdal vegna rannsóknarinnar. Viðtal var tekið við Guðmund Rögnvaldsson, sem fæddist í Ólafsdal 1933 og bjó þar til 1963, og Markús Torfason, sem dvaldist árum saman í Ólafsdal á sumrin. Auk þess hafa margir veitt upplýsingar, t.d. Arnar Guðmundsson, sonur Guðmundar, sem er m.a. höfundur fræðslutexta um Ólafsdal og Rögnvaldur Guðmundsson, formaður Ólafsdalsfélagsins. Eru þeim færðar kærar þakkir fyrir aðstoðina.



2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum,

bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-409:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvaða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93). Langflestar minjar í Ólafsdal voru mældar upp DGPS tækjum af gerðinni Trimble GeoExplorer 6000. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu



Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrir liggjandi upplýsinga með um 50 m fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Hér á eftir fylgja nokkrir punktar sem vert er að hafa í huga varðandi fornleifaskráningu í Ólafsdal sérstaklega:

- Nær allar minjar voru skráðar og mældar upp á vettvangi væru þær sýnilegar. Talsvert af minjum hefur þó bæst við skráninguna með fjölda loftmynda, bæði frá Loftmyndum ehf. og drónamyndum frá starfsmönnum Fornleifastofnunar. Sumar þessara minja sjást mun betur úr lofti en á jörðu niðri og hafa þá verið teiknaðar upp af myndunum í kortagrunni.
- Heimildir um minjastaði í Ólafsdal eru af ýmsu tagi. Helst ber að nefna örnefnalýsingar, handteiknuð kort af túnum og engjum frá tímum búnaðarskólans og ýmsar ritaðar heimildir á borð við sóknarlýsingu, rit Kristians Kålund, skýrslu landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um ræktunarminjar o.fl. Drjúg reyndist bók Játvarðar Jökuls Júlíussonar, *Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalsskóla* sem kom út árið 1986. Í henni eru birtar glefsur úr ýmsum óprentuðum heimildum og skýrslum frá tímum skólans. Eingöngu var stuðst við þann hluta þess efnis sem er prentaður í bók Játvarðar en fróðlegt væri að leggja í ítarlegri úttekt á skjölum frá skólatímanum til að fræðast um búrekstur, þróun bygginga og túna o.s.frv.

- Alls eru tæplega 180 fornleifanúmer í Ólafsdal og því litið svo á að þar séu 180 minjastaðir. Minjaeiningar eru þó talsvert fleiri, t.a.m. er víkingaaldarbæjarstæði skráð undir einu númeri þótt þar séu rúmlega 10 tóftir og beðasléttusvæði fá eitt númer þótt innan þess geti verið margar beðasléttur og jafnvel skurðir sem þeim tilheyra.
- Hættumat er gert fyrir alla minjastaði. Í Ólafsdal er hætta almennt ekki talin steðja að minjum vegna búskapar. Minjar sem eru á fyrirhuguðum byggingareitum skv. deiliskipulagi eða skammt utan þeirra eru þó taldar í hættu þótt auðvelt ætti að vera að forðast rask á þeim ef samráð er haft við Minjastofnun Íslands lögum samkvæmt og aðgát höfð við framkvæmdir. Einnig ber að nefna fyrirhuguð ræktunaráform í Ólafsdal sem nefnd eru í samningum við ríkið. Áætlað er að útfærsla taki mið af menningarlandslagi og fullt tillit tekið til minja. Að svo komnu teljast minjar því ekki í hættu vegna fyrirhugaðrar skógræktar.

4. Ágrip af sögu Ólafsdals

Samkvæmt Landnámabók nam Ólafur belgur land í Ólafsdal fyrstur manna eftir misheppnaðar landnámstilraunir bæði í Ólafsvík, þaðan sem hann var gerður brottrækur, og í Belgsdal.[4] Sagan ber nokkurn keim af örnefnaskýringum (Ólafur/Ólafsvík/Ólafsdalur, belgur/Belgsdalur) en af henni má þó ráða að Ólafsdalur hafi líklega ekki verið fyrsti valkostur landnámsmanns sem kom að óbyggðu landi heldur hafi land verið numið fyrst þar sem landkostir voru meiri. Samkvæmt Fóstbræðra sögu bjó Þórdís nokkur í Ólafsdal, góð húsfreyja og gagnsöm. Sonur hennar var Eyjólfur og fóstbróðir hans Þorgeir sem kallaður var hófleysa. Þeir lentu í deilum og drápu hvor annan við Garpsdalsá.[5] Í Sturlunga sögu er Ólafsdals getið stuttlega sem viðkomustaðar, nánar tiltekið í ágúst árið 1228. Allt þetta og nú síðast fundur rústa frá víkingaöld innst í dalnum bendir til að Ólafsdalur hafi byggst snemma og hátt mat jarðarinnar styður það en jörðin var metin á 60 hundruð í jarðabók 1705.

Í máldaga Maríukirkju í Garpsdal árið 1274 kemur fram að þangað skuli gjalda tíundir af Ingunnarstöðum og úr Ólafsdal. Árið 1324 á Garpsdalur einungis að fá hálfa tíund úr Ólafsdal en 1354 er hálfrar tíundargreiðslu vænst að Hvoli. Það er endurtekið í máldaga 1397.[6] Í Prestatali og prófasta er því haldið fram að hálfkirkja hafi verið í Ólafsdal, löngu af tekin.[7] Ekki er vísað í heimildir fyrir því en hugsanlega byggir höfundur á heimildum frá 16.-17. öld. Þetta gæti þó einnig verið túlkun hans á áðurgreindum máldögum, þá væntanlega þannig að hálf tíundin hafi verið tekin heima því að þar hafi verið kirkja – en kirkjur héldu almennt tíundum heimamanna að hluta eða öllu leyti. Engar aðrar vísbendingar eru um bænhús í Ólafsdal, hvorki örnefni né sagnir af mannabeinafundum. Það kæmi þó ekki á óvart að fullyrðing höfundar prestatalsins ætti við rök að styðjast, enda risu bænhús mjög víða eftir kristnitöku, ekki síst á hátt metnum jörðum sem áttu eitthvað undir sér.[8] Sum voru aðeins í notkun skamma hríð en á 15.-16. öld týndu þau tölunni í stórum stíl. Hafi verði bænhús í Ólafsdal er sennilegast að það hafi verið á bæjarhólnum.

[4] ÍF I, 159-160.

[5] ÍF VI, bls. 196 og áfram.

[6] DI II, 118 og 577; DI III, 79; DI IV, 155.

[7] PP II, bls. 1

[8] Orri Vésteinsson og Hildur Gestsdóttir 2011, bls. 84.

Litlum sögum fer annars af Ólafsdal í máldögum og öðrum skjölum frá miðöldum og í stuttu máli er mjög fátt vitað um sögu Ólafsdals þau rúmu 1000 ár sem hún hefur verið í byggð. Í Jarðabók Dalasýslu kemur fram að 1708 hafi hálf jörðin lagst í eyði og bendir það til að þá hafi verið þar tvíbýli.[9] Engar öruggar heimildir eru um hjáleigur í landi jarðarinnar en þó eru nefndar rústir og garðar í jarðabókinni 1705, yst í landi jarðarinnar á Holtahlíð, en þó ekki vitað til þess að þar hafi nokkurn tíma verið byggð. Fornar rústir sem fundust innarlega í Ólafsdal vorið 2017 (sjá nr. 137 í fornleifaskrá) staðfesta að byggð hefur verið á staðnum frá fornu fari en hvort þar hefur verið einhverskonar afbýli eða útstöð frá byggð utar í dalnum eða eldra bæjarstæði en síðar er þekkt í túninu skal hér ósagt látið. Rannsóknir munu vonandi leiða það í ljós.

Aðdragandi að stofnun búnaðarskóla í Ólafsdal var nokkur og verður sú saga ekki rakin hér.[10] Torfi Bjarnason hafði um nokkurt skeið leitað sér að jarðnæði sem væri hentugt fyrir skólann, m.a. norður í Húnavatnssýslu en bauðst Ólafsdalur fyrir starfsemina, sem hann og þáði, en sjálfur var hann úr Bersatungu í Saurbæ. Jón Bjarnason bjó síðastur í Ólafsdal á undan Torfa en hann var alþingismaður og frammámaður í landbúnaði, í það minnsta er hann sagður hafa byrjað ýmsar jarðabætur, reist nátthaga, sléttað og hafið ræktun túns niður á Eyrunum.[11] Ljóst er að starfsemin sem fylgdi skólanum í kjölfarið gjörbreytti ásýnd jarðarinnar, ekki síst túnsins og svæðanna þar í kring. Þetta verður rakið betur í kafla undir lok skýrslunnar. Áfram var búið í Ólafsdal eftir að skólinn leið undir lok og stundum var þar tvíbýli. Jörðin fór í eyði árið 1968[12] en þó var búið þar eftir það þótt stopult væri, fram yfir 1970.

[9] Ormur Daðason 1965, bls. 5.

[10] Um þetta hefur Játvarður Jökull Júlíusson ritað í bók sinni um sögu Ólafsdalsskóla, sjá JJJ 1986.

[11] „Úr minnisblöðum Finns Jónssonar frá Kjörseyri“ bls. 96.

[12] „Ólafsdalur í eyði“ 1968, bls. 1.

5. Fornleifaskrá

1705: 60 hdr. JÁM VI, 175. 1847: 40 hdr. JJ, 172.
Um 1274: Máldagi Maríukirkju í Garpsdal. " þangat skal giallda tijunder af Jngunar stodum oc vr Olafs dal ." DI II, 118
1324: Máldagi Maríukirkju í Garpsdal. "þangad liggia vndir xiij bæir ad tijundum oc half tijund or olafsdal." DI II, 577.
1354: Máldagi Maríukirkju að Hvoli í Saurbæ. " þangad liggur tijvnnd oc lysitollur af viij. bæivm oc hälf tiund vr Oläfsdal. ... ." DI III, 79.
1397: Máldagar Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skáholtsbiskupsdæmi. " CLXXXV. ad Hvole. ... Þangad liggur tiund oc lysitollar af viij bæiumm og half tiund vr olafsdal. enn oll onnur skyllda til Hvóls."" DI IV, 155. Í Prestatali og prófasta (II, bls. 168) er því haldið fram að hálfkirkja hafi verið í Ólafsdal en ekki vísað í heimildir og því ekki vitað á hverju það er byggt.
"Óláfr belgr, er Ormr enn mjóvi rak á brutt ór Óláfsvík, nam Belgsdal ok bjó á Belgsstöðum, áðr þeir Þjóðrekr ráku han á brutt; síðan nam hann inn frá Grjótvallarmúla ok bjó í Ólafsdal. Hans son var Þorvaldr, sá er sauðatöku sök seldi á hendr Þórarni gjallanda Ögmundi Völu-Steinssyni; fyrir þat vá hann Ögmund á Þorskafjarðarþingi." ÍF I, 159-160.
"Þórdís hét kona, er bjó í Óláfsdal. Hon var ekkja, góð húsfreyja ok gagnsöm. Sonr hennar hét Eyjólfr, er átti bú með henni; hann var görvilegr maðr ok vinsæll. Þorgeirr hét frændi Þórdísar, er hon hafði upp fætt; hann var knáligr maðr." ÍF VI, bls. 196. Og bls. 216 í sama riti: "Eyjólfr var við skip [í Straumfirði] þar til er hann hafði um skip búit, fór þá heim í Óláfsdal til móður sinnar ok var með henni um vetrinn."
"Þorvaldur reið um kveldit í Óláfsdal, en frjádaginn í Bæ." Sturlunga saga I, 322
Í Jarðabók Árna og Páls segir í upphafi 18. aldar: "Silúngsveiði er þar varla fyrirhafnarverð. Túnið spillist sumstaðar af vatnsuppgángi, og skefur á það sand sumstaðar. Þar er og komið í órækt af áburðarleysi, því peníngur er offár [svo]. Engjar spillast jafnlega af skriðum, og Ólafsdalsá ber á þær sand og grjót. Hagar eru mestapart fordjarfaðir af skriðum, so jörðunni liggur við að hún fáist ei bygð, og er því bæði af landskuld stórum afturfært og kúgildum fækkað. Torfrista slæm. Eldiviðartak ekkert. Hættusamt af dýjum og lækjum, einkum á vordag....Í heimalandi, á Holtahlíð, sjást í einum stað girðíngar og rústir nokkrar. Hvert þar hafi nokkurn tíma býli verið vita menn ekki. Þar hleypur skriða nálægt, og sýnist í hættu. Kann ekki að byggjast." JÁM VI, 175.
Í sóknarlýsingu Saurbæjarsóknar 1842 segir: "1. er Ólafsdalur, 24 hndr., innst með firðinum á sóknarenda, bærinn liggur skammt frá sjó neðantil í dalnum. Þar er heyskapur sæmilegur, vetrarríki mikið, en landskostur góðurá sumrum (þ.e. gott undir bú). Hlunnindi þar er talsverð álftarfjaðratekja, helst í norðanátt. Jörð þessi sem til forna var 40 hndr. að dýrleika, en metin síðan til 24 hndr.a gengur árlega úr sér af fjallskriðum." SSD, bls. 175.
Úr virðingargjörð 1896: "Jörð þessi hefir frá því fyrsta haft þá kosti að landrými er mikið, og kjarnmikið beitarland að sumrinu, og slægju nægilegar eftir jarðarstærð, mótak einnig mikið og gott, en jörðin hefir tekið þeim umbótum á síðastliðnum 20 árum að túnrækt allskonar með nátthögum og girðingum og húsaskipun og öðrum mannvirkjum, að engin jörð hefir tekið slíkum umskiptum þar er við þekkjum til. Það er okkur vel kunnugt, að áður en jörðin fékk þessar miklu endurbætur, féllu af túninu öllu er þá var allt þýft, 100-150 hestar, en fyrir kosti jarðarinnar og landgæði var hún jafnan dýrleigð, og gekk þá kaupum og sölum á 4000 krónur. Nú fellur af túni og nátthögum, sem allt er slétt, 500-600 töðuhestar, og með minni en ekki meiri fyrirhöfn að slá og hirða þenan töðuvöll en þann sem áður var." JJJ, 115. Í sama riti segir, en það kom út 1986: "Fyrir um það bil 13-14 árum var tortímt í Ólafsdal ýmsum mannvirkjum. Byggingum rutt vægðarlaust í burtu með jarðýtu..... Einu byggingarnar, auk fyr talinna, eru fjárhús og hlaða alllangt frammi á túninu, byggð skömmu áður en jörðin var lögð í eyði". JJJ, 255-256 1918: Tún 18,6 ha, garðar 1220m2.

DA-198:001 *Ólafsdalur* bæjarhóll bústaður 372692 549529

Í Ólafsdal er myndarlegur bæjarhóll um 150 m upp og austur af skólahúsinu, fremur miðsvæðis í túninu. Upp á hann úr vestri liggja leifar af vegi, sjá 095. Þetta svæði er kallað Rústarvöllur. Á túnakorti 1888 er merkt þar ein tóft en ekkert mannvirki er sýnt á hólnum 1905. Árið 1918 er þar sýndur kálgarður. Engin hús standa á hólnum nú og virðast ekki hafa verið hús þar eftir að búnaðarskólinn tók til starfa.

Grösugur hóll í túni.

Mjög áberandi og myndarlegur hóll, alls um 100 x 60 m stór og liggur norður- suður. Sé staðið við hann að norðanverðu er hann allt að 10 m hár, mjög sannfærandi og veglegur bæjarhóll en hlýtur þó að vera náttúrulegur að einhverju leyti. Lægð er í hólnum miðjum og skilur sundur suður- og norðurhluta sem má segja að séu tveir aðskildir hólar. Einnig er lítill hóll í framhaldi af lægðinni austast, utan í hólnum. Nú er grænmetisrækt í fullum gangi á hólnum vestan til, sunnan við upphlaðna veginn. Ljóst er að þar er öskuhaugur, enda sjást bæði brennd bein og óbrennd, keramik og fleira rusl sem væntanlega er frá 19. öld, í yfirborði kálgarðsins. Garðurinn sem nú er í notkun er um 15 x 15 m stór en líka hefur einhverntíma verið rist ofan af bæði austar og sunnar. Gróinn kálgarður er norðan við brautina 095 en hefur þó líklega verið í notkun í seinni tíð. Hann er alls rúmlega 25 m í þvermál. Samkvæmt túnakortum var kálgarður á hólnum í tíð Torfa en líka er sýnd þar ein rúst á gömlu korti frá 1888. Ekki er ljóst hvers vegna þetta bæjarstæði var yfirgefið og byggt neðar og vestar í túninu en gæti þó tengst því að þar er sléttari og harðlendari völlur og rýmra um sem hefur hentað betur fyrir þá þyrpingu húsa sem reis með tilkomu búnaðarskólans. Gamli bæjarhóllinn virðist fyrst og fremst hafa verið tekinn undir kálgarða - sem sennilega hafa verið gerðir á eldri grunni kálgarða frá gamla bænum, sem allt bendir til að hafi staðið á þessum stað fram á lok 19. aldar.



Bæjarhóllinn í Ólafsdal sést hér hægra megin við miðja mynd. Í honum er kálgarður og hvít yfirbreiðsla að hluta. Á kortinu að neðan er hóllinn grænskyggður.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Túnakort 1905; Túnakort 1888; Túnakort 1918

DA-198:002 heimild um hálfkirkja 372690 549554
ÓLAFSDALUR (D) (SAURBÆJARÞING) - HÁLFKIRKJA
[um 1274]: [til Garpsdals] skal giallda tijunder ... vr Olafs dal; Máld DI II 118 [Garpsdals]
[1324]: [til Garpsdals] liggia vndir xiij bæir ad tijundum oc half tijund or olafsdal; Máld DI II 576-577 [Garpsdals]
[1354]: [til Hvols liggur] hälf tiund vr Oläfs dal. enn oll onnur skyllda thil huolz; Máld DI III 79 [Hvols]
1397: [til Hvols liggur] half tiund vr Olafsdal. enn oll onnur skyllda til Hvóls; Máld DI IV 154-155 [Hvols] sbr. PP 168 Tíundargreiðslan hálfa gæti bent til að hálfkirkja hafi verið í Ólafsdal til forna en engar beinar heimildir eru til um kirkju og ekki vitað um örnefni sem henni tengjast. Nú er ekki vitað hvar kirkja stóð í Ólafsdal en bæjarhóllinn 001 verður þó að teljast mjög líklegur. Engin greinileg merki eru um kirkju á bæjarhólnum en hann samanstendur þó af tveimur aðskildum hólum eins og áður kom fram undir 001. Gæti verið að kirkjan hafi staðið á öðrum þeirra - kannski frekar norðar og nær firði þar sem hún hefði blasað við frá vegi og sjó. Á þessu stigi eru þetta þó varla nema getgátur.
Heimildir:DI II, 118; DI II, 576-577; DI III, 79; DI IV, 154-155;, PP, 168;

DA-198:003 heimild um smiðju 372552 549544


Smiðjugrunnur sést hér hægra megin við vatnshús 048 sem er með uppistandandi veggjum en þaklaust.

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð hús skammt austan við skólahúsið austanvert. Þetta var smiðja. Til eru gamlar ljósmyndir af smiðjunni, bæði teknar úr austri og vestri eða suðvestri, líklega skömmu eftir 1900. Hún var úr timbri og sneri stöfnum í norður og suður en lægri skúrbygging var meðfram austurhliðinni. Líklega var eldra torfhús sem stóð á staðnum og sést á ljósmynd Johannesar Klein einnig smiðja. Grunnurinn undan smiðjunni sést enn vel 5-6 m austan við skólahúsið og beint norðan við grunn mjólkurhúss 048. Væntanlega hefur smiðjan verið risin fyrir 1888 en á túnakorti frá því ári sést bygging á þessum stað. Smiðjan mun hafa verið rifin upp úr 1930. Í skýrslu um nítjánda starfsár skólans 1898-1899 er getið um byggingu smiðjunnar: "Smiðja úr timbri, 12 álna löng, 6 álna breið að innan, með lofti og alþiljuðu húsi í öðrum enda."

Á hlaðinu austan við skólann. Grunnurinn er grjóthlaðinn, alls um 8 x 7 m stór frá norðri til suðurs og virðist bæði aðalhúsið og skúrbyggingin hafa staðið á honum. Grunnurinn er að mestu gróinn að ofanverðu en hlaðinn kantur sést að utanverðu, hæstur að norðan, allt að 0,4 m. Auk þess sjást leifar af hlaðinni stétt meðfram grunninum að norðan og vestan - hún sést einnig á ljósmynd frá því um 1900. Þústin lækkar og fjarar út til suðurs. Norðan til í þústinni vottar fyrir grjóti í dæld og lítur helst út eins og leifar af hlaðinni þró, um 2 x 1 m frá norðri til suðurs - þetta gæti þó verið seinni tíma rask. Alveg jarðlæg og einföld hleðsla sést til suðurs frá grjótinu.



Hús sem líklega er eldri smiðja sést lengst til vinstri. Mynd J.Klein úr danska þjóðminjasafninu (DMR-159827). Án ártals, líklega frá 1898.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

Heimildir:Túnakort 1918; Túnakort 1905; Túnakort 1888; Ljósmyndir JG71 og JG77; Ljósmynd DMR-159827; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 182

DA-198:004 tóft fjós 372543 549481



Suðurgafl og austurveggur fjóss 004. Undir veggnum rennur bæjarlækurinn. Horft í NNV.


Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð hús um 30 m sunnan við skólahúsið. Þetta mun vera fjósið en veggir þess eru enn uppistandandi að öllu leyti um 35 m sunnan við skólahúsið. Fjósið er talið reist á bilinu 1897-1898 og ári síðar var bætt við það haughúsi að sunnanverðu en það mun nú horfið. Fjóssins er getið í áætlun um eignir skólans 1899 og er þar talið fyrir 15 nautgripi. Það sést á ljósmynd frá því skömmu eftir 1900. Af túnakortum að dæma hefur ekki staðið hús á þessum stað fyrr en fjósið var reist. Í bók Játvarðar Jökuls er sagt frá efninu í fjósi þessu og einnig haughúsi og hlöðu sem stóðu

vestar: "Sagði Jóhannes, að sumt grjótið hefði Torfi sótt á vögnum alla leið inn að Kleifum." Ennfremur segir í skýrslu um átjánda starfsár skólans 1897-98: "Byggt fjós yfir 15 nautgripi. Veggir eru úr klofnu grjóti, sements límdir utan og innan. Gólf allt úr sementssteypu með múraðri gryfju fyrir vatn og annarri fyrir þvag. Fjósið er með járnþaki sem lagt er á langbönd. Innan á sperrurnar eru negldir rimlar og pappi þar innan á. Allt er ræfrið fyllt með þurru torfi hér um bil 6 þumlunga þykku." Og um.nítjánda starfsár skólans 1898-99: Haugshús úr steini, 12 álna langt, 8 álna breitt innan.



Norðurgafl og vesturveggur fjóss 001. Horft í SSA.

Veggir 4 álnir á hæð, sements límdir utan og innan. Gólfið sements steypa. Timburþak með tjörupappa utan á. Gróið tún. Bæjarlækurinn 064 rennur fast austan við fjósvegginn og hefur verið veitt inn í fjósið skv. heimildum þótt nú sjáist þess ekki merki.



Fjósið er merkileg bygging og standa veggir þess að öllu leyti enn en eins og áður segir er haughúsið horfið með öllu. Veggir eru hlaðnir úr grjóti sem hefur verið límt eða steypt saman og er væntanlega hluti af því grjóti sem Torfi stóð fyrir að var sprengt með púðri og sennilega höggvið til að einhverju leyti til nota í húsbyggingar. Alls er byggingin um 20 m löng frá norðri til suðurs og 6-7 m breið og skiptist í tvennt með mjóum, steinsteyptum vegg (ekki hlöðnum). Einn gluggi er sunnarlega á vesturhliðinni - vottar fyrir steypu í gluggaopi. Í syðra rými eru tveir gluggar sem vísa til fjalls, hátt í 1 x 2 m að stærð, leifar af steypu og timbri sjást efst á veggjunum. Suðurgafl er spísslaga og rís hátt upp, allt upp í um 4 m en veggur að norðanverðu er láréttur að ofan. Gólf er grasi gróið. Norðurpartur af byggingu er minni en sá syðri. Leifar af steyptri plötu sjást við vesturhlið þar sem hafa verið leifar ofan af haughúsi líklega - steypt yfir þró. Steypa á milli steina sést aðallega að utanverðu en að innanverðunn er grjóti troðið upp í eyður - mjög vandlega gert og traust. Undir austurhlið hússins rennur bæjarlækurinn 2-3 m frá veggnum í átt að mjólkurhúsi 048.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

Heimildir:Túnakort 1918; Túnakort 1905; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 119-120, 182 og 255; Ljósmynd JG77

DA-198:005 *Suðurhús* þúst skemma 372542 549511



Grunnur undan Suðurhúsi 005 sést hér vinstra megin við skólahús. Loftmynd tekin úr flygildi.

Grunnur undan húsi sést um 8-10 m suður af skólahúsi. Þar stóð eldra skólahús, sem var fært af upprunalegum grunni sínum eftir að það skemmdist í óveðri 1895. Nýtt skólahús var þá reist á eldri grunni, það sem enn stendur. Gamla skólahúsið, sem nefnt var Suðurhús, var endanlega rifið um 1980. Húsið sést á ljósmyndum frá því um og eftir 1900 og er sýnt á þessum stað á túnakorti 1905 og 1918 þar sem það er merkt sem skemma. Á sjöunda ári skólans, 1886-87, var bætt við bæjarhúsið en þá stóð það enn á sínum upphaflega grunni, þ.e. þar sem skólahúsið stendur nú. Um það segir í skólabókinni: "Var bætt við bæjarhúsið tæpl. 9 álna löngum og rúmlega 9 álna breiðum parti. Einnig byggður geymsluskúr 9 álna



langur, 61/2 al. breiður þerrisskúr 16 ½ al. á lengd og 4 ½ al. á breidd. Gekk allmikil vinna til að gjöra grunn, flytja heim við og hjálpa til við smíðar." Ekki er fyllilega ljóst af samheningu hvort geymsluskúr og þerriskúr voru sambyggðir húsinu. Um upphaflega byggingu hússins segir í skýrslu sem rituð er í janúar 1889 (en það hafði væntanlega verið byggt svo snemma sem 1880): "Byggt bæjarhús úr timbri með kjallara, 251/4 álna langt, 91/2 ál. Á breidd, tvíloftað. Útbygging er með öðrum gafli og allri annarri hliðinni, sem höfð er fyrir smíðahús, geymsluhús og þurrkhús." Í túni, fram af er brekka mót vestri. Á sama hól og yngra skólahús - hóllinn rís heldur hærra á þessum stað.
Mjög greinilegur grunnur sem er um 8 x 6 m stór frá norðri til suðurs. Hann er alveg gróinn að ofanverðu en sér bæði í grjót og steypu í hliðum - grjóthleðsla neðar en steyptur kantur þar ofan á. Á suðurhlið liggja á tveimur stöðum steypubútar. Grunnurinn er grónari og lægri að norðanverðu en að sunnan rís hann allt að 0,6 m.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Túnakort 1905; Túnakort 1918; Ljósmynd JG77; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, 111, 170 og 173

DA-198:006 mannvirki hlaða 372531 549473
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð hús sem mun hafa verið hlaða skammt vestan við fjósið (004), hinum megin við veginn (leiðina) 007. Þar sést enn steyptur grunnur, skammt vestan við fjósið 004. Á eldri túnakortum (frá 1884 og 1888) sést bygging á sama stað en þó hefur hún sennilega ekki náð jafnlangt til suðurs. Ekki er ljóst hvort það var einnig hlaða en á þeim tíma var fjósið ekki risið. Umrædd yngri hlaða sést á ljósmynd frá því skömmu eftir 1900.



Hlaða 006 sést hér vestan við fjós. Loftmynd tekin úr flygildi.

Um byggingu hlöðu, sem þessi tóft er að líkindum af (að stofni til a.m.k.) segir í skýrslu um nítjánda starfsár skólans 1898-99: "Hlaða, 17 álna löng, 7 og hálf alin á breidd. Torfveggir að mestu leyti gamlir, en timbur ofan á með 2 og hálfrar alinar háum hliðarveggjum. Þak og veggir klætt tjörupappa." Gróin brún í túni og hallar þar niður af til vesturs.
Alls er grunnurinn um 13 x 4,5 m að stærð og er ekki alveg samsíða fjósinu heldur vísar meira NV-SA. Talið er að bil milli fjóss og hlöðu stafi af ótta við eldhættu. Steyptur grunnur, gæti verið úr heldur yngri steypu (för eftir mótatimbur og járnbindingar) heldur en það sem er í fjósi. Hlaðið undir og síðan steypt ofan á á þremur hliðum - ekki að sunnanverðu heldur er þar óljósari kantur. Botn hlöðunnar er örlítið niðurgrafinn. Steypuleifar liggja inni í rústinni, m.a. bogadregin steypubrot (úr súrheysturni?) Á ljósmynd frá 1906 sést að hús var sambyggt hlöðunni að sunnanverðu. Ekkert mótar fyrir því nú en þar mun hafa verið hesthús. Kort af

leifum á þessum stað má finna á bls. 17.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Túnakort 1918; Túnakort 1905; Túnakort 1888; Túnakort 1884; Ljósmynd JG80; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, 182

DA-198:007 vegur leið 372688 549121




Syðsti hluti vegar 007, sunnan túns, horft í suður.

Samkvæmt túnakortum frá 1905 og 1918 lá leið frá skólahúsinu og til suðurs milli fjóss (005) og hlöðu (006) og suðureftir meðfram allri vesturrönd túnsins, um 430 m vegalengd. Þetta er kerruvegur sem var lagður í tíð búnaðarskólans. Hann lá alla leið að mógröfum 052 og sennilega hefur angi úr leiðinni einnig legið að tóvinnuhúsi 063. Vegurinn sést á alls rúmlega 520 m löngum kafla. Líklega er vegurinn ekki gerður (eða í það minnsta ekki lokið við hann) fyrr en á tuttugasta og þriðja ári skólans, 1902-1903, en um það segir í skólabókinni: "Gjörður vagnvegur gegn um túnið og framfyrir það, 80 faðma lengd." Nokkrum árum fyrr, eða á sjötta ári skólans1885-86, var einnig unnið að gerð vagnbrauta, sennilega þeirra sömu: "Rudd 100 faðma löng og 100 faðma löng {sic] hlaðin upp annars vegar."
Vegurinn liggur um mýri syðst en síðan í vesturjaðri túns.
Vegurinn á upptök um 550 m suður af bæ, sunnan við tún á mógrafasvæði 052 - nálægt túnskika sem er Móhúsatún (sjá 053 og 049) sem nefnt er í örnefnalýsingu. Þar er vegurinn mjög veglegur og upphlaðinn um meira en 1 m, grasi vaxinn í grösugu móþýfi, allt að rúmlega 5 m breiður, liggur beint í norður en sveigir svo til norðvesturs upp brekkuna. Áður en að brekkunni kemur eru rof í gegnum hann á þremur stöðum, líklega vegna vatnsaga en þó virðist á einum stað, næst holtinu, sem vegurinn hafi hreinlega verið grafinn sundur við mótekju á um 10 m kafla. Á einhverjum þessara staða má ætla að ræsi hljóti að hafa leitt vatn undir veginn. Norðan við þennan stað, rúma 90 m norður af suðurenda, liggur vegurinn upp á þurrt holt og sveigir þá í norðvestur og er þar með allt öðru móti, ekki upphlaðinn heldur líkari uppgrónum



Brú á vegi 007, horft í norður




Allra syðsti hluti vegarins liggur um mógrafasvæði 052 og endar hjá móhúsi 053. Horft til suðurs.

slóða og austurbrún mjög óskýr - hleðsla sést hins vegar með vesturbrún, eins og hlaðinn kantur. Vegurinn er á þessum slóðum um 2-3 m breiður. Enn eitt rof er á honum er við vesturendann á túngarði 065. Þá er komið inn í túnið en þar er vegurinn einkennilegur á kafla, vesturhlið hlaðin hærra upp en austurhliðin og engu líkara en hann þjóni þar hlutverki túngarðs. Á ljósmynd frá því um 1900 sést raunar að girðing hefur verið þar ofan á vesturbrún vegar. Að utan er hleðslan allt að 0,6 m há en hallar í fláa inn á túnið til austurs. Eftir um 40 m verður vegurinn aftur meira sannfærandi, jafn beggja megin. Þegar komið er að tóft 023 liggur vegurinn fast á brúninni eða austan við tóftina og sést sem sléttur stallur þar, um 3 m á breidd. Þegar komið er framhjá liggur hann alveg fremst á brún og bratt er fram af honum til vesturs. Hann liggur svo á brún fast ofan við kálgarð 025 en verður síðan óljós þegar komið er nær fjósi 004. 50-70 m sunnan við fjós hefur verið brú á veginum yfir lítinn og grunnan skurð - þar sjást leifar af rúmlega 2 m breiðri timburbrú úr tveimur rekaviðardrumbum og hefur verið smíðað ofan á hana. Allt er þetta morkið og niðurfallið en síðar hefur verið lögð járnplata yfir. Í framhaldi af brúnni er varla hægt að tala um upphlaðinn veg til norðurs, hann endar í óljósum hjólförum - en annars hefur megnið af veginum ekki verið keyrt í seinni tíð. Rétt utan við girðingu er síðan annar vegur utan við tún sem gæti hafa tengst þessum, sjá 090.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

Heimildir:Túnakort 1918; Túnakort 1905; ljósmynd JG80; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls.168 og 185




Lega kerruvegar 007 er hér sýnd með rauðum lit.



Beðasléttur 008, horft til norðurs út um glugga á skólahúsi. Meðfram jaðri þeirra að vestan sjást leifar af vegi 073.

DA-198:008 þúst tún 372523 549577
Beðasléttur eru í túni fast norðan við skólahús og heimkeyrslu, ofan við minnismerkið af Torfa og Guðlaugu. Grösugt tún. Þetta er ofan á háhæð sem hallar að mestu leyti frá til vesturs og norðurs. Rafmagnskassi hefur verið settur niður í austurenda beðasléttanna um miðbik svæðisins og er ekki til mikillar prýði. Girðing er við norðausturhornið á sléttunum.
Þetta eru allra greinilegustu beðasléttur í Ólafsdal, ekkert teknar að hlaupa í þúfur, og má sennilega þakka það því hversu þurrlent er á staðnum. Þær eru kúptari en gengur og gerist með aðrar sléttur á svæðinu, sérstaklega í miðjunni, allt að 0,5 m háar og liggja frá austri til vesturs, alls 8-9 talsins og ná yfir svæði sem er alls um 50 x 30 m stórt frá norðri til suðurs. Lengstu slétturnar eru nyrst en þær smástyttast til suðurs. Sérhver slétta er um 5 m breið að jafnaði, allt frá tæpum 5 m og upp í tæpa 6. Aðeins örlítill halli er á svæðinu til austurs, að bæjarlæk 064



sem þar rennur meðfram austurenda sléttnanna frá norðri til suðurs. Leifar af vegi 073 liggja meðfram sléttunum að vestanverðu.
Hættumat: engin hætta

DA-198:009 tóft fjárhús
372712 549294
Samkvæmt túnakortum frá 1888, 1905 og 1918 stóð útihús sunnarlega í túni, út við gömlu austurmörk túnsins, um 80 m austan við útihús (023). Stór og mikil tóft er á þessum stað. Á yngsta kortinu stendur þar ritað ´búfjárhús´. Tún, óslegið.
Alls eru tóftirnar alls um 40 m langar og 8 m breiðar og liggja frá norðri til suðurs. Þær skiptast í þrjú mjög greinileg hólf í norðurhluta, líklega fjárhús með garða eftir endilöngu, hlöðu og hesthús (talið frá N-S) en þrjú




Nyrðri hluti útihússtóftar 009, horft í norður.



ógreinileg hólf til viðbótar eru í suðurenda og má ætla að sá hluti hafi lagst af fyrr en norðurendinn. Veggjahæð í norðurhluta nær allt að rúmum metra, smá rof í utanverðum austurvegg og lítið sem ekkert sér í grjót. Ekki sést augljós tenging milli fjárhúss og hlöðu en op hefur verið á báðum húsum í vestur sunnarlega. Mikil gróska og grænka er í öllum þessum rústum. Þegar þarna er komið fer rústin mjög lækkandi og þar vottar fyrir nokkrum óljósum tóftum en allra syðst í samstæðunni er greinileg tóft og enn í henni sperrur og járn - ekki beint heillegir veggir samt. Þetta gæti hafa verið hesthús eða hænsnakofi. Mikið rof er í syðsta parti tóftar.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Túnakort 1918; Túnakort 1905; Túnakort 1888

DA-198:010 *Torfanátthagar* gerði nátthagi 372744 549418



"Innan og neðan við Bæjarhlíð eru Torfanátthagar," segir í örnefnaskrá, í fleirtölu, og er þar að líkindum annars vegar átt við nátthaga 120 (sem oftast er kallaður Torf(a)nátthagi) og hins vegar afmarkað svæði þar neðan við sem almennt er ekki kallað nátthagi af kunnugum í Ólafsdal - en hér skráð neðar í sömu brekku. Hann er um 65 m SSA við bæjarhól 001 en um 200 m suðaustan við skólahúsið í Ólafsdal 067. Nátthaginn er byggður til NNV frá túngarði 078. Hann er fast sunnan við Lindina 040.

Á þessum slóðum er nú aflíðandi, grasi vaxið svæði, nokkuð þýft. Þarna hefur áður verið deiglendur mói. Nátthaginn er markaður af Lindarlæknum til norðurs en honum er veitt í skurði niður túnið á þessum slóðum. Túngarður 078 markar svæðið til suðurs og því má segja að aðeins hafi verið hlaðið vegna garðsins til austurs og vesturs. Innan nátthagans er greinilegur niðurgröftur á nokkrum stöðum þar sem hafa verið mógrafir eða a.m.k. tilraunir verið gerðar til að grafa eftir mó eða rista torf. Svæðið sem þarna hefur verið afmarkað er 84 x 67 m stórt og snýr ANA-VSV. Garðlögin tvö sem hlaðin hafa verið til að marka þarna reit eru talsvert ólík nú. Efra eða norðaustara garðlagið er um 55 m langt og nær frá túngarði að Lindarlæk. Þar sem garðlagið hefur legið frá túngarðinu er rof í það og syðstu 2-3 m eru eð mestu horfnir í rof. Talsvert rof er í garðinum víðar og hefur rofið sum staðar náð að sverfa garðinn alveg niður. Garðurinn er torfgarður, vandlega hlaðinn og upp mjór. Hann er um 1,2 m á breidd í botninn en 40-50 cm í toppinn og er víðast um 0,8 m á hæð. Engar grjóthleðslur hafa verið í garðinum. Sá garður sem er suðvestar er mun signari og ógreinilegri og verður óljósari til suðurs. Nyrst er hann um 1,2 m á breidd en 0,6 m á hæð. Lækjarsprænur renna í gegnum garðinn á nokkrum stöðum. Ekki er víst að eiginlegur nátthagi hafi nokkru sinni verið á þessum stað, í það minnsta er land innan hans blautt og virðist ekki vel fallið til ræktunar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 2

DA-198:011 heimild
Í riti Kristians Kålunds um íslenska sögustaði segir: "Hringmynduð girðing er nálægt mynni Ólafsdals, og þar vilja menn telja að séu rústir af hofi (Ólafs); tóftin lítur þó fremur grunsamlega út." Í neðanmálsgrein segir: "Ef til vill eru þar aðeins rústir af hestarétt. Samkvæmt síðustu athugunum á rústum eftir norræna menn á Grænlandi hafa oft verið hringmyndaðar réttir við bæina, og mætti hafa það í huga þegar athugað er, hversu raunverulegar séu hinar mörgu svonefndu hoftóftir á Íslandi..." KK 2, 124. Ekki er nú hægt að staðfesta hvaða girðing það er sem Kålund hafði í huga en þó líklegast að átt sé við hringmyndað gerði sem er undir nátthaga (Stekk) 027. Stendur heima að hún er nálægt mynni Ólafsdals. Engu að síður fá staðirnir hér hvor sitt númerið.
Heimildir:KK 2, 124.

DA-198:012 *Tröð* heimild um traðir 372493 549555
Samkvæmt túnakortum frá 1888, 1905 og 1918 lágu traðir upp að skólahúsinu frá vestri til austurs. Þær hafa af eldri túnakortum að dæma haldið áfram alla leið upp að gamla bæjarstæðinu (001) og sjást þar enn leifar af upphlöðnum vegi, sjá 095. Í örnefnaskrá segir: "Í átt til bæjar og niður af Háavelli er brekka, sem heitir Barð. Í átt að ánni með henni niður að Tröð og neðan húss heitir Bæjarvöllur. Þá er Tröðin niður úr túni niður á árbakkann."
Nú liggur malarvegur upp að skólahúsinu úr vestri þar sem traðirnar voru. Þeim var rutt út ásamt fleiri húsaleifum um 1970 en nú hefur syðri traðarveggurinn verið endurhlaðinn að hluta.



Upphlaðinn traðarveggur 012 framan við skólahúsið, horft í suðaustur.

Syðri veggurinn er hlaðinn úr grjóti og er 40-50 m langur, nær niður á h.u.b. miðjan Bæjarvöll en svo heitir túnskikinn vestan við skólahúsið. Af túnakorti frá 1905 að dæma hafa traðirnar verið breiðari en aðrir vegir á svæðinu og fremur rúmar miðað við það sem gengur og gerist

með traðir, líklega allt að 6-8 m breiðar.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Túnakort 1918; Túnakort 1905; Túnakort 1888; Ö-Ólafsdalur a, 3

DA-198:013 heimild um kvíar 372459 549578
Samkvæmt túnakortum frá 1905 og 1918 voru kvíar út við vesturmörk túnsins, norðan við vesturenda traðanna 012. Þær sjást ekki á korti frá 1888 og hafa því verið reistar eftir það. Kvíarnar sjást einnig á ljósmynd frá því um 1900. Þar sést að þær hafa verið hlaðnar úr torfi og grjóti og hafa haft sérstakan suðurgafl en ekki verið samhlaðnar traðarendanum.
Túnendi, vegur er sunnan við og sveigir svo í norður - það er heimkeyrslan.
Kvíarnar eru horfnar, enda var þessi hluti túnsins sléttaður upp úr 1970. Þó eru grænkulínur í túni aðeins ofan við staðinn en virðast ívið of ofarlega til að stemma við túnakortin. Staðsetning kvíanna er áhugaverð, enda hafa þær blasað við öllum sem komu heim að Ólafsdal. Þær hafa af kortum að dæma verið um 10 x 5 m stórar frá N-S og snúið með op í norðurátt.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Túnakort 1918; Túnakort 1905; Ljósmynd JG77

DA-198:014 heimild um skemmu 372464 549553
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús, þar merkt skemma, út við vesturmörk túnsins, um 20 m sunnan við kvíarnar (013) og fast sunnan við vesturenda traðanna 012. Hús er sömuleiðis á þessum stað á korti frá 1905, en ekki hefur það skilgreint hlutverk þar. Þetta hús mun einnig hafa gegnt hlutverki hesthúss. Húsið er nú horfið, en það er eitt þeirra mannvirkja sem var sléttað í tún um 1970. Tún. Húsið sést vel á ljósmynd sem tekin var um 1900. Það var hlaðið í grunninn úr torfi og grjóti en hafði timburstafna sem sneru í austur og vestur. Nú sjást engar mannvirkjaleifar á þessum stað en þar er nú grjóthrúga og möl í sverði.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Túnakort 1918; Túnakort 1905; Ljósmynd JG77

DA-198:015 mannvirki hjallur 372537 549513



Óljós grunnur undan hjalli 015 sést hér vinstra megin og neðan við miðja mynd. Horft í norður.

Samkvæmt túnakorti frá 1905 stóð hús rétt vestan við gamla skólahúsið 005. Þetta mun hafa verið þurrkhjallur. Talið er að hann hafi verið reistur fyrir 1899 en rifinn 1963. Hann sést á ljósmynd sem er líklega frá því skömmu eftir 1900.
Snögggróinn hóll í túni. Þar er sina og heldur snögggrónara en umhverfið.
Hér vottar mjög óljóst fyrir grunni sem er alveg jarðlægur. Hann er fast upp við grunn gamla

skólahússins að vestan (innan við 1 m á milli) og er grunnurinn rúmlega 7 x 3 m stór frá norðri til suðurs. Aðeins örlar á grjóti í sverði á nokkrum stöðum en annars markast grunnurinn fyrst og fremst af gróðurbreytingum. Hjallurinn sést vel á ljósmynd af húsum í Ólafsdal sem tekin er úr suðvestri. Hann hefur verið vandað hús að því er virðist og snúið göflum í norður og suður, með inngang á norðurgafli. Uppdrátt af minjunum má finna á bls. 19.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Túnakort 1905; Ljósmynd JG71

DA-198:016 heimild um útihús 372519 549475
Hugsanlegar mannvirkjaleifar eru utan í brekkubrún um 7 m vestur af norðurenda hlöðunnar 006. Þótt nokkur mannvirki séu sýnd á svæðinu austan við á túnakortum virðist ekkert af þeim koma heim og saman við þetta. Ekki er vitað hvaða mannvirki stóð á þessum stað. Grasi gróin brekkubrún, bratt niður af til vesturs. Þetta er í túnjaðri. Dæld, greinilega manngerð undir 2 m háum bakka, vottar fyrir hleðslu að sunnan og vestan, dýpt um 0,4 m. Dældin er um 3 m löng og 1 m breið.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Túnakort 1918; Túnakort 1905

DA-198:017 vegur leið 372619 549093



Vegur 017, horft í norður.

Vegur sést liggja skáhallt upp holt um 15 m austan við grunn undan tóvinnuhúsi 063. Snögggróið fremur bratt holt. Vegurinn sést á rúmlega 20 m kafla ofan við tóvinnuhúsgrunninn og liggur hér um bil NV-SA. Hann liggur skáhallt upp holtið til NV. Vegurinn er að líkindum of mjór til að hafa verið vagnfær, varla nema 1 m á breidd víðast hvar og liggur upp í sneiðing. Hann sést best við mynni Vélalækjar - en þar virðist af ljósmynd að dæma sem vatn hafi verið leitt niður í stokk. Virðist hafa verið hlaðið undir hann þar og svo sjást dálitllar leifar af hlöðnum kanti neðar í brekkunni en allt er þetta þó vel grasi gróið. Þegar komið er upp á holtið sjást kindagötur í framhaldinu, bæði í N og NA. Sennilega hefur þessi vegur mætt kerruvegi 007, sem liggur á þessum slóðum rúmum 50 m norðaustar, þótt ekki hafi þessi vegur verið jafnmikið mannvirki. Líklegt er að hér hafi verið gengið og mögulega farið með hesta en hafi menn farið með hestvagna að tóvinnuhúsi má geta þess til að fært hafi verið um Ólafsdalseyrar, enda eru þær flatar og harðlendar og að mestu hindranalausar. Þar mótar þó ekki fyrir vegi. Þess má geta að ull var flutt víða að úr nágrenninu til vinnslu í tóvinnuhúsi.
Hættumat: engin hætta

DA-198:018 *Traðarvöllr* örnefni traðir 372688 549282
Samkvæmt túnakorti frá 1888 nefndist einn hluti túnsins Traðarvöllr [svo]. Traðarvöllur er túnið kringum löngu útihústóftina, sjá 009. Hann er um 250 m suður af skólahúsinu.
Óslegið tún. Hér er örnefnið eitt til vitnis og ekki vitað hvaða tröð er kennt við. Ekki er ósennilegt að það hafi verið gerði eða nátthagi, líkt og í túninu Steintröð, sem er norðan við tröðina heim að bæ og er kennt við gerði, líkt nátthaga, sem þar var (sjá 043) . Engar slíkar minjar eru sýnilegar í túninu. Þó má geta þess að óglöggt mótar fyrir signu garðlagi í túninu sem eingöngu sést á loftmynd, sjá 047.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1888

DA-198:019 tóft óþekkt 372693 549324
Samkvæmt túnakortum frá 1882-83, 1884 og 1888 var aflöng tóft sunnarlega í túni, fast norðan við útihús 009. Ekkert mannvirki er sýnt á þessum stað á yngri kortum, frá 1905 og 1918.
Í túnjaðri.



Hleðslur 019, horft í suðaustur. Sjá einnig uppdrátt á bls. 18.

Nokkuð skýr ummerki sjást, veggjarbrot og hleðslur, en erfitt að segja til um hlutverk þessa mannvirkis, enda myndar það ekki heila tóft eða órofa heild. Það sem nú sést eru í meginatriðum fjórar algrónar veggjarhleðslur, misgreinilegar, sem liggja norður-suður á svæði sem er alls um 28 x 12 m stórt frá N-S. Norðvestast á svæðinu er stór jarðfastur steinn og uppvið hann austanverðan er ein af þessum hleðslum, sú stæðilegasta og sú sem helst væri hægt að bendla við að vera úr húsi. Hugsanlegt er að hér hafi verið kálgarður, eða gæti verið að séu hér leifar af byggingu sem hefur mikið verið raskað. Þess má geta að á ljósmynd sem er talin frá því um 1900 sjást aðeins mjög óverulegar þústir á þessu svæði.Uppdráttur af hleðslunum er á bls. 25.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Túnakort 1882-83; Túnakort 1888; Túnakort 1884; Ljósmynd JG80


DA-198:020 *Vörðuleiti* varða óþekkt 372171 549554
Í örnefnaskrá segir: "Innan við þá mýri [Byrgismýri (044)] tekur við hæð, sem heitir Vörðuleiti, þar er og var gömul varða. Þaðan sést heim að bæ [001] þar nokkuð innar." Vörðuleiti er á milli kvísla úr Lambadalsánni, nokkuð hátt uppi í hlíð, heldur norðar en gegnt skólahúsi og um 360



Varða á Vörðuleiti 020, horft í norður.

m beint vestur af því. Þetta er beint neðanundir mynni Lambadals.
Greinilegt leiti eða smáhóll, sést þó illa frá skólahúsinu en einna helst neðan frá Eyrum. Varðan er lág, 0,7-0,8 m, úr stórum og ávölum hnullungum sem eru skófum vaxnir. Hún er rúmur metri í þvermál. Mjög hæpið er að leið hafi legið þarna um, enda talsvert hátt uppi í skriðunni, og ekki hefur varðan verið eyktarmark heiman frá bæ. Hlutverk hennar telst því óljóst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 1

DA-198:021 heimild um útihús 372841 549445
Samkvæmt túnakorti frá 1888 var tóft austarlega í túni - beint neðan eða vestan við Torfnátthaga 120. Hún er horfin á yngstu túnakortunum, frá 1905 og 1918, og hefur væntanlega verið sléttað yfir hana. Svæði með beðasléttum 033 - þó eru þær ekki vel sýnilegar syðst á svæðinu, þar sem tóftin var. Þar hafa þó verið beðasléttur, enda sjást þær á ljósmynd sem tekin var ofan úr Neðri-Skál 1905. Öll ummerki um tóftina eru horfin og hefur hún væntanlega verið jafnað við jörðu þegar beðaslétturnar voru gerðar. Nokkrar grænar þúfur eru á svæðinu þar sem það hefur líkast til staðið. Væntanlega hefur þetta mannvirki, sem líklega hefur verið útihús, verið reist og í notkun fyrir tíma búnaðarskólans, enda er það fallið í tóft þegar á elstu kortum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1888; Túnakort 1884; Túnakort 1905; Túnakort 1918; Ljósmynd JG80
DA-198:022 þúst tún 372828 549549



Beðasléttur eru í þríhyrndu stykki norðan við Torfnátthaga 120. Þetta er beint ofan eða austan við bæjarhól 001 - næst honum er þó aðskilið stykki og svo skurður á milli 138, grafinn frá Lindinni 040

Ágætis tún í smáhalla mót vestri. Beðasléttur í stykkinu eru 6 talsins og snúa niður brekkuna, frá austri til vesturs. Þær ná yfir svæði sem er alls um 90 x 47 m stórt frá austri til vesturs Þær eru mislangar, lengsta er syðst (rúmir 90 m) en þær styttast upp í "þríhyrnuna" til norðurs og sú stysta þar nyrst er um 37 m. Breidd sléttnanna er 5-6 m og þær eru lítið kúptar en þó þannig að það sést. Þrjár eru nyrst, svo er óbunguð spilda í miðjunni, á breidd við tvær beðasléttur og þvínæst koma 3 til viðbótar. Ekki er ljóst hvernig á að skýra spilduna í miðjunni eða hvers vegna hún hefur ekki verið bungumynduð en líklega hafa verið reyndar þar aðrar sléttunaraðferðir (sáðslétta?). Beðasléttur þessar sjást vel á mynd sem tekin er ofan úr Neðri-Skál 1905 og er þar búið að heyja og raka seman í dryli. Vegur 095 hefur legið fast sunnan við syðstu sléttuna, meðfram henni og upp yfir bæjarhól 001. Ekki mótar fyrir veginum nú.
Hættumat: engin hætta

DA-198:023 tóft hesthús 372618 549266



Horft ofan í hlöðu við útihús 023 til norðurs.

Hesthús var vestast í túni, beint niður af löngu tóftinni 009. Hesthúsið er sýnt á túnakorti frá 1918 en ekki á eldri kortum frá 1884, 1888 og 1905. Líklega er það því reist á árunum 1905-1918 en hugsanlega ekki teiknað á eldri kortum þar sem það er á mörkum túns eða hugsanlega skammt utan við. Hús sést á þessum stað á ljósmynd sem líkast til er tekin um 1900 en ekki kemur það vel heim og saman við tóftina, enda einfalt og reisulegt. Það gæti verið hlaðan ein og sér. Tóft er á þessum stað, 260-270 m suður af skólahúsi, alveg í vesturjaðri túns.

Óslegið tún. Brattur bakki er niður af húsinu til vesturs, allt niður á eyrarnar við Ólafsdalsá.

Tóftin er alls 16 x 7,5 m stór frá norðri til suðurs. Hún skiptist í djúpa hlöðutóft, sem er nyrst og tvískipta lágreista, útihúsatóft sunnan við sem snýr með dyr í suður á báðum hólfum. Má segja að hlöðutóftin sé óvenju vegleg miðað við umfang hinna tóftanna. Hún er grjóthlaðin að innan úr misstóru, púðursprengdu eða tilhoggnu grjóti og sumstaðar límt á milli steina með steypu. Hún er ferköntuð og innanmálið er 7 x 2-3 m frá norðri til



suðurs, dýptin hátt í 2 m. Vesturveggurinn stendur mjög vel en austurveggurinn er hruninn inn að hluta. Í húsunum örlar á grjóti í veggjum en þeir eru annars að mestu grónir. Húsin eru

ekkert niðurgrafin. Ekki er greinilegt hvar var gengið inn í hlöðuna en vestara húsið nær alveg inn á brún hennar og hugsanlegt að þar hafi verið stigi niður. Smájárnaleifar sjást í húsum og vitað er að þau voru í notkun í búskapartíð ábúenda sem tóku við eftir að Torfi og hans fólk voru farin. Smálægð í vesturvegg hlöðu nyrst en þó ósennilegt að hey hafi verið sett inn þar, enda er það frammi á brattri brún. Garður 066 liggur niður brekkuna sunnan og vestan við húsið en vagnvegur 007 er fast ofan og austan við húsið, nánast á brún þess. Þess ber að geta að á kortinu frá 1918 er líkt og húsið standi inni á afgirtum bletti, jafnvel kálgarði, en ekkert vottar fyrir því nú. Sennilega táknar afmörkunin girðingu úr staurum og vír sem sést ágætlega á áðurnefndri ljósmynd.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Túnakort 1918; Ljósmynd JG80

DA-198:024 mannvirki 372750 550002
Handgrafinn skurður er ofan eða austan við Stekk 027, sem er nyrsti nátthaginn í Ólafsdal.
Grasi gróin brekka, nokkuð grýtt með stórum hnullungum.
Skurðurinn liggur skáhallt niður aflíðandi brekku frá NNA-SSV og er neðst næstum meðfram austurhlið nátthagans. Hann hefur sennilega átt að leiða vatn úr hlíðinni niður meðfram suðurhlið nátthagans, jafnvel allt niður í Flóðveituna 060. Skurðurinn er samansiginn en allt að tæpir 50 m á lengd, mest um 0,5 m breiður. Hann fjarar út að norðanverðu.
Hættumat: engin hætta

DA-198:025 gerði kálgarður 372582 549332



Kálgarður er við vesturmörk túns rúma 200 m suður af skólahúsi. Hann er sýndur á túnakorti frá 1905 en ekki á eldri kortum og heldur ekki á korti frá 1918. Ekki er þó víst að það sé marktækt, enda virðist misjafnt hvernig teiknarar túlka vesturbrún túnsins og hvaða mannvirki eru sýnd þar.
Grösugt tún og óslegið, snarbrattur bakki fram af.
Garðurinn er rétt tæplega 35 m langur, breiðastur nyrst, allt að 14 m en mjókkar til suðurs og er þar um 7 m á breidd. Hlaðið er meðfram garðinum að norðan, austan og sunnan en að vestanverðu er snarbrött brún niður á eyrarnar við Ólafsdalsá, eins og áður segir. Garðinum hallar mót suðvestri. Op virðist hafa verið á norðausturhorni. Hleðslur eru að mestu grónar en grillir í grjót á fáeinum stöðum. Ef staðið er

inni í garði ná hleðslur í austurhlið rúmum metra á hæð en ljóst að garðurinn hefur verið grafinn inn í bakka - hæð meiri að innan en utan. Ekki vottar fyrir beðum inni í garðinum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1905


DA-198:026 garðlag túngarður 372487 549842
Rúmlega 20 m vestan við Goðastein 035, í túni, er mjög lágt og lítið áberandi garðlag. Þetta gæti verið garður sem um er getið í skýrslu um tólfta starfsár skólans 1891-92: "Hlaðinn túngarður úr torfi fyrir Skildi, 70 faðma langur, 5880 teningsfet." Í það minnsta er enginn annar garður augljós fyrir Skildi.



Í túni eða jaðri túns sem ber nöfnin Efri- og Neðri-Skjöldur (sjá 041).
Garðlagið er mjög lágt, einungis 0,1-0,2 m, og lítið um sig. Það liggur frá norðri til suðurs og hægt að rekja það á alls um 30-40 m kafla en það fjarar út til beggja átta. Af túnakorti frá 1905 að dæma gæti garðlagið hafa verið á mörkum ræktaðs lands á Skildi og svæðis sem er litað dekkra á kortinu og

gæti hafa verði órækt. Þetta fæst staðfest þegar horft er á ljósmynd sem tekin er ofan úr Neðri-Skál 1905 - þar virðist greinilegt garðlag á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1905; Ljósmynd JG77; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, 178

DA-198:027 *Stekkur* gerði nátthagi 372696 549998
Í örnefnalýsingu eftir Samúel Eggertsson segir: "Inn með Gilsfirði liggur Ólafsdalshlíð innri áfram að Kleifalandamerkjum. Þar er yzt Stekkjarhyrna 418 m og niður frá henni Stekkur innst á Skildi og Stekkjarbreiður." Í lýsingu eftir Ara Gíslason segir: "... upp undir fjalli fyrir neðan Stekkjarhyrnu, er Stekkur, þar eru nokkrir nátthagar hlaðnir úr grjóti af Torfa." Einn nátthagi er undir Stekkjarhyrnu, uppi á hæð við mynni dalsins að austanverðu, 430 m norðaustur af skólahúsinu. Hann samanstendur af stóru, ferköntuðu gerði, millivegg sem þó nær ekki alveg þvert yfir tóftina og tveimur tóftum. Auk þess er þar eldri rústabunga (029) gerði (108) og



sambyggt gerði (028) að suðvestanverðu og því greinilegt að honum hefur verið valinn staður þar sem áður höfðu verið mannvirki. Ekki er ósennilegt að þetta sé nátthagi sem hafið var að hlaða þegar við upphaf skólans 1880: "Nátthagi rúmlega 3 dagsláttur að stærð var girtur með 25 föðmum af torfgarði, 50 föðmum af einhlöðnum grjótgarði og að öðru leyti með járnvírsgirðingu. Einnig var honum skipt í tvennt með vírgirðingu." Nátthaginn er rétt tæpir 10000 fermetrar að stærð og stærstur allra nátthaga í Ólafsdal - gæti því hafa talist rétt um þrjár dagsláttur miðað við að dagsláttan í þessu tilviki sé rúmir 3000 fermetrar (þótt stundum teljist hún stærri).
Gróinn háls við mynni dalsins.



Stekkur 027, horft í norður. Undir honum sjást eldri garðhleðslur og tóftir, sjá 108 og 029.

Alls er nátthaginn sjálfur rúmlega 115 x 90 m stór og snýr austur-vestur, í grasi vaxinni þurri brekku sem hallar dálítið mót vestri. Hann er hlaðinn úr grjóti að mestu (austurhluti norðurveggjar þó torfhlaðinn, einnig suðurhluti vesturveggjar) og hleðslur býsna stæðilegar þótt þær séu grófar og grjótinu hafi að mestu verið hrúgað upp og víðast á bilinu 0,5-0,8 m háar. Hleðsluhæð er þó mest allt að 1,5 m austast á norðurhlið. Öll horn hans eru því sem næst 90° og þrjár hliðar þráðbeinar en vesturhliðin eilítið sveigð út á við. Hlaðinn veggur gengur inn í nátthagann frá innanverðum austurvegg miðjum, alls rúmlega 60 m langur, og skiptir þannig eystri helmingi hans í tvennt en hólfin eru þó bæði opin til vesturs og ekki ljóst hvort þar hefur verið girt yfir frá norðri til suðurs. Við vesturenda garðsins er hrúga af hleðslugrjóti og gæti það bent til að hann hafi átt að verða lengri. Í suðausturhorni nyrðra hólfsins, sem garðurinn myndar, er tóft A samhlaðin og snýr með op í norðurátt, líklega kvíar eða kró til mjalta. Græn veggjarbunga er við suðurenda vesturveggja, hugsanlega leifar eða aðkenning að hólfi. Önnur slík tóft, B, er sambyggð innanverðum norðurvegg nátthagans og snýr frá austri til vesturs, opin í vesturátt. Báðar þessar tóftir eru u.þ.b. 15-16 x 5 m að stærð. Mætti giska á að þær hafi verið notaðar til skiptis til að dreifa áburði um ólíka hluta nátthagans. Ekkert op virðist á nátthaganum til vesturs en rekið hefur verið inn á norðurhlið nálægt miðju og eru leifar af girðingu þar í opinu. Sömuleiðis eru tvö op með skömmu millibili vestarlega á suðurhlið. Á mynd sem tekin var ofan úr fjalli sumarið 2017 vottar fyrir sléttum inni í báðum hólfunum austan til í nátthaganum. Þær virðast eins og rásir milli e.k. beða sem þó eru ekki upphækkuð - nær því að vera teigar. Ef til vill hafa þetta verið sáðsléttur - svipað sést á Gullkinn, sem er syðsti hluti túnsins.



Stekkur 027 hægra megin á mynd, horft til vesturs ofan úr fjalli. Hér má óljóst sjá votta fyrir rásum í suðurhluta nátthaga, vinstra megin við millihleðsluna.

Til er uppdráttur af nátthaganum sem fylgir túnakorti frá 1918. Lögun

hans er í aðalatriðum óbreytt síðan þá en þar er þó einungis tóft B sýnd innan veggja en hvorki tóft A né milliveggur. Ekki er ósennilegt að það séu seinni tíma viðbætur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 2; Ö-Ólafsdalur b, 3; Játvarður Jökull Júíusson 1986, bls. 157

DA-198:028 gerði tún 372625 549970
Ferkantað gerði með beðasléttum er sambyggt utanverðum nátthaga 027 að suðvestanverðu. Grösug hæð við mynni Ólafsdals að austan.
Gerðið er ferhyrnt, alls um 35 m langt á hvorn veg. Garðlög, grjót- og torfhlaðin eru með öllum hliðum, en op hefur verið að vestanverðu syðst. Vesturhlið nátthaga þjónar sem austurveggur. Innan garðsins eru einar sjö beðasléttur sem liggja frá NA-SV og fylgja halla brekkunnar. Þær fylla út í gerðið og er hver um sig um 5 m breið. Uppdrátt af staðnum má finna á bls. 36.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1887

DA-198:029 þúst óþekkt 372658 550024
Rústabunga er inni í nátthaga 027, sennilega leifar af mannvirki sem er eldra en hann.
Slétt er og grösugt innan nátthaga. Þústin er iðagræn, allt að 30 x 15 m stór frá norðri til suðurs og rís um 0,3 m yfir yfirborð. Hún snýr norður-suður en ekkert sérstakt lag er á henni og líklegt að mannvirkið hafi verið sigið og jafnvel jafnað við jörðu þegar nátthaginn var gerður. Uppdrátt af staðnum má finna á bls. 36.
Hættumat: engin hætta

DA-198:030 þúst tún 372754 549476



Beðasléttur eru fast suðaustan við bæjarhól 001.
Mjög lítið hallandi tún mót vestri. Beðin eru allgreinileg, fremur lág (0,3 m) en þó dálítið kúpt


í þversniði og greinilegar rásir á milli. Alls sjást 4 beðasléttur á svæði sem er um 60 x 20 m stórt frá austri til vesturs. Beðin sjást vel á mynd sem tekin var ofan úr Neðri-Skál 1905 og virðast ekki hafa verið fleiri.
Hættumat: engin hætta

DA-198:031 *Grjótnátthagi* gerði nátthagi 373014 545317
"Innan við Orustuhlíð er nátthagi, sem heitir Grjótnátthagi, hlaðinn af Torfa [Bjarnasyni]," segir



Grjótnátthagi í forgrunni, mynd tekin ofan úr fjalli. Horft í VSV.

í örnefnalýsingu. Í bók Játvarðar Jökuls Júlíussonar er sagt frá nátthaga sem byrjað var að hlaða við upphaf skólans 1880 og gæti það verið þessi nátthagi: "Við annan nátthaga [en 027] gjörðu piltar 16 faðma af tvíhlöðnum grjótgarði. Allt grjót færðu piltar að um leið." Grjótnátthaginn er um 280 SSA við bæjarhólinn í Ólafsdal, á Kúahjalla. Nátthaginn er, eins og nafnið bendir til, grjóthlaðinn og sést vel víða að.
Nátthaginn er á grasgefnum hjalla í hlíðinni (Bæjarhlíð), sem væntanlega er Kvíahjalli (032). Landi hallar til VSV.
Nátthaginn er 110 x 82 m stór og snýr SSA-NNV. Hann er alveg hlaðinn úr grjóti, víðast nokkuð stórum grjóthnullungum og sjást 2-3 umför af hleðslu. Garðurinn er að jafnaði um 0,8 m hár og er nú algróinn. Op eru á öllum hliðum hans. Í suðausturhorni nátthagans er hlaðið garðlag sem markar af langt og mjótt hólf innan hans sem opið er til norðurs (eða NNA). Hugsanlega hafa verið kvíar á þessum stað. Umrædd hleðsla er úr torfi, mest 1 m á hæð en 1,4 m á breidd. Hólfið er 2,5-3 x 20 stórt og er aðeins stungið inn í brekkuna að ofanverðu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 1; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, 158



DA-198:032 *Kvíahjalli* örnefni kvíar 372980 549299
"Túnið: [...] Lindarvöllur upp af 2 [Miðvöllur]. Grjótnátthagi [031] á Kvíahjalla. Bæjarhlíð frá Kvíarhjalla (svo), ofan túnsins," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá segir: "Þá er enn til suðurs Torfanátthaginn [055] fyrrnefndi og framan við hann og neðan Grjótnátthaginn [031], sem einnig er nefndur fyrr og Kvíahjalli." Kvíahjalli er 200-300 m SSA við bæjarhólinn 001 í Ólafsdal. Ekki er nú vitað hvaða kvíum Kvíahjalli dregur nafn af. Grjótnátthagi 031 er á Kvíahjalla og má vera að eldri kvíum hafi verið rutt út þegar hann var gerður. Eins og um er getið í umfjöllun um Grjótnátthaga hefur hólf verið hlaðið við suðausturhorn hans og má vera að þar hafi verið kvíar. Að lokum má nefna að ógreinileg þúst var skráð niður undan Kvíahjalla og er einnig hugsanlegt að hún sé af kvíum en hún er þó í halla og deiglendi þannig að ekki getur hún talist dæmigerð kvíatóft og var því skráð undir sérstöku númeri (sjá 127). Ekki fundust aðrar minjar á eða við Kvíahjallann.
Grasgefinn hjalli í hlíðinni (Bæjarhlíð). Landi hallar til ASA.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur b, 1; Ö-Ólafsdalur a, 3

DA-198:033 þúst tún 372838 549451
Beðasléttur eru í túni tæpa 270 m SA við skólahús, fast vestan við nátthaga 120. Lindin 040 er norðvestast á svæðinu.
Ferhyrnt svæði sem afmarkast að austanverðu af nátthaganum en af garðlögum að sunnan og vestan. Tiltölulega slétt stykki í smáhalla mót vestri.
Alls sjást fjórar beðasléttur á svæðinu og liggja allar VSV-ANA og eru mest allt að 50 m langar - liggja alveg frá nátthaganum í austri en fjara heldur út til vesturs. Slétturnar ná alls yfir svæði sem er um 55 x 25 m stórt. Syðsti hluti svæðisins er auður nú og engar sléttur að sjá þar en þar var áður tóft 021 sem sýnd er á túnakortum. Á þessu svæði hafa þó verið beðasléttur þótt þær séu lítt sýnilegar í dag, enda sjást þær á ljósmynd sem tekin er ofan úr Neðri-Skál um 1905 og virðast þar alls 10 talsins. Syðsta sléttan sem nú er sýnileg sker sig úr, minnir á veg, er ekki



kúpt en rís þó heldur hærra en hinar sem eru kúptari og dæmigerðari. Ástæða þess að beðasléttur sjást ekki syðst á svæðinu er sú að þar var gerður kálgarður á 20. öld, eftir að búnaðarskólinn var aflagður.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ljósmynd JG80

DA-198:034 mannvirki tún 371813 549927 Greinilegar beðasléttur eru innan túns 144 á Ólafsdalseyrum tæpa 900 m VNV við bæjarhólinn í Ólafsdal 001 og 100 m norðvestan við þjóðveg. Beðaslétturnar eru norðan við lækjarsprænu sem á upptök sín á Eyrunum og rennur þar vestur til sjávar. Grónar en fremur snögglendar áreyrar. Talsverð sina er á svæðinu nú en það er deiglent á kafla. Uppspretta er í túninu sunnan beðasléttanna og einnig norðan þeirra. Í



gegnum svæðið, norðan við miðju gengur skurður. Hann gengur frá fjörunni í um 50 m, beygir

þá 90¨og liggur í um 40 m til suðurs, þvert á beðaslétturnar og beygir þar aftur lítillega til suðausturs og liggur í 40 m áður en hann fjarar út. Skurðurinn er að öllum líkindum vélgrafinn og yngri en beðaslétturnar.
Beðaslétturnar ná yfir svæði sem er um 170 x 125 m stórt og snýr norður-suður. Beðaslétturnar eru lágar og ávalar. Hvert beð er um 6 m á breidd. Slétturnar liggja frá fjöruborðinu og upp í tún en enda nálega þar sem raflína liggur yfir svæðið. Ólíklegt virðist þó að raflínulögnin hafi skemmt beðaslétturnar og líklega hafa þær aldrei náð lengra til austurs. Gróflega áætlað eru allt að 25 beð á þessum stað.
Hættumat: engin hætta

DA-198:035 *Goðasteinn* náttúrumin 372509 549825



Goðasteinn 035, horft í austur.


"Goðasteinn á Skildi; á að hafa staðið í hofi Ólafs belgs," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá segir: "Inn af Steintröð liggur svo mýrarstykki inn undir Gildrunes [046] og heitir Mýrarskjöldur. Við hann heitir Neðri-Skjöldur, en hann er tún, og í honum miðjum er stór steinn, sem heitir Goðasteinn." Goðasteinn er 280 m beint norður af skólahúsinu.
Steinninn er í túni fast norðan við Neðri-Skjöld þar sem er mikið af beðasléttum. Hann sést vel frá skólahúsinu. Goðasteinn er áberandi, stakstæður steinn sem sker sig mjög úr á þessum slóðum. Hann er nokkuð toppmyndaður, skófum vaxinn og um mannhæðarhár þar sem mest er. Greinilegt er að kindur leita oft skjóls við hann, enda er traðkað í kring og stígar liggja að honum víðs vegar að.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ólafsdalur b, 1; Ö-Ólafsdalur a, 3

DA-198:036 tóft óþekkt 371869 549886



Tóft 036, horft í norðaustur.



Tvískipt tóft, nokkuð sigin, er á Ólafsdalseyrum, innan túns 144. Tóftin er um 840 m VNV við bæjarhólinn í Ólafsdal og tæpum 100 m norðan við þjóðveg.
Grónar en fremur snögglendar og sléttlendar áreyrar. Talsverð sina er á svæðinu nú (2017). Mikil raflína gengur yfir eyrina um 30 m vestan við tóftina.
Tóftin er sigin og virðist vera eldri en en svo að hún tilheyri tíð búnaðarskólans í Ólafsdal. Hún er 17 x 6,5 m stór og snýr h.u.b. austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólf. Það vestara er opið til vesturs og er 8 x 4 m að innanmáli og snýr eins og tóftin austur-vestur. Inn af því er annað hólf minna, 4 x 2,5 m að stærð og snýr það þvert á það fyrrnefnda. Op er frá innra hólfinu og yfir í það ytra en ekki eru önnur op á því. Veggir tóftarinnar eru algrónir og um 0,3 m á hæð. Svo virðist sem tóftin hafi örlítið skemmst nærri norðvesturhorni þar sem suður-langveggur endar mjög snögglega til vesturs en ekki til móts vesturenda norðurveggjar sem nær lengra til vesturs. Að öðru leyti virðist tóftin óröskuð. Ekki er vitað hvaða tilgangi hún gengdi en lag hennar og fjarlægð frá bæ bendir helst til að hún hafi verið fjárhús. Hugsanlega er það annað hinna gömlu fjárhúsa á Eyrunum sem getið er um í skýrslu um Ólafsdalsskóla 1887, en í henni segir: "Tvö

fjárhús á Ólafsdalseyrum, gömul, sem rúma 110 fjár."
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, 224



Orrustuholt 037. Undir því til vinstri sést í mikið mógrafasvæði (042). Horft í austur.

DA-198:037 *Orustuholt* þúst 373131 548934



Möguleg hleðsla eða grjótstallur (B) á Orrustuholti 037. Horft til austurs inn í Hvarfsdal.

"Fyrir ofan Bæjarhlíðina er Neðriskál og Efriskál. Sunnnan við 16 [Neðriskál] (n.-s.) er Litlihjalli og sunnan hans Orustuhlíð, neðan hennar Orustuholt og Orustuflói. Umsögn týnd," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Niður af hjallanum og jafnlöng honum er brött hlíð, sem heitir Orustuhlíð, og niður undan henni er holt, sem heitir Orustuholt, þar undir eru miklar mógrafir [052] frá Torfa, og þar niður af er túnrenningur, sem nær næstum því heim að túni og heitir Móhústún [053]. Þá er Orustuflói, sem liggur framan frá og heim undir tún."

Orustuholt er áberandi stakt og kúpt holt, bert og blásið rúma 800 m SSA af skólahúsinu, þar sem land tekur að sveigja inn í Hvarfsdal. Eins og kemur fram eru engar sagnir þekktar um Orustuholt og ekki vitað hvernig á örnefninu stendur en hér er það skráð vegna ógreinilegra mannvistarleifa á nokkrum stöðum - og ekki síður út af örnefninu, enda ekki útilokað að það tengist mannabeinafundum einvherntíma á fyrri öldum.
Blásið malarholt, gott útsýni fram dalinn. Tveir staðir voru skráðir á holtinu og gætu verið manngerðir að einhverju leyti. Annað er dæld á háholtinu (hér nefnd A), um 0,5 m djúp og hringlaga, um 2 m í þvermál. Tveir jarðfastir steinar eru á austurbarmi hennar og austan við þá stakur klettur og þer tekið að halla niður af holtinu. Þar austan undir, um 7 m, er mögulega hlaðinn grjótstallur (B) um 2 m langur og sléttur að ofan en hverfur þar undir sand og möl, snýr NV-SA. Aðeins austurhlið hans er greinileg, eitt umfar af hleðslu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur b,1; Ö-Ólafsdalur a, 2

DA-198:038 *Draugaskot* örnefni draugur 374619 548478
"Í dalnum [Hvarfsdal] eru þrír fossar, sem allir heita Hvarfsdalsfossar. Austasti fossinn fellur niður í Draugaskot, sem mun draga nafn af því, að þar kemst aldrei sól að. Vestan við Skotið



Horft inn í Hvarfsdal til austurs. Ef vel er að gáð má sjá klettastandana sjö hér um bil fyrir miðju.

eru sjö klettastallar, hver upp af öðrum, sem kallaðir eru Draugasæti, og er sú sögn um, að draugar hafi verið settir niður í Skotið og þeir geri sér það svo til skemmtunar að tylla sér í sætin," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Meðfram Hvarfsdalsá er svo dalur, sem heitir Hvarfsdalur. Fremst handan árinnar heitir Draugaskot, alveg frammi í drögum, klettastandar mynda það." Ekki er vitað um fleiri draugasögur tengdar staðnum en heyrst hefur sú skýring á örnefninu að bergstandarnir í gilinu hafi verið kallaðir "draugar" sem

jarðfræðifyrirbæri án þess að það vísaði til afturgangna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur b, 1; Ö-Ólafsdalur a, 2

DA-198:039 *Holtahlíð* þúst býli 370132 549466
"Í heimalandi, á Holtahlíð, sjást í einum stað girðingar og rústir nokkrar. Hvert þar hafi nokkurn tíma býli verið vita menn ekki. Þar hleypur skriða nálægt, og sýnist í hættu. Kann ekki að byggjast," segir í Jarðabók Árna og Páls. Rústir á þessum slóðum virðast óþekktar í dag, en Holtahlíð er út með Gilsfirði vestan við mynni Ólafsdals, nálægt merkjum móti Stórholti. Sá staður sem kemur helst til greina er dálítið undirlendi rétt innan eða austan við merkin um 2,4 km vestur af bæ, en þar er greinileg hlein sem gengur í sjó fram til norðausturs - á merkjum.



Undirlendið sem gengið var um, horft inn Gilsfjörð til austurs.

Þokkalegt undirlendi er næst sjó, neðan vegar að mestu, nær alveg þurrt nú en virðist áður hafa verði mýrlent (líklega þurrkast upp vegna vegarins). Þar liggur nú raflína frá austri til vesturs og vegirnn er ofan til. Gengið var um svæðið sem er 3-400 m langt og 100 m breitt. Engar greinilegar tóftir sáust eða garðlög en nálægt miðbiki svæðisins rennur útgrafinn lækur undir veginn. Þar fast austan við, 8-10 m neðan eða norðan við veg. Þar er óljós og útflött þústabunga með smádæld í miðju, um 10 x 5 m stór frá austri til vesturs (mælt frá skurðinum). Grænka er í henni í miðju en ekkert grjót sýnilegt og engar líklegar dyr. Óvíst er hvort þetta eru mannvistarleifar en líklegasti staðurinn sem fannst á Holtahlíð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:JÁM VI, 175


DA-198:040 *Lind* lind vatnsból 372795 549462

"Þá er Miðvöllur, sem er stærsti völlur túnsins milli Háavallar og Rústarvallar, og að lokum efst upp af Miðvelli er Lindarvöllur, þeir eru aðskildir af skurði. Í Lindarvelli er Lind sem myndar bæjarlækinn" segir í örnefnaskrá. Lindarvöllur er kenndur við Lindina, sem var aðalvatnsbólið í Ólafsdal. Lindin er í ofarlega í túni, um 250 m ASA af skólahúsinu. Þaðan var vatni veitt í skurði 064 niður í mjólkurhús 048. Hún er fast við norðausturhornið á Neðri-Torfanátthaga. Smádæld í túni, ekki þó mjög djúp, en hallar að henni úr austri og suðri.



Lindin 040, horft til vesturs. Greinilega má sjá skurðinn sem leiðir vatn frá henni í átt að fjósi og bæ.

Pollur eða lind sem er fremur íbjúg í laginu, liggur frá suðri til norðvesturs og vesturs, um 11 x 5 m stór. Bakkarnir hafa væntanlega verið lagaðir til, stungið úr þeim, og Lindin grafin út til þótt ekki sé það mjög áberandi nú. Skurður liggur frá henni niður til vesturs (sjá 064) og þaðan til norðurs í átt að skóla- og mjólkurhúsi en einnig liggur skurður frá henni beint til norðurs



Hér sést Lindin (ljósblá) fyrir miðju hægra megin og skurður úr henni sem liggur heim undir fjós og bæ. Hleypt var í skurðinn sem liggur frá henni til norðurs (158) þegar hún var hreinsuð.

(158), sem líkast til hefur verið hleypt í þegar Lindin var hreinsuð. Allnokkurt vatn rennur úr lindinni til vesturs þegar þetta er ritað en þó ekki að sjá mikið uppstreymi í botni, sem er þakinn leðju. Dýpi nú er 30-40 cm.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 3-4

DA-198:041 *Neðri-Skjöldur* þúst tún 372559 549794




Efri- og Neðri-Skjöldur sjást hér, aðskildir með skurði. Horft til norðurs. Norðan við Neðri-Skjöld sést lítill depill sem er Goðasteinn 035.

"Inn af Steintröð [042] liggur svo mýrarstykki inn undir Gildrunes [046] og heitir Mýrarskjöldur. Við hann heitir Neðri-Skjöldur, en hann er tún, og í honum miðjum er stór steinn, sem heitir Goðasteinn [035]," segir í örnefnaskrá. Neðri- og Efri-Skjöldur nefnast tún norður af bæ, einkum suður og austur af Goðastein 035. Þar eru miklar beðasléttur.


Óslegið tún í smáhall mót vestri. Slétturnar eru í tveimur samhliða röðum og skilur skurður sem liggur frá norðri til suðurs raðirnar að. Báðar raðirnar liggja norður-suður og er svæðið alls um 170 x 90 m stórt. Slétturnar liggja allar frá austri til vesturs. Þær eru mislangar, stystar þær sem eru nyrst og syðst en lengstar um miðbikið, allt að rúmir 40 m. Skurðurinn sem hefur verið grafinn milli raðanna tveggja er mjög greinilegur en uppgróinn og grunnur. Ekki voru allar sléttur mældar nákvæmlega upp en svæðið mælt af loftmynd. Í skýrslu Bjarna Guðmundssonar og Ragnhildar Helgu Jónsdóttur um ræktunarminjar í Ólafsdal, þar sem valdar beðasléttur voru mældar nákvæmlega, segir: "Neðan við mýrina Mýrarhorn er Skjaldartún sem skiptist í Efri- og Neðri Skjöld. Á milli þeirra er renna sem tekur við vatni sem rennur af víðfeðmum beðasléttum sem liggja til beggja handa, en þær standast ekki á og eru misbreiðar. Breidd beðanna var mæld hjá beygju þeirri sem er á þessari rennu (punktur 34). Á Efri-Skildi er breidd beða sem mæld voru 5,7 m, 4,9 m og 5,2 m. Á Neðri-Skildi eru rennur milli beðanna dýpri og beðin því hærri en á Efri-Skildi. Beðin sem mæld voru á Neðri-Skildi voru 7,4 m, 4,3 m og 4,7 m á breidd. Um 25 m sunnan við áðurnefnda beygju liggur læna til vesturs úr rennunni sem skilur Skildina tvo (punktur 35). Svo virðist sem vatn úr þessari rennu hafi verið leitt í lænuna, og þannig komið af svæðinu, niður í flóann Mýrarskjöld sem er neðan við Neðri-Skjöld."

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 3; Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson 2016, bls. 7

DA-198:042 tóft hesthús 372505 549587



Á eldri túnakortum, frá 1888 og fyrr, eru sýnd tvö útihús í túni sem nefndist Steintröð, norðan við bæ. Þar var gerði (043) og tvö útihús, það sem hér er skráð og 074 - sem er nær horfið. Af útihúsinu sem hér um ræðir sjást óljósar leifar, aðeins um 10 m suðaustan við minnismerkið um hjónin Torfa og Guðlaugu. Hús þetta virðist hafa staðið lengur en hitt, enda er það sýnt á yngri túnakortum, t.d. 1905 og árið 1918 er það merkt sem hesthús. Það sést á ljósmynd frá því skömmu eftir 1900 og hefur sýnilega verið úr torfi og grjóti. Gróið tún. Óljóst vottar fyrir grunni tóftar á þessum stað, í framhaldi af óljósum vegi 073. Hún er um 10 x 5 m stór NNV-SSA og tvískipt. Virðast hafa verið dyr á báðum hólfum til vesturs en ekki sést augljós tenging á milli hólfa. Tóftin er alveg sigin og rís vart meira en 0,1-0,2 m yfir yfirborð. Ekkert grjót sést í veggjum.



Minnismerkið af Torfa og Guðlaugu sést hér fyrir miðri mynd, leifar af tóft 042 eru beint sunnan við það. Við skurðinn eru beðasléttur 008.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1884; Túnakort 1888; Túnakort 1905; Túnakort 1918; Ljósmynd JG77

DA-198:043 *Steintröð* heimild um traðir 372490 549587
"Þá er næst norðan við Tröðina [013] stykki, sem heitir Steintröð, er bæði beð og slétt, og smálækur rennur ofan við það," segir í örnefnaskrá. Heitið Steintröð er sýnt á elstu túnakortum, frá 1884 og 1888. Það er nafn á túninu sem er fast norðan við traðirnar heim að skólahúsi 012. Í túni þessu er nú minnismerkið um Torfa og Guðlaugu. Á fyrrnefndum túnakortum sést gerði í túninu sem það hefur líklega dregið nafn sitt af og áföst því hafa verið tvö útihús, 042 og 074. Óljósar leifar sjást af því fyrrnefnda.
Í túninu, sem hallar að mestu leyti til vesturs og norðvesturs, sést nú móta fyrir beðasléttum, sjá 075. Ekkert sést hins vegar móta fyrir sjálfu gerðinu og sennilegt að það hafi verið látið víkja í tíð Torfa en beðasléttur komið í staðinn. Gerðið sést ekki á ljósmynd frá því um 1900
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 3; Túnakort 1884; Túnakort 1888; Ljósmynd JG77

DA-198:044 *Byrgismýri* tóft 370682 549450



Byrgi 044, horft í norður.

"Niður af Lambadalshyrnu er Grenishjalli og út frá honum Vörðuleiti [022] og Byrgismýri," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Innan við skriðuna [Merkjaskriðu] er mýri, sem heitir Byrgismýri, talsvert stórt stykki." Steinadalsvegur liggur eftir hlíðinni á þessum slóðum en við vettvangsgöngur fannst byrgi á þessum slóðum, um 2 km vestur frá bæ og 80 m sunnan við veginn. Grasi vaxinn og nokkuð brött hlíð. Mikið af grjóti er víða í hlíðinni. Sjálf tóftin er í miklum halla. Raflína liggur eftir hlíðinni skammt neðan við tóftina og er tóftin beint ofan við einn staurinn í röðinni. Tóftin er grjóthlaðin, einföld og ekki er op á henni. Hún er um 3 x 2 m stór að utanmáli og snýr NNA-SSV. Veggir byrgisins eru um 0,3 m á hæð en 0,8 m á breidd. Ekki er ljóst hvort byrgið hefur verið smalabyrgi eða mögulega skotbyrgi en töluvert útsýni er til allra átta frá staðnum, m.a. yfir brundir og mýrar til vesturs.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ólafsdalur b,1; Ö-Ólafsdalur a, 1

DA-198:045 heimild um fjárhús 371836 550011



Fjárhústæði á Ólafsdalseyrum, horft út Gilsfjörð..

Inn á túnakort af Ólafsdal frá 1918 er teiknað hús á Ólafsdalseyrum. Húsið hefur verið um 900 m norðvestan við bæjarhólinn í Ólafsdal og um 200 m norðan við þjóðveg.
Grónar og ræktaðar áreyrar, fremur sléttlendar. Mikil raflína gengur yfir svæðið austarlega. Til vesturs frá svæðinu ganga uppsprettur fram og renna niður í fjöru.
Engin ummerki sjást nú um húsið en svæðið þar sem það hefur staðið er fagurgrænt og sker sig úr umhverfinu. Á miðju svæðinu er svolítið af bárujárnsrusli, yfirgrónu. Það svæði þar sem gróður er ræktarmeiri og ætla má að húsið hafi staðið er samtals 50 x 20 m stórt og snýr austur-vestur.Húsið sést óljóst á ljósmynd sem tekin var yfir Ólafsdal 1905 og af ljósmyndinni að dæma hefur húsið verið mjög stórt og undir mænisþaki. Líklega er það umrætt fjárhús sem lýst er í greinargerð Ragnhildar Helgu Jónsdóttur og Bjarna Guðmundssonar Ræktunarminjar í Ólafsdal en þar segir: "Þegar tvíbýlt var í Ólafsdal eftir tíma Torfa voru þessi fjárhús á Eyrunum, sem Torfi reisti, aðalfjárhúsin enda stærri en þau sem hitt búið notaði upp á Háavelli." Samkvæmt lýsingu sem höfð er eftir Guðmundi Rögnvaldssyni (vísað í bréf frá Arnari Guðmundssyni) voru í húsunum "fjórar krær með jötum í miðjunni og fjórar dyr inn í sjálft fjárhúsið, ein fyrir hverjar tvær krær. Kindur í hverri kró gátu gengið hálfhring kringum sína jötu. Fjárhúsdyrnar sneru til norð-norðvesturs. Áföst hlaða til suðurs með fjórum opum út í jöturnar. Hliðar fjárhúsanna voru úr torfi og grjóti beggja vegna en svo timburveggir með hurðunum fjórum á og skúrþak yfir. Ferst vatn seitlaði undir áreyrunum og framan af var brotið ofan af uppsprettunni og vatn borið inn í húsið. Seinna meir var handdælu komið fyrir í skúr við fjárhúsin, þannig að hægt væri að dæla vatninu inn í húsin"
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918; Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson, 13; Ljósmynd JG77


DA-198:046 *Gildrunes* örnefni refagildra 372358 549907
"Niður frá túninu, innan ár, er Gildrunes og Gildruneslækur," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Þá er eftir svæðið næst bæ. Neðst við ána og eyrarnar er nes, sem heitir Gildrunes. Það er blautlent." Ekki tókst að staðsetja Gildrunes nákvæmlega en það hlýtur, af lýsingum að dæma, að hafa verið fremur skammt frá bæ við Ólafsdalsá, líklega þar sem tveir

lækir koma saman neðan við hlíðina en ofan við veginn heim að Ólafsdal. Samkvæmt því væri "nesið" mjög lítið og deiglent og ekki þesslegt að líklegt sé að refagildra hafi verið þar áður. Hugsanlegt er að þar hafi ekki verið gildra heldur sé nafnið dregið að því að svæðið hafi þótt erfitt yfirferðar sökum deiglendis og jafnvel hætta búin skepnum.
Svæðið er nú grasivaxið og er nesið enn mjög deiglent en ofar er grasi gróin brekka.
Heimildir:Ö-Ólafsdalur b,2; Ö-Ólafsdalur a, 3

DA-198:047 garðlag túngarður 372676 549277



Á loftmynd sem tekin var úr flygildi sumarið 2016 mótar fyrir upphækkun eða garðlagi til vesturs niður tún, beint vestur af miðri útihústóft 009. Þetta er um 280 metra suður af skólahúsi. Á elstu túnakortum sem til eru af Ólafsdal, frá 1884 og 1888, sést að mörk túns voru þá á þessum stað. Að líkindum er þetta því gamall túngarður.
Grösugt tún, óslegið.
Á loftmyndinni vottar greinilega fyrir mannvirki niður allt túnið, líklega á um 80 m löngum kafla. Það virðist þó breitt og útflatt. Ef staðið er í túninu sést aðeins mjög óveruleg




upphækkun, um 5 m breið. Á ljósmynd frá því um 1900 er ekkert að sjá á þessum slóðum og hefur þá verið sléttað úr mannvirkinu. Garðurinn virðist af loftmynd að dæma hafa legið í sveig milli útihúsa 009 og hesthúss 023 og kemur vel heim og saman við túnakortin - en þá hafði hús 023 reyndar ekki verið reist.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1888; Túnakort 1884; Ljósmynd JG80

DA-198:048 mannvirki 372551 549531
Veggir húss, sem ýmist var kallað Mjólkurhús, Lækjarhús eða Þvottahús, eru enn uppistandandi fast austan við skólahúsið í Ólafsdal, beint sunnan við smiðjuleifar 003. Húsið er talið reist 1888-89 en það sést þó ekki á túnakorti frá 1905. Ekki er ljóst hvernig á því stendur. Í húsinu voru þvottahús, sorphús þar sem sorpi var brennt og mjólkurhús. Auk þess voru kamrar undir norðurgafli hússins en ekki sér nú móta fyrir þeim.




Mynd tekin inni í Vatnshúsi 048 til austurs. Teikningin að neðan er frá Gullinsniði.

Á hlaðinu austan við skólahús.
Nokkuð hefur verið gert við húsið á síðustu árum, veggir styrktir með sementi o.s.frv. - þetta sést vel á norðurgafli og kringum dyr og glugga sumstaðar. Þá er steyptur kantur ofan á veggjunum sem ná allt að rúmlega 2 m hæð. Alls er húsið alls um 9 x 6 m stórt frá norðri til suðurs og skiptist í meginatriðum í tvennt. Í austurhlutanum mun hafa verið mjólkurhús en í vesturhluta sorphús (norðar) og þvottahús (sunnar). Kamrar munu hafa verið við norðurenda hússins og sjást vel á ljósmynd frá því um 1900 en ekki mótar fyrir þeim nú. Veggir eru hlaðnir úr grjóti sem sýnilega hefur verið sprengt og hugsanlega tilhöggvið. Vel tilhöggvið er grjót kringum dyr og glugga en sumt er grófhlaðið og talsvert treyst á steypuna og smærra grjóti troðið upp í glufur. Hleðslur eru jafnari og fallegri að utan en innan. Í austurhluta rennur vatn inn í húsið úr bæjarlæknum 064 og er sú vatnsveita enn í fullu gildi og rennur vatn gegnum húsið - mun farvegurinn hafa verið hreinsaður reglulega. Tveir gluggar eru á austurhlið



hússins, líkt og sjá má á ljósmynd frá því um 1900. Tvennar dyr eru á millivegg í húsinu og tengja þannig austur- og vesturhluta. Austurhluti hefur skipst í tvennt með þunnum þvervegg. Í nyrðri parti austurhluta er steypt þró upp við austurgafl og tengist líklega kælingu mjólkur eða mjólkurvinnslu. Gólfið í austurparti er aðeins lægra en í vestur, hefur þó fyllst upp af mold og drullu. Vesturpartur er einn geymur, steypt plata sunnan til en ekki norðan megin, þar er gólf lægra. Dyr á NA-horni og líka dyr á sunnarlega á v-gafli aðalinngangurinn. Stór og aflangur gluggi er á suðurhlið. Múrsteinshleðsla er í suðvesturhorni hússins, leifar af eldstæði sem væntanlega hefur tengst þvorrum, um 1 x 1 m í grunninn og sjást hleðsluleifar upp með veggjum. Líka leifar af múrsteinshleðslu norðar í sama hólfi, 40 x 40 sm að grunnflatarmáli og gæti hafa verið skorsteinn. Til er uppmæling af húsaleifunum frá 1986 sem fylgir þessari lýsingu.
Hættumat: hætta, vegna byggingar

DA-198:049 garðlag óþekkt 372913 548844



Móhústún og nágrenni. Garðlagið er sýnt sunnan við tóftina. Rautt táknar upphlaðinn veg, grænt hleðslur, blátt skurði og mógrafir. Sunnan við Móhústún eru hleðslur 062 og 122.

Garðlag hefur verið hlaðið á eyrum Ólafsdalsár neðan eða suðvestan við gerðið sem afmarkar svæði í kringum Móhús (sjá 053 og 121). Gerðið er um 550 m sunnan við bæjarhól Ólafsdals og fast norðaustan við eina af kvíslum Ólafsdalsár. Garðurinn er án efa frá tíð búnaðarskólans í Ólafsdal. Gerðið er á grónum áreyrum. Greinilegt er að áin hefur einhvern tíma gengið yfir svæðið og eru árkvíslar, nú uppgrónar, víða á svæðinu.
Gerðið er byggt upp við bratt barð að norðan en ofan á umræddu barði eru Móhús og gerði umhverfis þau. Gerðið sem skráð er undir þessu númeri mætti mögulega túlka sem viðbót við umrætt gerði en stendur, sem fyrr segir talsvert lægra enda myndar barðið norðurhlið þess.



Hluti af gerði 049, horft til suðausturs.

Aðrar hliðar eru grjóthlaðnar og er svæðið samtals um 140 x 40 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Mörk gerðisins að sunnan hafa ráðist að kvísl Ólafsdalsár sem þar rennur og er garðlagið víðast hvar alveg á bökkum hennar. Grjótgarðurinn er hlaðinn úr miðlungsgrjóti, er víða tæplega 1 m á breidd en 0,3 m á hæð. Hann er mosavaxinn og talsvert hruninn á köflum.


Hættumat: engin hætta

DA-198:050 *Stekkjarhvolf* tóft stekkur 373689 548554



Rétt 050 í Stekkjarhvolfi, horft í SSA.

"Bæjarmegin við Hvarfsdalsá er Fremrahvolf, og þar næst neðar er Stekkjarhvolf," segir í örnefnaskrá. Tóft er í Stekkjahvolfi. Þetta er þar sem sveigja tekur inn í Hvarfsdal, norðan megin við Hvarfsdalsá, rúmlega 1,5 km suðaustur af skólahúsinu. Hvolfið er gróin hvilft sem gengur inn í hlíðina til norðurs. Réttin er hlaðin á g´roinni áreyri suðvestan undir háum og grösugum bakka. Kvísl úr ánni eru m 15 m suðvestur af. Einföld og grjóthlaðin rétt sem hlaðin er á fjórar hliðar, nærri ferhyrnd en þó er austurhlið



bogadregin og bæði SA- og SV-horn rúnnuð. Stærð rúmlega 10 x 10 m. Hún er hlaðin úr smáu grjóti að suðvestan, þ.e. á þeirri hlið sem snýr að ánni, en stærr grjót er í hinum hliðunum. Hleðslur standa vel, allt að 0,6 m. Líklegast er að rekið hafi verið inn að suðaustan, meðfram bakkanum, en þó sést ekki augljóst op. Réttin virðist ekki mjög gömul og gæti verið frá tímum búnaðarskólans - eða litlu eldri. Ekkert vottar fyrir fleiri hólfum og eldri byggingarstig ekki sýnileg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 2

DA-198:051 gerði tún 371884 550017
Tún er á Ólafsdalseyrum, um 770 m VNV við bæjarhólinn í Ólafsdal 001, fast neðan (norðvestan) við þjóðveg. Samkvæmt heimildum voru fjárhús á þessum slóðum fyrir tíð Torfa í Ólafsdal og samkvæmt grein sem birtist í Eimreiðinni árið 1919 um Jón Bjarnason alþingismann sem bjó í Ólafsdal á undan Torfa mætti ætla að hann hafi a.m.k. hafið hleðslu garða niður ár Eyrunum en í greininni er Jón sagður hafa byggt"girðingar niðri á svo nefndum Eyrum og byrjaði að rækta þar tún." Hugsanlegt er að þarna hafi ræktun hafist upphaflega í nátthaga. Sléttuð áreyri. Innan garðs hafa verið ræktuð tún og gerðar miklar beðasléttur (sjá 034). Voldug raflína liggur yfir eyrina.

Garðlög marka af túnið sem er samtals 230 x 250 m stórt. Það hefur líklega verið sjöhyrnt og er að stóru leyti heillegt. Það er teiknað inn á túnakort frá 1918. Garðar umhverfis eru hlaðnir úr árbörðu grjóti að stóru leyti ef frá er talin sú hlið sem liggur upp að sjó og er torfhlaðin. Garðurinn er víða 1,2-1,6 m breiður og 0,6-0,7 m hár en þó nær hann á köflum allt að 1,2 m hæð. Girðingarstaurar og gaddavír eru í eða við garðinn á nokkrum stöðum. Garðurinn stendur víða vel en á köflum er rof í hann með reglulegu millibili og er þá garðtoppurinn "gáróttur". Suður og austurhliðar eru alveg heilar. Austurhluti norðurhliðar er einnig heillegur en vesturhluti sömu hliðar útmáður á kafla og virðist einfaldlega hafa verið rutt út.





Garðlag um tún á Ólafsdalseyrum, horft í austur.

Suðausturhorn garðsins liggur í boga fyrir litla lækjarsytru sem þar rennur til sjávar og hverfur svo á kafla (sjálfsagt vegna vatnsrofs) meðfram sjónum en þar má þó greina að garðurinn hefur legið áfram til norðurs. Þegar norðar dregur verður garðurinn greinilegri . Á þessum kafla (við sjóinn eru girðingarleifar eftir öllum garðinum. Þessi kafli er torfhlaðinn en aðrar hliðar að mestu úr grjóti. Í framhaldi af túngarðinum liggur garðlag til norðurs úr norðvesturhorni (merkt B). Líklega hefur þessi hluti átt að marka af viðbót við túnið. Umrætt garðlag er úr torfi og er óverulegra en stærstur hluti túngarðsins. Girðingaleifar eru á garðinum og sjálfur er hann ekki verulegri en svo að hann gæti einfaldlega verið hlaðinn undir girðingu eða uppsöfnun upp að girðingu. Um 40 m frá horni er 2 m op á garðinum. Hann er 0,8 m á breidd en 0,3 m á hð. Innan túnsins eru margvíslegar minjar sem skráðar eru undir nokkrum númerum. Fyst ber að


nefna mjög umfangsmiklar beðasléttur (sjá 034). Búfjárhús er merkt inn á túnakort frá 1918 (sjá 045) norðvestarlega í túni, ekki fjarri norðurhlið garðsins sem markar af svæðið. Húsið virðist hafa staðið á því svæði sem mest er umturnað á Eyrunum, þar sem túngarði hefur alveg verið rutt út og sömu sögu er væntanlega að segja um leifar hússins. Sigintóft, sennilega fjárhús, eru sunnan við mitt túnið (sjá 036) og þúst var einnig skráð í því norðarlega, austan við mitt tún (sjá 124). Lítil tóft er byggð við norðausturvegg túngarðsins (sjá 143) og að auki er talsvert um skurði og rennur í túninu sem voru annars vegar skráðar með beðaslétttum og hins vegar undir einu númer (sjá 144).
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918; Ljósmynd JG80, Eimreiðin 1919, 96

DA-198:052 náma mógrafir 372967 548920



Mógrafir 052 undir Orustuholti, horft í norðvestur.

"Niður af hjallanum og jafnlöng honum er brött hlíð, sem heitir Orustuhlíð, og niður undan henni er holt, sem heitir Orustuholt, þar undir eru miklar mógrafir frá Torfa, og þar niður af er túnrenningur, sem nær næstum því heim að túni og heitir Móhústún," segir í örnefnaskrá. Mörk deiliskipulagssvæðis til suðurs eru nánast við brún mógrafasvæðis. Sunnan undir holtinu sem Vélalækur 054 liggur utan í, tæpa 500 m suður af skólahúsi, er mómýri og þar er gríðarstórt mógrafasvæði sem nær út undir Orrustuholt. Í skýrslunni Ræktunarminjar í Ólafsdal segir: "Í skólaskýrslum frá árunum 1880-1905 eru sum árin tilgreint hversu mikið hafi verið skorið af mó eða hversu mörg dagsverk fóru í þá vinnu ár hvert. Fyrstu árin þegar dagsverk voru tilgreind fóru á bilinu 42-58 dagsverk í móskurð. Á starfsárinu 1886-1887 voru skorin 10.000 teningsfet af blautum mó, sem gerði 4800 teningsfet af þurrum mó. Níunda starfsárið fóru 102 dagsverk í




Mógrafasvæði 052 er hér sýnt með bláum lit. Suðurbrún þess er mun skýrari að jafnaði en norðurbrúnin. Hleðslur eru sýndar grænar, skurðir bláir og vegir rauðir. Sunnan við mógrafasvæðið er Móhústún 053 afgirt og í því tóft.

móskurð, þurrkun og samantekt hans. Magnið var 1450 kerruhlöss, hvert um 10 teningsfet. Eftir því sem á leið minnkaði það magn sem var skorið á hverju ári. Starfsárið 1891-1892 voru skorin 350 kerruhlöss af þurrum mó, 300 kerruhlöss árið eftir og 220-260 kerruhlöss árin þar á eftir (JJJ 1986). Það er ljóst að heildarrúmmál þess mós sem skorinn var, hefur verið mikið og stór svæði hafa verið tekin undir, jafnvel þótt hægt hafi verið að taka nokkrar stungur niður á sumum svæðunum." Sundurgrafin mómýri sem nær á milli tveggja stórra holta og allt frá fjallsrótum og niður á bakkann ofan við Ólafsdalsá.

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 440 x 100-210 m (snýr VNV-ASA) og samanstendur af ótal mörgum gröfum sem hafa verið teknar hver ofan í aðra á mismunandi tímabilum. Víða eru mörk grafanna skýr en ekki er þó alveg ljóst hvar þær hafa endað til austurs og norðausturs, næst fjallshlíðinni. Víða eru grafirnar mjög reglulegar og stór hluti þeirra er enn blautur. Nyrst eða norðvestast á svæðinu, skammt sunnan við Vélaskurð 054, eru mjög greinilegar og reglulega skornar mógrafir (b á korti), allt að rúmlega 1 m djúpar. Kantar greinilegir. Stör vex í botni, mýrin er vel gróin og renna víða í henni lækir. Sunnar taka við stakar grafir í bland við stærri svæði. Sumar grafirnar eru grónar en flestar þeirra eru enn fullar af vatni. Sunnan undir Orrustuholti eru aftur flennistórar grafir (um 80 m á kant).Í skólabókinni kemur fram að sjöunda kennsluárið í Ólafsdal, þ.e. 1886-87, var skorinn brennslumór, alls 10.000 teningsfet "...af blautum mó sem dugði til eldsneytis fyrir árið. Urðu það hér um bil 4.800 teningsfet af þurrum mó, eða yfir 1000 tunnur." Ekki er ósennilegt að það hafi að stórum hluta komið af þessu mýrarsvæði þótt mógrafir finnist einnig innar í dalnum, sbr. 134.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 2; Játvarður Jökull Júlíusson, bls. 169; Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson, 16.



Nyrsti hluti mógrafasvæðis 052 sést hér í forgrunni. Yfir það liggur upphlaðinn kerruvegur (007) í átt að Móhústúni 053 sem sést efst fyrir miðri mynd. Horft til suðurs.

DA-198:053 *Móhústún* tóft 372920 548895
"Niður af hjallanum og jafnlöng honum er brött hlíð, sem heitir Orustuhlíð, og niður undan henni er holt, sem heitir Orustuholt, þar undir eru miklar mógrafir [052] frá Torfa, og þar niður af er túnrenningur, sem nær næstum því heim að túni og heitir Móhústún," segir í örnefnaskrá. Í Fræðslustíg um Ólafsdal kemur eftirfarandi fram: "Þetta er Móhústúnið sem var slegið og síðan breiddur á það mór til þurrkunar úr miklum mógröfum í Orrustuflóa. Tóftirnar eru af Móhúsinu sem Torfi reisti. Þar var mórinn geymdur og sóttur á sleða á veturnar eftir þörfum til kyndingar." Stór tóft er í Móhústúni. Tóftin er um 630 m sunnan við bæjarhólinn í Ólafsdal en 160 m vestan við Orrustuhól. Húsin eru á barði upp af áreyrum við Hvarfdalsá. Sunnan við taka við áreyrar en til norður er flennistórar mógrafir (sjá 052).
Tóftin er 17,5 x 9 m stór, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á miðjum norðvesturgafli. Innanmál húsanna er 13 x 3 m. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir en grónir og mest 1 m á hæð. Veggirnir eru nú mjög breiðir eða allt að 2-3 m þar sem mest er. Mest sjást 3-4 umför af hleðslu í norðvesturgafli. Frá norðausturhorni gengur umfangslítill hryggur eða garður 7-8 m til norðurs. Um 10 m norðvestan við tóftina er niðurgröftur, um 1 m á kant og 0,3 m á dýpt. Niðurgröfturinn er reglulegur og virðist ekki ýkja gamall. Tóftin sjálf er afar óvenjuleg af "mókofa" af vera en skýrist umfang hennar sjálfsagt af því hve mógröfturinn í Orrustuflóa var umfangsmikill. Umhverfis húsið eru garðlög og skurðir, sjá 121 og 123.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 2, Fræðslustígur um Ólafsdal, 3

DA-198:054 *Vélalækur* mannvirki áveita 372615 549106
"Þar í Flóanum [Orustuflóanum (037) niður með Holtinu [Orustuholtinu] er lækur, sem nú heitir Vélalækur. Torfi veitti saman nokkru af Hvarfdalsánni og þessum læk til að drífa vélar sínar,

það er að segja tóvinnuvélar," segir í örnefnaskrá. Vélalækurinn er enn mjög greinilegur, utan eða sunnan túns og rúma 400 m suður af skólahúsinu í Ólafsdal. Lækurinn hefur runnið úr austri að tóvinnuhúsi 063. Farvegurinn er í þurru, grónu holti. Utan í brún þar sem holtið tekur að lækka niður til suðurs, að mómýri sem þar er.



Vélalækur 054, horft í austur.

Farvegurinn, sem er að öllu leyti manngerður, er enn alveg óskemmdur og sáralítið farinn að síga saman. Lækjum hefur verið veitt í þennan manngerða farveg úr mýrinni ofan við. Þetta er mikill skurður, heill og vel varðveittur, grasi vaxinn í botni og vatnslaus nú. Nokkur flái er á hliðum og þannig er skurðurinn mjóstur neðst en breikkar upp á við. Hann er allt að 1,5 m djúpur. Ekkert grjót sést í hliðum. Skurðurinn liggur hér um bil frá austri til vesturs. Norðurbakkinn er í raun brúnin á holtinu en að sunnanverðu hefur brúnin verið löguð heilmikið til og efni væntanlega verið mokað upp - líkt og þykk en snögggróin mön þar meðfram. Við efsta hluta skurðsins austan til hljóta að hafa verið mannvirki, uppistöðulón, stíflur o.fl. Ekki sjást augljós merki um þetta en þó virðist sem læk, sem nú rennur þarna, hafi verið beint að upptökum Vélalækjar - vottar fyrir fyrirhleðslu þar sem hann sveigir í vestur (en það er utan deiliskipulagsreits). Þarna rennur nú lækur í sveig til SV og V framhjá mynni skurðsins. Lækjarbotninn er nú um 2 m lægri en botn skurðsins, en miðað við þessa afstöðu má ætla að vatnsborð við upptökin hafi þurft að vera talsvert mikið hærra til að vatn næði að renna inn í skurðinn. Sáralítill halli er á skurðinum til vesturs, í átt að tóvinnuhúsgrunninum, og raunar virðist manni fremur að örlítill halli sé í hina áttina, til austurs. Ofan við tóvinnuhús kemur hins vegar skörp brún og þar endar skurðurinn - og vegur 017 liggur upp brekkuna. Á þessum slóðum hefur lækurinn runnið í stokki sem sést á ljósmynd frá því um 1900. Lækurinn birtist hins vegar aftur sem frárennsli frá húsinu 063 og er enn manngerður um sinn. Hann rennur í sveig nokkra metra til vesturs en sveigir svo í norðvestur og fjarar út á eyrunum nær Ólafsdalsá. Alls er skurðurinn hátt í 130 m langur. Efri hlutinn, sá sem rennur eftir holtinu, er um 70 m af heildarlengdinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 2; Ljósmynd JG80



DA-198:055 tóft útihús 372880 549463

Tóft er inni í nátthaga 120, tæpa 350 m ASA af skólahúsi. Tóftin sést á mynd sem tekin er ofan úr Neðri-Skál um 1905 og virðist þá ekki í notkun. Ekki er sýnt hús á þessum stað á neinu þeirra túnakort sem tiltæk eru frá Ólafsdal. Flest bendir því til að mannvirkið sé eldra en frá tíð búnaðarskólans, þó tæpast eldra en frá 19. öld. Það kemur á óvart að það hafi ekki verið sléttað út í tíð Torfa og búnaðarskólans. Hafi mannvirkið verið í notkun samtíða nátthaganum í einhvern tíma verður að telja líklegt að það hafi annaðhvort verið kvíar eða útihús sem nýta mátti áburð úr til að rækta upp í kring. Slétt valllendi en hallar svo upp í brekku ofan við. Aflöng, tvískipt tóft sem snýr nokkurn veginn austur-vestur, í smáhalla móti vestri, alls um 16 x 5 m stór. Dyr eru á vesturhólfi til vesturs en þverveggur um miðbik tóftar skiptir henni í tvennt, ekki



Tóft 055 inni í nátthaga 120, horft í vestur.

ólíklegt að hann sé seinni tíma verk. Tóftin er talsvert niðurgrafin, en hólfin ámóta djúp. Hleðsluhæð veggja er mest um 0,8 m, veggir algrónir og signir inn á við. Grónar þústir eru bæði á norðausturhorni hennar og sömuleðis skamt sunnan við suðurvegg.
Hættumat: engin hætta

DA-198:056 heimild um leið 373029 550816



Vegur 056, horft í austur.

"Innan við túnið eru hallandi mýrar, sem nefnast Stekkjarbreiðar [væntanlega kenndar við stekk undir Stekkjarhyrnu, sjá 027] og engjaspilda þar inn af við sjóinn Breiðeyri, af henni liggur svo vegur upp snarbratta hlíðina," segir í örnefnaskrá. Vegurinn hefur legið af Ólafsdalseyrum og til norðausturs með fram fjöruborðinu. Hann er þó greinilegur á 300-400 m kafla frá fjöru og upp að núverandi vegi og virðist svo hafa legið á sömu slóðum og núverandi vegur til austurs inn gilsfjörðinn. Þau ummerki sem sjást um veginn virðast ekki gömul, væntanlega er þetta gamall bílvegur og telst því e.t.v. strangt til tekið ekki til fornleifa. Vegurinn liggur í malarkambinum ofan við fjöru allt að Breiðeyri en þar beygir hann og liggur svo skáhallt upp bratta brekkuna. Lækjarsytrur renna niður hlíðina hér og þar, m.a. yfir veginn. Ruddur vegur. Kaflinn sem er greinilegastur og liggur upp hlíðina er um 320 m langur en sem fyrr segir má greina slóða rétt ofan við fjöru alla leið suður á Ólafsdalseyrar 600-650 m til viðbótar og þar liggur malarslóði í framhaldinu. Sá kafli sem liggur upp brekkuna er afar áberandi og er 4-6-7 m breiður, eins konar skorningur í brekkuna. Hann er ruddur og flatur í botninn, algróinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 2


DA-198:057 garðlag vörslugarður 372621 550042
"Innan við Stekkjarbreiðar er grjótgarður, og þar rétt innar er lækur, sem heitir Deild, en hlíðin heitir þarna Ólafsdalshlíð," segir í örnefnaskrá. Umræddur garður liggur frá norðvesturhorni Stekkjar 027 (sem er nátthagi), til vesturs (niður) brekkuna og hefur áður legið niður fyrir þjóðveg og beygt þar en ummerki hans á þeim kafla eru ógreinileg. Framhald garðsins er svo merkjanlegt ofan eða austan vegarins heim í Ólafsdal og endar þar um 300 m norðan við skólahúsið 067. Næst Stekk liggur garðurinn um grasi-, mosa og lyngivaxna hlíð en vesturhlið garðsins liggur í hlíðarkverk þar sem mætist hlíðin og mýrlent svæði ofan við veginn heim að Ólafsdal.

Norðurhlið garðsins (A) er um 260 m löng. Austurhluti þessa kafla er grjóthlaðinn og víða um 1-1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Girðingarstaurar og gaddavír sjást víða í og við garð. Neðarlega í hlíðinni er op og neðan þess (eða vestan þess) breytist garðurinn og er hlaðinn úr torfi. Þessi hluti er um 1,5 m á breidd en 0,6 m á hæð. Neðan við þjóðveg má greina ógreinilegan hrygg þar sem garðurinn hefur legið áður og beygt (B). Þessi hluti er 1,5-2 m á breidd en 0,8 m á hæð. Sunnan þjóðvegar má aftur greina garðinn þar sem hann liggur samsíða veginum heim í Ólafsdal á um 220 m kafla. Á þessum kafla er garðurinn að mestu grjóthlaðinn og talsvert stæðilegur, allt að 1,5 m á hæð þar sem mest er. Þegar komið er um 170 m til suðurs hefur þó verið breytt um byggingarefni og garðurinn eftir það úr torfi. Sá kafli er um 1,2-1,5 m breiður og 0,8 m á hæð. Torfhlutinn er um 50 m langur en þá liggur hann út á brekkubrún og hverfur. Garðarnir virðast hafa markað af svæði í námunda við Ólafsdal (þ.e. markað það svæði til norðurs og vesturs) þar sem mest af ræktunartilraunum fór fram.



Garðlag 057, horft í norður

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 2



DA-198:058 *Vigfúsína* varða 373244 550198
"Á Stekkjarhyrnu stendur varða sem nefnd var Vigfúsína eftir manni sem hlóð hana og hét Vigfús. Þetta skeði áður en ég [Rögnvaldur Guðmundsson] kom að Ólafsdal, en maður þessi var þarna á ferð," segir í örnefnaskrá. Ekki hefur verið farið upp á hyrnuna til að skoða vörðuna en það er lítill nabbi þar efst uppi, sýnilegur neðan úr dalnum, sem líkast til er varðan.
Hnit tekið af korti.
Heimildir:Ö-Ólafsdalur, 3

DA-198:059 *Stráksleiði* heimild um legstað 372580 549982
"Neðan við Stekkinn [027] er upphlaðin þústa rétt innst á Stekkjarmóum. Þarna er heygður hestur með öllum tygjum og heitir eftir honum Stráksleiði," segir í örnefnaskrá. Leiði er sýnt á korti sem hangir uppi í Ólafsdalsskóla og hefur það verið grafið niður í tóft 108b.
Grösugur mói. Væntanlega er tóftin það sem kallað er "upphlaðin þúst" í örnefnalýsingunni. Ekki mótar greinilega fyrir leiðinu og ekki ljóst hvar nákvæmlega það er.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 3

DA-198:060 *Flóðveita* garðlag áveita 372774 549643
"Þá er næst túni Flóðveita, og neðan hennar er Flóðveitugarður. Flóðveitan er mýri og garðurinn er hlaðinn í vinkil um hana," segir í örnefnaskrá. Flóðveitan er efst eða austast í túni, ofan eða við Skjöld 041en sunnan og suðvestan við Stekk 027. Þarna er raunar orðið mjög mýrlent og



Flóðveita 060, horft í austur. Leifar hennar eru helst áveitugarðar og –skurðir sem liggja út frá skurðinum sem liggur í stefnu austur-vestur. Sá er vélgrafinn. Neðst á myndinni eru beðasléttur í Skildi, sjá 041.

m.a. ljóst að torf eða mór hefur verið skorinn á svæðinu (sbr. 061). Líklega voru þessi

mannvirki gerð á árunum1885-86 en þá segir í skólabókinni: "Hlaðinn flóðgarður 112 faðma




Flóðveita 060. Garðlög eru sýnd með grænum en skurðir með bláum lit. Norðan við Flóðveituna er torfristusvæði 061.

langur, mestallur 3-31/2 fet á hæð og 6-8 feta þykkur. Aðrir flóðgarðar 90 faðma langir 11/1 – 2 fet á hæð og 3-4 fet á þykkt."vBlaut mýri en svæðið þornar eftir því sem vestar dregur.
Alls hefur flóðveitan náð yfir svæði sem er a.m.k. 250 x 130 m stórt N-S. Hluti flóðveitunnar sést enn en að hluta hefur hún verið grafin út með skurðum. Besta heimild okkar nú um flóðveituna eru gömul túna- eða engjakort úr Ólafsdal og gamlar loftmyndir, teknar áður en skurðir voru grafnir með stórvirkum vinnuvélum. Markmið með gerð flóðveitunnar virðist hafa verið að safna vatni úr lækjum sem renna ofan úr fjalli og niður á túnið, beisla vatnið og veita því yfir valda túnhluta eftir þörfum - eða bara veita því niður túnið á einum stað ef svo stóð á. Hún hefur samanstaðið af tveimur skurðum sem mynduðu vinkil eða mjög gleitt V austast og næst fjallsrótum til að beisla vatnið og síðan læk sem rann úr vinklinum í skurði til vesturs. Þar, aðeins um 15 m neðar, liggja tveir áveitugarðar út frá skurðinum sinn til hvorrar hliðar nokkurveginn samhliða skurðunum sem áður var lýst. Þessi mannvirki eru að mestu leyti sýnileg eins og þau er sýnd á uppdrætti af engjastykki í Ólafsdal 1887 en þó hefur skurðurinn sem liggur um miðbikið og þvert á hin mannvirkin verið grafinn út með stórvirkum vinnuvélum og í framhaldi af honum heljarinnar stór skurður niður túnið til norðurs og norðvesturs. Upphaflegi skurðurinn hefur horfið við það, en hann sést m.a.a á korti frá 1887. Garðlögin sem enn sjást eru eins og áveitugarðar, þ.e. hlaðin úr torfi að mestu, lág (0,3 m víðast) og ferköntuð í þversniði þar sem þau eru heillegust. Hugsanlegt er að hleðslur sunnar, sem hér hafa númerið 114, gætu tengst flóðveitunni.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 3; Uppdráttur af engjastykki í Ólafsdal 1887; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 167

DA-198:061 náma rista 372703 549838
Svæði þar sem mór hefur verið tekinn eða torf rist er svo að segja í Flóðveitu eða fast norðan við hana, við norðurenda nyrsta flóðveitugarðsins sem hefur átt að safna vatni ofan úr fjalli í rennu. Þetta er um 100 m sunnan við nátthaga (Stekk) 027. Blaut mýri. Alls er svæðið um 80 x 40 m stórt frá norðri til suðurs og stór, vélgrafinn skurður liggur gegnum það endilangt frá norðri til suðurs. Innan þess sjást fjölmargar skvompur eða för sem greinilega eru eftir ristu, með beinum köntum. Flestar þeirra eru ekki meira en 3-4 m í þvermál. Svæðið sést vel á korti og loftmynum hér að framan, við 060.
Hættumat: engin hætta

DA-198:062 hleðsla 372914 548822

Víða sjást grjóthrúgur á bökkum Hvarfsdalsár sem líklega hafa verið tíndar saman og átt að nota efnið í hleðslur - eða hreinsa til fyrir tún. Á þessu svæði voru nokkrar grjóthrúgur norðan við kvísl úr Hvarfsdalsá (sjá 122) en fleiri sunnan sömu kvíslar og eru allar þær síðarnefndu skráðar saman undir þessu númeri. Grjóthrúgurnar eru um 650 m sunnan við bæjarhólinn í Ólafsdal, á árbakka Hvarfsdalsár, um 140-150 m SSV við Móhús 053.



Grónar áreyrar. Kvísl rennur á milli 062 og 122.
Grjóthrúgurnar sunnan kvíslar eru skráðar saman undir þessu númeri en samtals eru sex hrúgur á þessum slóðum, á svæði sem er 90 x 10 m stórt og snýr VNV-ASA. Hér verður hverri hrúgu lýst lítillega og henni gefið númer til aðgreiningar.Líklegast hefur grjóti verið safnað saman á þessu svæði í þeim tilgangi að nýta það síðar sem byggingarefni en ekki orðið úr þeim framkvæmdum eða ekki þurft eins mikið grjót og talið var. Mögulegt er að grjótið hafi átt að nota í garð 049 sem er norðan kvíslar, skammt frá hrúgunum. Lýsingin hefst austast á svæðinu.Hrúga 01 er aflöng og snýr . Hún er um 1,5 m í þvermál stór snýr NNA-
SSV og er 0,3 m á hæð. Grjótið í henni er vaxið skófum og mosa. Hrúga 02 er um 15 m norðvestan við 01. Hún er um 2 m í þvermál og er lægri en 01 eða 0,1-0,2 m á hæð. Grjótið er mjög skófum vaxið og grunnurinn mosavaxin. Hrúga 03 er um 26 m VNV frá 02. Hún er 2,3 x 1,8 m að stærð en er aðeins grjótdreif og er óverulegri en bæði 01-02. Líklega hefur mest af því grjóti sem safnað var saman á þennan stað verið fjarlægt og aðeins neðsta röð eftir. Steinarnir sem eftir standa eru líka stærri en í hinum hrúgunum.
Hrúga 04 er um 8 vestan við 03. Hún er um 2,3 m í þvermál, þó aðeins lengri norðvestur-



Leifar af hrúgu 3, horft í VNV.

suðaustur heldur en á þverveginn. Um hana gildir það sama og 03 að líklega hafa flestir steinarnir sem þarna var safnað saman verið fjarlægðir og aðeins botngrjótið eftir, 0,1-0,2 m á hæð.
Hrúga 05 er um 6 m NNV við hrúgu 04. Hún hlaðin í halla og er verulegasta hrúgan sunnan kvíslar. Hún er lítt gróin en er 3 x 2 að stærð og er 0,6-0,7 m á hæð.



Hrúga 5, horft í VNV.

Hrúga 06 er um 23 VNV m frá 05. Hún er óveruleg og í raun bara grjótdreif en líklega hefur hrúga áður verið á þessum stað. Mest af grjótinu er á svæði sem er 2 x 2 m að stærð
Hættumat: engin hætta

DA-198:063 mannvirki 372597 549088
Enn er sýnilegur grunnur undan tóvinnuhúsi á eyrum nálægt Ólafsdalsá, um 440 m suður af skólahúsi. Það var reist árið 1898 en brann árið 1909. Um tóvinnuhúsið hefur m.a. verið ritað í bók Játvarðar Jökuls Júlíussonar um Ólafsdalsskóla. Þar segir m.a.: "Tóvinnuhúsið var





Grunnur tóvinnuhúss 063 og vélaleifar. Horft í vestur.

tveggja hæða hátt, 16 álna langt og 14 álna breitt. Steypt gólf var í því. 200 rúður voru í

gluggunum." Flatar áreyrar suðvestan undir þurru, háu holti. Staðsetningin án efa valin með tilliti til fallhæðar vatns sem hægt var að veita að húsinu, sbr. Vélaskurð 054. Holtið byrgir sýn heim að bæ. Ferkantaður grunnur, hlaðinn og steyptur, alls um 15 x 9 m stór frá norðri til suðurs. Á suðurenda stendur enn hlutar af vélbúnaði, tvö hjól og öxull á milli úr ryðguðu gæðajárni. Grunnurinn er hlaðinn úr grjóti neðan til og er það vel valið, tilhöggvið og fremur stórt. Steypt plata þar ofan á er farin að molna töluvert mikið. Norðaustast er eins og lægri stallur út úr grunninum og þar gengur lítið vik inn í grunninn nálægt norðausturhorni - þar var vatnshjólið sem knúði áfram vélarnar og sést ágætlega á ljósmyndinni frá því um 1900. Nyrsti hluti stalls hefur verið undir viðbyggingu. Vélalækurinn hefur fallið niður nál. NA-horni hússins og væntanlega verið leiddur þar í stokk undir eða yfir veg sem liggur skáhallt upp hlíðina (sjá 017) - svo mótar fyrir honum áfram undan húsinu nyrst til NV. Grunnur hússins er lágur sunnan til en hækkar til N og er þar allt að 0,8 m hár þar sem hjólið hefur verið. Vel er gróið yfir plötuna víðast hvar en lögun alveg greinileg. Á ljósmyndinni frá því um 1900 sést að húsið hefur verið hið veglegasta, tvílyft timburhús með fjölda glugga, í það minnsta á þeirri hlið sem snýr upp að holtinu til austurs. Ef rýnt er í myndina sést tréstokkur liggja milli Vélalækjar og húss. Ekki eru fleiri áberandi mannvirki í kring - þó smá fyrirhleðsla og litlir skurðir sunnan við húsið, sjá nr. 084-085. Auk þess áðurnefndur vegur í sneiðing upp holtið ofan við, sjá 017.

Í bók Játvarðar segir ennfremur um húsið: 1898: "Í ferðinni [til Danmerkur og Noregs] mun hann bæði hafa útvegað tóvinnuvélarnar, sem komu frá Þýskalandi, og timbrið í byggingarnar….Keypti í einu í 4 hús í Saurbæjarhreppi: Kirkjuna, verslunarhús Kaupfélags Saurbæinga við Salthólmavík, tóvinnuhúsið og íbúðarhús (skúr) við tóvinnuhúsið…..Tóvinnuvélarnar áttu að þjóna mörgum á stóru svæði. Var ekki að undra þó togstreitu gætti um hvar þær yrðu…" 132-133: "Bækistöð Tóvinnufélags Dalasýslu var því sett á stofn í Ólafsdal. Henni var valinn staður alveg niður við á, nærri suðausturhorni túnsins og því nokkuð frammi á dalum. Varla er að efa, að Torfi hefur verið búinn að sjá þann stað út, því vélarnar gengu fyrir vatnsafli, enda var það alveg höfuðatrið. Mun þar hafa verið notuð einhver besta tækni á því sviði, sem þá var tiltæk. Mun hafa verið virkjað minnst tveggja metra fall, þar sem ánni var veitt í stokki að vélarhúsinu og sá kraftur sneri vélunum. Enn gefur að líta grunninn. Einnig járnhlífina sem túrbínuhjólið snerist inni í. Sjálft er það á Byggðasafninu á Laugum í Sælingsdal.....Þessi framkvæmd spurðist víða og verkefnin streymdu að. Var sóst mikið eftir að koma ull þangað í vinnslu, einkum að fá hana kembda í lopa. Þar á meðal var aðsókn norðan frá Djúpi og utan frá Stykkishólmi og þar í grennd."

Hættumat: engin hætta


Heimildir:JG80; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 130-133

DA-198:064 mannvirki áveita 372555 549468



Bæjarlækur 064 rennur hér austan við fjós 004, horft í suður.

Bæjarlækurinn í Ólafsdal er manngerður. Honum er veitt í skurði úr Lind 040, sem er um 260 m SA af skólahúsinu (og ekki innan deiliskipulagssvæðiðs), fyrst til vesturs en síðan til norðurs að fjósi 004 og mjólkurhúsi 048. Fyrirkomulag bæjarlækjarins er sýnilega komið á árið 1884 og sýnt með þeim hætti sem enn er á túnakorti frá 1884. Hann sést ágætlega á ljósmyndum sem teknar voru skömmu eftir 1900. Um lækinn segir í bók Játvarðs Jökuls: "Eitt mannvirki í Ólafsdal lætur ekkert á sjá. Það er lækurinn sem Torfi bjó til, lét búa til, til að veita vatni alveg heim að bæ og peningshúsum. Honum er veitt úr læk uppi undir hlíð þannig, að hann þræðir vatnshalla eftir nær flatri leið langan veg eftir túninu. Leikur grunur á að einhvers staðar hafi jafnvel verið hækkað upp, færð til mold með hestarekum. Smásteinar hafa verið fluttir að til að þétta farveginn, gera hann hreinan og nánast óhagganlegan."
Gróskumikið tún en nú aðeins slegið að litlu leyti austan við skólahúsið.
Læknum er veitt úr lindinni og rennur þaðan beint niður túnið til vesturs í handgröfnum skurði, um 130 m en sveigir þá til NV og rennur um 160 m áfram heim undir fjósveggnum (sjá 004). Við fjósið rennur hann um heldur blautt svæði og þar lítur út eins og gerð hafi verið upphækkun, hlaðinn stallur eða garður sem bæjarlækurinn rennur bóksaflega ofan á, í rennu. Væntanlega hefur með þessu móti mátt stýra vatnshallanum betur, en hér er lítill halli til norðurs - í þá átt sem lækurinn rennur í. Hann rennur meðfram austurveggnum á fjósinu og mun hafa verið veitt inn í það þótt þess sjáist ekki augljós merki nú. Þvínæst rennur lækurinn inn í mjólkurhúsið að sunnanverðu, út um austurvegginn á því og rennur þar í hlykk til austurs og ekki alveg ljóst af hverju sá hlykkur stafar, nema það hafi verið auðveldara að veita honum þar undir veg sem liggur upp að gamla bæjarhólnum (sjá 095). Þá rennur hann til vesturs en svo



Hér sést hvernig bæjarlækurinn rennur úr Lindinni (bláskyggð austast) til vesturs og síðan norðurs.

til norðurs austan við beðasléttur 008 og hefur væntanlega runnið úr rásum milli þeirra út í farveginn ef blautt var. Skammt norðan við beðaslétturnar rennur lækurinn svo saman við annað skurðakerfi sem kemur ofan úr túnum norðan við stykki sem heita Mýrvöllur og Steintröð 043. Alls er skurður sá sem lækurinn rennur eftir rúmlega 560 m langur. Hann er víðast hvar heillegur, sumstaðar hlaðið undir vatnsrásina. Heim að þvottahúsi eru um 350 metrar en eftir það rennur lækurinn rúma 200 m til viðbótar áður en hann hverfur í annan skurð. Rennsli í honum er með ágætum og vatnið tært og gott. Þess má geta að fleiri skurðir hafa sameinast lækjarskurðinum á leið hans um túnið, t.a.m. liggja 2-3 skurðir í hann úr suðri skammt vestan við upptökum og virðist hafa verið ætlað að þurrka upp fremur blaut stykki. Ekki er ljóst hvaða áhrif þetta kann að hafa haft á vatnið úr Lindinni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1884; Ljósmyndir JG77 og JG80; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 255

DA-198:065 garðlag túngarður 372780 549212



Túngarður 065. Hér sjást fleiri minjar – langa tóftin er af útihúsum 009 og niður frá henni gengur óljóst garðlag við eldri túnmörk, sjá 047.

Garðlag er sunnan við tún, um 80 m suður af stóru útihúsatóftinni 009. Þetta garðlag er yngra en þau túnmörk sem eru sýnd á kortum 1884 og 1888 en hefur væntanlega verið reist síðar - eftir að túnið hafði verið fært út til suðurs í tíð Torfa. Garður þessi er utan við það tún sem Torfi nefndi "Gullkinn" og er á suðurmörkum túns eins og þau eru sýnd á kortum 1905 og 1918 að hluta. Þó ber að athuga að á yngsta kortinu (1918) er Gullkinn sýnd sem tún en svæðið þar ofan við, austan við útihús 009, sem er sýnt sem tún 1905 og er innan garðsins, er ekki á kortinu frá 1918. Þar er votlent og tæpast hægt að tala um túnrækt þótt svæðið hafi verið innan garðs.



Túngarður 065, horft til vesturs.

Þurrt holt er utan við garðinn. Garðurinn sést alls á 320-330 m löngum kafla. Hann er þráðbeinn og liggur frá holti sem er neðan við svokallaðan Grjótnátthaga og til vesturs að kerruvegi 007. Hann er ekki hár, varla nema 0,3-0,4 m á hæð vestan til, um 1 m á breidd þar sem mest er. Hann hefur verið hlaðinn (eða honum verið mokað) upp á bakka til norðurs. Pæla eða dæld sést meðfram að sunnanverðu- ekki er vansrennsli meðfram honum, enda þurrt holt fyrir sunnan. Ekki sést grjót í garðinum og sennilega er hann eingöngu úr torfi. Garðurinn liggur fram á bakka ofan við tóvinnuhúsið 063 og mætir þar neðst kerruvegi 007. Raunar er kerruvegurinn lágreistur en ber mest á neðri brún hans, og engu líkara en hún hafi verið hlaðin upp í beinu framhaldi af garðinum og jafnvel þjónað sem girðing eða í það minnsta undirstaða fyrir girðingu. Á ljósmynd sem tekin er um 1900 sést vesturendi þessa garðs og er þá greinilega á honum girðing. Virðist hafa verið hlið á girðingunni þar sem kerruvegurinn

liggur í gegn. Sennilega hefur þessi garður aldrei átt að standa einn og sér heldur verið hugsaður sem girðingarundirstaða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918; Túnakort 1905; Túnakort 1888; Túnakort 1884

DA-198:066 garðlag túngarður 372572 549256



Garðlag 066, horft í norðvestur.

Garðlag liggur meðfram vesturhlið túns en niðri á eyrum Ólafsdalsár. Það sést fyrst fast suðvestan við hesthústóft 023, um 280 m suður af skólahúsi. Áreyrar, harðlendar en grónar. Þær liggja neðan við talsvert háan bakka sem markar túnið til vesturs og geta tæplega talist til túns, enda er þar mjög harðlent og lítill jarðvegur. Á kafla sjást einfaldar hleðsluleifar fast vestan við garðinn og eru sýnilega undan girðingarundirstöðu sem líklega er yngri en garðurinn.

Alls má rekja garðinn um 30 m niður bratta brekku til vesturs áður en hann snarsveigir í norðurátt eftir eyrunum. Hann er torfhlaðinn fyrstu 20 metrana en svo úr grjóti eingöngu eftir að hann hefur sveigt til norðurs. Smárof er þar á horni. Á syðsta hluta vesturhliðar er gaðurinn fremur lítið fyrir augað en síðan hefur hann verið býsna vandlega grjóthlaðinn, úr fremur smáu grjóti (ekki því púðursprengda sem sést í ýmsum húsbyggingum Torfa) en þó er hann að miklu leyti hruninn. Eftir því sem norðar dregur verður garðurinn væskilslegri og virðist ekki hafa verið veglegt mannvirki. Ekki er óhugsandi að grjót hafi verið fjarlægt úr honum en enn frekar mætti giska á að hann hafi fyrst og fremst verið hugsaður sem undirstaða fyrir girðingu. Garðurinn er slitróttur norðan til, en þar er sumstaðar votlent og hefur grjót

bæði sokkið og færst úr stað af þeim sökum. Alls er hann 370-380 m langur en endar skammt sunnan við heimtröðina. Feysknir girðingarstaurar sjást upp úr garðleifum um miðbikið, líklega þar sem hefur verið hlið á garðinum í framhaldi af götu 091. Ekki er ósennilegt að girt hafi verið ofan á mestum hluta garðsins.
Hættumat: engin hætta



Skólahúsið í Ólafsdal, horft til suðausturs.

DA-198:067 hús 372535 549544
"Þegar til kastanna kom, var ekki byggt við gamla húsið, það sem ofviðrið skemmdi [005]. Byggt var að öllu leyti að nýju það mikilfenglega 30 álna langa tvílyfta hús með kjallara, sem enn stendur." "Gamla skólahúsið [005] var tekið til annarra nota. Það stóð áfram með lágu risi, uns eitt sunnan ofviðrið gerði útaf við það löngu eftir daga skólans." Eina uppistandandi húsið í Ólafsdal þegar þetta er ritað er tvílyft timburhús á hlöðnum grunni. Þetta er skólahús (og íbúðarhús), reist á árunum 1895-1896. Áður stóð á sama stað eldra skólahús, reist um 1880, en það skemmdist í óveðri 1895 og var í kjölfarið flutt á grunn fast sunnan við sem enn sést og þá oft nefnt Suðurhús (sjá 005). Nýja skólahúsið var reist að hluta á grunni gamla hússins en var þó mun stærra. Þessar tilfærslur skýra afhverju hússtæðið er minna á eldri túnakortum. Hér verður húsinu ekki lýst nánar, enda hefur það verið gert t.d. í deiliskipulagsgreinargerð og víðar. Húsið er í ágætu standi og veglegt mjög. Rétt er að ítreka að ekki er vitað til að byggingar hafi staðið á þessum slóðum fyrir 1880 en gamla bæjarstæðið er ofar og austar í túninu, sjá 001.
Að grunnflatarmáli er húsið hátt í 20 x 10 m stórt frá norðri til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Játvarður Jökull Júlusson 1986, 110 og 111



Leifar af húsi 068 í forgrunni, horft til suðurs.


DA-198:068 tóft fjárhús 372589 549387

Stór rúst er í túni um 140 m suður af skólahúsi. Þarna stóðu fjárhús sem eru ekki talin reist fyrr en löngu eftir tíð Torfa, jafnvel ekki fyrr en eftir miðja 20. öld. Lögum samkvæmt telst rústin ekki til fornleifa en er þó getið stuttlega hér. Húsin eru sögð hafa verið úr steypu og timbri. Á þessum slóðum eru engin mannvirki sýnd á túnakortum.

Í túni. Áberandi mikil rækt er á þessum stað. Skammt sunnar er áberandi hóll í túninu.Rústin er ferköntuð þúst, um 20 x 20 m stór í smáhalla mót vestri. Sjást leifar af steypu, timbri og járni en ekki hægt að greina veggjaskil. Vottar fyrir görðum norðan til en sunnan megin gæti hafa verið hlaða - þó er þetta óljóst.

Hættumat: engin hætta

DA-198:069 mannvirki tún 372573 549522



Beðasléttur eru fast austan og suðaustan við mjólkurhúsið/þvottahúsið 048. Þetta er fast austan

við tóft 080. Túnskiki, mjög þýfður og slétturnar ekki mjög greinilegar við fyrstu sýn. Ekki hefur verið slegið hér nýlega. Svæðið markast á þrjá vegu: af bæjarlæk að vestan og hann sveigir meðfram blettinum að norðan líka, að austan er skurður sem hefur tekið við afrennsli af sléttunum Alls er svæðið 37 x 23 m á stærð frá norðri til suðurs. Slétturnar liggja frá austri til vesturs og hallar örlítið mót austri, niður að skurðinum. Þær eru sjö talsins, á bilinu 18-23 m á lengd, lítið kúptar en greinilegar skorur á milli. Breidd sléttna er að jafnaði um 5 m, hæð mest um 0,3 m í miðjunni en fjara út í suðurátt - þar hefur bæjarlækur rutt sér leið úr farvegi sínum og er þar harla blautt. Handan við það svæði, austan við fjósið eru fleiri sléttur, sjá 070.
Hættumat: engin hætta

DA-198:070 þúst tún 372577 549481
Mjög óljóst beðasléttusvæði er um 10 m sunnan við beðasléttur 069, beint austan við fjósið.
Þýft svæði og fremur votlent.
Alls er svæðið um 20 x 16 m stórt frá austri til vesturs. Óljós má greina í því fjögur beð sem liggja frá austri til vesturs.
Hættumat: engin hætta



Beðasléttur 071, horft í norðaustur.

DA-198:071 þúst tún 372561 549429
Beðasléttur eru á stykki beint sunnan við fjósið 004.
Tún. Beðaslétturnar eru vel afmarkaðar að norðan og sunnan af litlum skurðum (ath. númer), að austan rennur bæjarlækurinn 064 í manngerðum farvegi en kerruvegurinn 007 er meðfram að vestanverðu. Nokkuð greinilegar sléttur en þó töluvert mikið þýfi á svæðinu. Alls eru þær

sjö talsins, snúa hér um bil austur- vestur og ná yfir svæði sem er um 35 x 25 m stórt frá ASA-VNV. Allar eru þær jafnlangar og breiddin að jafnaði um 5 m þótt sú í miðjunni sé sýnu breiðust, hátt í 6 m. Ekki mikið kúptar, mest 0,3 m á hæð í miðju. Rásir sjást á milli beða en slétturnar liggja allar ASA-VNV. Ekki er mikill halli á þeim en þó aðeins niður til vesturs. Þar er há brún niður að eyrunum við Ólafsdalsá - gæti hafa verið lokræsi undir kerruveginn sem ekki er greinilegur á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta

DA-198:072 heimild um brú 372649 549709
Á korti frá 1887 af engjastykki í Ólafsdal er sýnd brú á skurði sem lá frá Flóðveitu 060 til vesturs. Hún hefur verið þar sem skurðurinn sveigir frá austri til norðurs, eða þar um bil.
Mýri. Upphaflegi skurðurinn hefur verið grafinn út með stórvirkum vinnuvélum. Ekkert sést nú eftir af brúnni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Uppdráttur af engjastykki í Ólafsdal 1887

DA-198:073 vegur leið 372513 549575
Óljósar leifar af upphlöðnum vegi sjást norðan við skólahús 067, við vesturendann á beðasléttum 008 að mjög óljósri tóft 042 sem er fast við minnismerkið af Torfa og Guðlaugu. Vegur er sýndur á þessum stað á túnakorti frá 1905 en ekki á eldri kortum. Vegurinn sést ágætlega á ljósmynd frá því um 1900.
Grösugt tún.
Vegurinn er nær alveg jarðlægur, rís aðeins 0,1-0,2 m yfir yfirborð, sléttur að ofan og um 2,5 m breiður. Hann liggur að tóft 042 og var mældur upp á þeim kafla sem er rúmlega 20 m langur en af skámynd sem tekin var úr flygildi er ljóst að hann hefur náð lengra - haldið áfram norðan við tóftina a.m.k. 20 m til viðbótar en þá heldur meira í norðaustur. Á túnakortinu er ekki gerður greinarmunur á skurðum og vegum en þó virðist ljóst að vegur þessi hafi legið áfram út á tún sem hét Skjöldur, alls um 60-80 m vegalengd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ljósmynd JG77;



Vegur 073 sést hér fast vestan við beðasléttur 008. Horft í norður.

Túnakort 1905

DA-198:074 þúst útihús 372496 549588
Samkvæmt elstu túnakortum, frá 1884 og 1888, voru tvö útihús áföst gerði í Steintröð 043, norðan við skólahúsið, þar sem nú er minnismerki um Torfa og Guðlaugu. Tóftin af austara húsinu sést óglöggt (sjá 042) en hér er skráður staðurinn þar sem vestara húsið var, innan við 5 m vestur af 042. Það hefur verið skammt suðaustan við minnisvarðann.
Í túni. Hér vottar fyrir smádældum en húsið virðist annars hafa verið sléttað út að nær öllu leyti. Ekki er vitað hvaða hlutverki það gegndi en ljóst að hitt húsið (042) hefur staðið lengur, enda sést það á yngri kortum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1884; túnakort 1888

DA-198:075 þúst tún 372487 549608
Óljósar beðasléttur sjást í túni sem nefnt er Steintröð, og er líklega nefnt eftir gerði (sjá 043) sem sést á elstu túnakortum 1884 og 1888.
Grösugt tún og slétt í halla eða slakka mót vestri. Girt er meðfram túninu að norðan og vestan. Beðasléttunar sjást ekki mjög vel nema helst á loftmyndum, enda nánast jarðlægar. Á vettvangi voru mældar upp alls fjórar sléttur sem liggja niður brekkuna frá austri til vesturs, hver um sig um 45 m löng og rúmlega 5 m breið. Alls er því svæðið sem mælt var upp um 45 x 20 m stórt frá SV-NA. Þegar loftmynd er skoðuð kemur í ljós að líklega eru slétturnar enn lengri, jafnvel allt að 75 m sú nyrsta og nær niður undir heimreiðina. Þetta eru með lengstu



Beðasléttur 075 sjást hér í forgrunni, þrjár samhliða og mjög langar. Handan við þær er vegur 073, sem skilur þær frá mun styttri og krappari beðasléttum 008. Horft í suðaustur.

beðasléttum sem skráðar hafa verið í Ólafsdal. Lengdin virðist helgast af lengd brekkunnar, en bratti er hér talsverður á móti vestri.
Hættumat: engin hætta



Óljós tóft 076 í forgrunni. Horft í norðaustur.

DA-198:076 tóft útihús 372525 549484
Leifar af lítilli tóft eru utan í bakka 6-7 m NNV við hlöðu 006. Þótt nokkur hús sjáist á þessum slóðum á túnakortum virðist tóftin ekki passa við neitt þeirra.
Utan í brún, hallar niður frá tóftinni til vesturs.
Tóftin er reist utan í bakka og þannig aðeins hlaðin á þrjár hliðar en bakkinn þjónar sem austurhlið. Alls er hún um 6 x 4 m stór frá SV-NA. Frekar óregluleg tóft, niðurgrafin, ekki sjást dyr. Innanmáls er tóftin um 3 x 1 m stór, líkt og skora. Veggir eru algrónir og allt að 0,8 m háir.
Hættumat: hætta, vegna byggingar

DA-198:077 mannvirki áveita 372554 549450
Handgrafinn skurður er austan og sunnan við fjós 004.
Grösugt tún. Skurðurinn liggur til suðurs meðfram austurhlið fjóssins nokkurn veginn samsíða bæjarlæk og áfram til suðurs, sveigir svo um 90 gráður til vestur um 20 m sunnan við fjósið og hverfur þar fram af brattri brún en neðan við hana eru Ólafsdalseyrar. Hann er óljós fast sunnan við fjósið en verður svo aftur greinilegri og fremur djúpur (0,6-0,8). Þar sem vinkilbeygjan er virðist liggja óljós rás nokkra metra til austurs upp í bæjarlækinn - Tilgangurinn er óljós en helst að giska á að hér hafi átt að veita einhverju úr fjósinu og niður af. Ósennilegt er að það hafi verið áburður, enda virðist honum hafa verið safnað í sérstaka þró í fjósinu en þó rétt að geta þess að mikill áburður virðist í utan í brekkunni neðan við þar sem skurðurinn fer fram af.

Alls er skurðurinn rúmlega 50 m langur, víðast hvar tæplega 1 m á breidd en allt að 0,5-0,7 m djúpur.
Hættumat: engin hætta

DA-198:078 garðlag túngarður 372709 549348



Túngarður 078, horft í austur.

Túngarður markar tún til suðurs en hann er þó um 150 m innan eða norðan við túngarð sem er líklega yngri, frá því eftir að túnið var fært út. Garður þessi á upptök um 30 m NNA við stóra útihústóft 009 og hann er um 50 m sunnan við Lindina, sem bæjarlækur 064 er leiddur úr heim að bæ. Þessi garður kemur vel heim og saman við eldri mörk túnsins, eins og þau eru sýnd á kortum frá 1884 og 1888. Á ljósmynd frá um 1900 sést að þá er garðurinn stæðilegur en þó er ekki girt á honum. Girðing er hins vegar á yngri garði sunnar (sjá 065) og kann að vera vísbending um að þá hafi þessi garður verið búinn að glata gildi sínu. Þó er svæðið sunnan garðs en austan útihúsa 009 síður en svo slægjulegt, hvorki í dag né á ljósmynd um 1900, og því kannski hæpið að telja það til túns jafnvel þótt það sé innan garðs eftir að garðlag 065 kemur til sögunnar - að líkindum rétt um 1900.
Alls má telja garðinn rúmlega 400 m langan. Hann myndar suðurhlið nátthaga 120, sem er uppi í túnhorninu, og grjóthlaðnar dreggjar hans sjást einnig þar fyrir ofan, allt upp í fjall. Meginhluti hans er torfhlaðinn þar sem nátthaganum sleppir og liggur hann inn í mitt tún, að mjög óljósu mannvirki Algróinn. Töluverð rof í honum þar sem nátthaginn er. Skurður er meðfram honum að sunnanverðu og gerir hann brattari að utan en innan og virðist hafa átt að leiða vatn meðfram, úr mýrinni sunnan við. Skurður þessi liggur síðan gegnum garðinn vestast og áfram til norðurs og sameinast þar bæjarlæknum. Garðurinn er líklega hæstur næst vesturenda, allt að rúmum metra á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1884; túnakort 1888; Ljósmynd JG80

DA-198:079 tóft óþekkt 372704 549333
Leifar af agnarsmáum kofa sjást um 5 m neðan eða austan við rústaleifar 019. Þetta er um 25 m NNA af aflangri útihústóft 009, skammt utan við vesturenda túngarðs 078.
Í mýrarjaðri - á mörkum túns og mýrar
Tóftin er agnarsmá eins og fyrr segir, ekki nema um 2 m á kant eða tæplega það. Járnleifar sjást inni í tóftinni en hún virðist hafa verið opin í vestur. Einna líklegast að hér hafi verið byggt yfir brunn sem hafi tilheyrt útirhúsum 009. Á ljósmynd frá því um 1900 virðist vera mannvirki á þessum stað en mjög er það óljóst og ekki hægt að lýsa því nánar. Veggir eru algrónir og mest

um 0,6 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ljósmynd JG80

DA-198:080 tóft skemma 372562 549521



Tóft er 3-4 m suðaustan við mjólkurhúsið/þvottahúsið 048, fast austan við bæjarlæk. Á þessum stað sést torfhús á ljósmynd sem talin er tekin um 1900.
Í túni sem hér er óslegið og fremur þýft.
Á ljósmyndinni sést húsið undir þaki og hefur gafl snúið mót austri. Hugsanlegt virðist að reykháfur sé á því en erfitt þó að staðfesta. Ekki er ljóst hvaða hlutverki það gegndi. Tóftin er enn vel greinileg. Hún er algróin og einföld og stendur í dálitlum halla mót austri, ofan við beðasléttur 069. Einföld tóft og nokkurnveginn ferhyrnd, engar dyr sjást, stærð 7 x 7 m. Vesturveggurinn er fast uppvið lækjarfarveginn og verður að teljast mjög líklegt að vatni hafi verið veitt inn í húsið til einhverra nota þótt ekki sjái þess merki nú. Fremur veglegir veggir, allt að 1 m á þykkt og 0,3-0,4 m háir. Botn rústar er eilítið grafinn inn í hallann að læknum.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir: Ljósmynd JG77

DA-198:081 brú brú 372586 549499

Meðfram austurhlið beðasléttna 069 er skurður sem liggur frá norðri til suðus (sjá 101). Yfir hann liggur hlaðin brú.
Tún, á mörkum ræktar og óræktar.
Brúin er algróin - hefur líklega verið kerruvegur. Breidd er hátt í 3 m en lengdin rétt rúmlega skurðbreiddin, um 1 m. Brúin er gróin að ofan en ef gægst er undir sést að hún er grjóthlaðin. Að sunnan er raunar mjög stór steinn sem hefur verið hluti af hleðslunni. Ekki er að sjá að brúin sé sýnd á túnakortum en þó ekki víst að kortagerðarmenn hefðu ráðist í slík smáatriði.
Hættumat: engin hætta



Brú 081, horft í suður.

DA-198:082 þúst tún 372674 549356
Beðasléttur eru norðaustast á Traðarvelli 018, um 200 m SSA af skólahúsi.
Grösug tún, óslegið og smáþýft. Alls sjást 6 sléttur á þessum stað [ath. að á loftmynd sést að þær eru fleiri, líklega 8], fremur óljósar, og ná yfir svæði sem er alls um 40 x 30 m stórt. Þær liggja SV-NA og fylgja hallanum í túninu sem er ekki mikill en þó heldur meiri en á flestu



Beðasléttur 082 sjást hér vinstra megin við miðja mynd. Horft til suðurs.

sléttum næst bæ. Að jafnaði er hver slétta um 5 m breið og greinilegar rásir á milli. Þær eru lítið kúptar. Austasta sléttan er styst, um 16 m löng en þær lengjast eftir því sem vestar dregur og

sú vestasta er milli 35 og 40 m löng. Þetta helgast af legu landsins, lengd brekkunnar sem þær eru í. Við NA endann á þeim er skurður sem liggur NNA-SSV og hefur tekið við frárennsli. Hann mætir rásinni sem bæjarlækur 064 rennur eftir skammt norðar.
Hættumat: engin hætta

DA-198:083 tóft óþekkt 372773 549202



Fornleg rúst er fast utan við syðri túngarð 065 að sunnanverðu.
Þurrt holt, þýft en grasi gróið. Hér er jarðlæg þúst en þó með svo reglulegu lagi að verður að teljast líklegt að sé mannvirki. Hún er alls um 12 x 8 m á stærð og sést fyrst og fremst vegna dældar að innanverðu (um 7 x 3 m stór N-S) - ytra byrði er óljósara. Dældin er fremur slétt og grasi vaxin en hugsanlegir veggir eru þýfðir og gróskuminni, 2-3 m breiðir og vart nema 0,2-0,3 m á hæð. Ekkert grjót sést í hleðslum.



Tóft 083 er hér sýnd innan hringsins en óljósari þúst er vinstra megin við hana. Gryfja 086, sem er manngerð, sést lengst til hægri, rétt ofan við miðja mynd. Horft í suður.

Bílslóði liggur gegnum túngarðinn skammt sunnan við rústina og sveigir svo áfram yfir hana frá austri til vesturs í átt að fjalli. Önnur hugsanleg þúst er um 20 m austar en fremur ósannfærandi mannvirkjaleifar (sjá 083b á korti).
Hættumat: engin hætta

DA-198:084 garðlag áveita 372607 549064



Garðlag er rétt tæpa 20 m suður af grunni tóvinnuhúss 063.
Gróinn lækjarbakki.Einsýnt þykir að garðurinn hafi átt að veita læk, sem annars hefði runnið heim undir tóvinnuhúsið, beint í vestur, í átt að Ólafsdalsá. Lækurinn rennur um mýrar og síðan eyrar í hlykkjum en tekur stefnuna hér um bil beint í vestur eftir að komið er að garðinum. Garðurinn er einfaldur, liggur frá litlu aflöngu holti og til vesturs í átt að Ólafsdalsá en fjarar þar út. Alls er hann 25 m langur, líklega torfhlaðinn, 0,3-0,4 m á hæð og breiddin er svipuð. Á loftmynd sést að garðstubbur er einnig ofan eða austan við holtið litla í beinu framhaldi en sá stubbur er varla nema um 5 m langur.
Hættumat: engin hætta

DA-198:085 mannvirki áveita 372607 549073
Nokkrir handgrafnir skurðir sjást fast sunnan við grunn tóvinnuhúss 063 en norðan við garð 084. Grösug eyri.



Grunnur skurður austan við tóvinnuhús, horft í austur.

Hér eru tveir skurðir samtengdir og ná alls yfir svæði sem er um 20 x 15 m stórt frá austri til vesturs. Skurðirnir eru grunnir og varla nema 0,8 m breiðir hvor um sig, dýpt 0,2 m og ber ekki mikið á þeim - jarðvegur er grunnur á svæðinu. Svo virðist sem hægt hafi verið að hleypa vatni á skurðina undir eða gegnum garð 084 til norðurs og norðvesturs úr læknum sunnan við. Frá efsta hluta garðsins liggur einn skurður alls um 23 m til norðvesturs og svo vesturs en hinn liggur útfrá honum í vinkil til norðurs og norðausturs að suðausturhluta tóvinnuhúss og dýpkar eftir því sem nær dregur húsinu - þar er djúp skora (allt að 0,7 m djúp). Alls er þessi skurður um 12 m langur en þess ber þó að geta að tenging milli skurðanna tveggja er fremur óljós. Engin tenging sést við Vélalækinn, sem rennur skammt norðar. Ekki er óhugsandi að hér hafi verið þvegin ull - þá næst tóvinnuhúsi - þótt líklegra sé að hún hafi verið tilbúin til vinnslu þegar hún kom í vinnsluhúsið, einkum sú ull sem var flutt lengra að en úr Ólafsdal.
Hættumat: engin hætta

DA-198:086 gryfja óþekkt 372709 549155
Gryfja, líkast til manngerð, er á holti 20 m utan eða sunnan við syðri túngarð 065. Þetta er um 120 m ANA af grunni tóvinnuhúss 063. Þýft, þurrt holt. Regluleg gryfja með jöfnum brúnum á þrjár hliðar en óljósum kanti að norðanverðu. Hún snýr hér um bil austur-vestur og er um 7 x 3 m að stærð, gróin og fremur flöt í botni. Hliðar eru jafnar og algrónar, sjást ekki í þeim hleðslur, hæð rúmlega 1 m ef staðið er innan gryfju. Hlutverk þessa mannvirks er óvíst. Gryfjan sést á loftmynd við fornleif 083.
Hættumat: engin hætta

DA-198:087 vegur leið 372597 549343
Svo virðist sem vegarbútur klofni frá kerruveginum gamla sem liggur um túnið (sjá 007) ofan/austan við kálgarð 025 og liggi þar á austurbarmi yngri kálgarðs sem er þar ofar (sjá 159). Tún, mjög grösugt þegar þetta er ritað. Mótar fyrir 2-3 m breiðum vegarslóða þarna sem liggur alveg samsíða kálgarðinum, á austurbrún hans, og virðist hafa verið lagaður til líkt og kerruvegurinn neðan við. Hann er þó ógreinilegur og fjara út eftir um 30 m. Hugsanlegt er að hann hafi legið aftur niður á við og sameinast aðalkerruveginum að nýju - gæti jafnvel verið vetrarvegur.
Hættumat: engin hætta

DA-198:088 *Gullkinn* mannvirki tún 372710 549229
"Fremsti völlur túnsins er hallandi flöt sem nefnist Gullkinn, fékk hún nafn sitt af því að Torfi



Gullkinn er hér í forgrunni. Greinilegar rásir sjást hægra megin og líklega um miðbik ræktaða svæðisins einnig en snúa þar þvert á eða norður-suður.

taldi sig eyða miklu fé í að gera hana eins vandaða sem tún og hann vildi." Í Gullkinn eru merki um einhverskonar sléttur. Tiltölulega slétt tún sem markast af garðlagi 065 að sunnan, vagnvegi 007 að vestan og segja mætti að sokkið garðlag 047 sé meðfram að norðanverðu.
Á loftmyndum sem teknar eru snemma sumars þegar sól er lágt á lofti má sjá rásir sem liggja eftir túninu frá austri til vesturs. Ekki er víst að þetta séu beðasléttur (nema e.t.v. af yngri gerð?) en gætu verið merki eftir að rist hafi verið ofan af og sléttað í teigum, jafnvel mögulegt að lokræsi hafi verið á milli. Alls er svæðið um 130 x 100 m stórt frá austri til vesturs þar sem mest er.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 3

DA-198:089 náma rista 372684 549163
Fast utan eða sunnan við syðri túngarð 065 sjást merki um manngerðar dældir eða skurði, líklega eftir torfristu. Þetta er um 40 m ofan eða austan við kerruveg 007.
Þurrt holt. Lækkar snarlega niður af því til suðurs þar sem mógrafir eru (sjá 052). Mosaþembur hér og þar. Ekki mikil ummerki en líkist þó nokkuð mógröfum þótt ekki geti það verið á svo þurru holti. Á nokkrum stöðum sjást reglulegir kantar utan í dældum í holtinu - dýpt 0,2-0,3 m. Svæðið er nokkuð samfellt og endar í dæld sem líkist vatnsstæði en er þó er þurrt þegar þetta er ritað. Svæðið er um 30 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta

DA-198:090 vegur leið 372479 549493
Vegur liggur meðfram vesturhlið túnsins, í sneiðing utan í brattri brekku. Vegurinn hefur legið utan í brattri brekku sem markar það að vestan - frá tröðum 012 til suðurs og sveigir síðan upp brekkuna til SA. Vegur þessi sést ekki á túnakortum, enda strangt til tekið utan við tún.
Gróin brekka, brött mót vestri.



Vegur 090, horft í suður.

Vegurinn sést ágætlega á um 130 m löngum kafla. Hann er alveg gróinn en mótar þó vel fyrir honum og er hann víðast hvar 2-3 m á breidd en þó talsvert siginn og úr lagi genginn. Hann liggur til suðurs frá tröðum 012 (á upptök um 15 m sunnan við heimreið) og hefur væntanlega mætt kerruvegi 007 suðvestan við fjósið 004, þótt ekki sjái fyrir vegamótunum nú. Efri brúnin er greinilegur grjóthlaðinn kantur, misheillegur en víða úr mjög stóru grjóti sem sumt er hrunið inn á brautina sjálfa. Það virðist ekki vera grjót sem hefur verið sprengt fyrir, eins og víða sést í húsveggjum úr tíð Torfa. Heillegasti hlutinn af hleðslunni er suðaustast uppi á brekkubrún, hlaðið horn sem er aðeins gróið að hluta. Neðri kantur vegarins



hefur verið lagaður til en sér ekki mikið fyrir hleðslum af nema helst nyrst. Sennilega hefur þetta verið kerruvegur þótt hann sýnist mjór á köflum. Hleðsla að ofanverðu nær allt að rúmum metra á hæð.
Hættumat: engin hætta



Gata 091, horft í suður.

DA-198:091 vegur leið 372481 549480
Mjór vegur sést í sneiðing niður brekkuna sem markar túnið til vesturs. Hann liggur frá vegi 090 og til suðurs hér um bil beint vestur af fjósi 004 og hlöðu 006. Grösug og brött brekka.
Gatan hefur legið frá Ólafsdalseyrum og upp á veg 090. Hún liggur fyrst til norðvesturs en tekur svo skarpa beygju niður til suðurs, skáhallt niður brekkuna, og niður á eyrararnar. Alls er hún sýnileg á tæplega 50 m löngum kafla og er víðast hvar 1 m á breidd eða tæplega það. Gatan er alveg gróin, smáhlykkur á henni neðst. Líklega er þetta hestagata þótt hún gæti hafa verið lagfærð af manna höndum.
Hættumat: engin hætta

DA-198:092 brú brú 372425 549629
Leifar af grjóthlaðinni brú eru 130-140 norðvestur af skólahúsinu. Brúin er hlaðin yfir skurð sem afmarkar túnskika með beðasléttum, sjá 093. Túnstykki þetta er norðan við stykki sem kallaðist Steintröð (sjá 043). Þetta er 10-15 m ofan og austan við heimreiðina. Brúin er ekki sýnd á túnakortum.
Brúin liggur yfir skurðinn, næstum gróin en sér í stórt og ávalt grjót í hliðum og á einhverjum tímapunkti virðist járn og jafnvel timbur hafa verið lagt yfir grjótið. Brúin virðist hafa verið akfær og mótar fyrir hjólförum í túninu sunnan við. Leiðin hefur legið N-S yfir skurð sem liggur A-V. Hún er um 4 m breið, lengd um 3 m. Væntanlega hefur þessi leið einfaldlega legið út á túnið,



Brú 092, horft í suðaustur.

sem kemur fyrst fyrir á túnakorti 1905.
Hættumat: engin hætta

DA-198:093 mannvirki tún 372411 549678



Beðasléttur eru á stykki sem markast af skurðum og er norðan við Steintröð 043, 130 m norðvestur af skólahúsi. Ofar eru tún sem heita Efri- og Neðri-Skjöldur. Grasi vaxið tún, nú ekki slegið. Túnskikinn er mjög vel afmarkaður af skurðum á þrjá kanta og er þakinn beðasléttum. Í túninu voru mældar upp níu beðasléttur á svæði sem er alls um 55 x 45 m stórt frá norðri til suðurs. Þær liggja frá austri til vesturs. Svæðið er þýft og af þeim sökum ekki mjög greinileg skil á milli sléttna. Sléttur á þessu svæði eru heldur breiðari en aðrar sléttur sem eru nær skólahúsi - algengasta breidd er um 5 m en á þessu svæði eru þær á bilinu 6-7 m breiðar. Nokkur halli er á túninu til vesturs og má vera að meiri breidd sléttna tengist hallanum. Sléttur hér eru ekki kúptar en skurðir á milli eru dýpri en víða annarstaðar (0,3 m). Fram af sléttunum til vesturs er enginn skurður en þar er brattur bakki sem ræsin milli beðanna liggja fram af. Þegar þetta er ritað er búið að gera borholuplan beint vestan við slétturnar og til stendur að grafa þar geymsluhús inn í barðið, sem gæti haft áhrif á staðinn.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

DA-198:094 heimild um brú 372371 549645
Á ljósmynd frá því um 1900 sést að brú hefur verið yfir Ólafsdalsá um 190 m norðvestur af skólahúsi, beint niður af stykki þar sem sjást beðasléttur 093. Á þessum slóðum er áætlað að gera brú skv. deiliskipulagstillögu. Áreyrar eru beggja megin við ána.
Engar leifar sjást nú af brúnni. Af myndinni að dæma hefur hún verið úr timbri, að líkindum með grjóthlöðnum undirstöðum og sennilega nægilega breið fyrir hestvagn. Vegur virðist hafa legið að brúnni úr vestri en engin merki sjást um hann nú, og ekki heldur um brúna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ljósmynd JG77

DA-198:095 vegur leið 372611 549542
Upphlaðinn vegur liggur upp að gamla bæjarhólnum (001) úr vestri og virðist skv. gömlum



Bæjarhóll 001 fyrir miðju, horft til suðurs. Vegurinn liggur upp á hann úr vestri, frá skólahúsinu.

túnakortum hafa legið í beinu framhaldi af tröðunum 012. Vegurinn sést um 50-60 m austur af skólahúsinu og liggur þaðan upp á bæjarhól og áfram. Grasi gróið tún. Vegurinn er frábrugðinn tröðunum 012, enda samanstóðu þær af tveimur traðarveggjum en þessi vegspotti er upphlaðinn. Vegur þessi er vel sýnilegur og liggur til austurs að bæjarhólnum. Hann er sýnilegur á um 45 m löngum kafla en austurendinn virðist hverfa undir suðurbrún unglegs kálgarðs sem er utan í bæjarhól. Hann er víðast hvar um 3 m breiður og allt að 0,5 m hár - bungumyndaður í sniði. Hugsanlega hefur verið ræsi meðfam honum að norðanverðu. Þetta gætu verið leifar af gamla veginum heim að bæ, þ.e. meðan hann stóð á bæjarhól 001,en að einungis vesturhlutanum hafi verið breytt í traðir eftir að skólahúsið var reist. 2017: Af ljósmynd sem tekin var ofan úr Neðri-Skál 1905 má sjá að vegurinn hefur legið áfram yfir bæjarhólinn og áfram til austurs en endað nálægt beðasléttum 022. Á þeirri leið hefur hann legið yfir tvo skurði og má enn sjá brú á öðrum þeirra (sjá 140).
Hættumat: engin hætta

DA-198:096 heimild um brú 372462 549371
Á ljósmynd frá því um 1900 sést að brú var yfir Ólafsdalsá hér um bil beint niður eða vestur af beðasléttum 071, en þær eru sunnan við fjósið 004. Þetta er um 160-180 m suðvestur af skólahúsi. Hálfgrónar áreyrar.
Brúin virðist hafa verið áþekk annarri brú sem var norðar, sjá 094, timburbrú með grjóthlöðnum undirstöðum. Hún uppgötvaðist á myndinni eftir að vettvangsvinnu lauk og staðurinn var því ekki skoðaður á vettvangi. Engin ummerki sjást um brúna á loftmynd, og ekki heldur um veg sem hefur legið að henni af myndinni að dæma.
Heimildir: Ljósmynd JG80

DA-198:097 mannvirki tún 372585 549590



Rásir í túni 097 hægra megin við miðja mynd, horft í norður.

Á loftmynd sem tekin var úr flygildi í júní 2016 sjást grunnir skurðir í túni 20-30 m norðaustur af skólahúsi, handan við bæjarlæk. Sennilega eru þetta ummerki um jarðabætur frá því í tíð Torfa, þó ekki beðasléttur. Skurðirnir sjást ekki á lóðréttum loftmyndum og ekki heldur á ljósmynd frá því um 1907. Á túnakorti frá 1888 sést dökk lína á svæði þar sem einn skurðanna er og virðist geta verið garður fremur en skurður. Tún. Girðing liggur nú yfir skurðina.Hér sjást 3-4 samsíða skurðir frá suðvestri til norðausturs og eru a.m.k. 10 m á milli þeirra. Hver skurður er a.m.k. 20-30 m langur en það þyrfti þó að skoða betur. A.m.k. einn þeirra hefur legið út í bæjarlæk þar sem hann rennur í totu eða sveig fyrir austan skólahúsið. Hugsanlega eru hér lokræsi. Svæðið er alls a.m.k. um 80 x 80 m stórt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1888

DA-198:098 mannvirki 372448 549673
Skurður liggur milli túnanna Steintraðar (043) og Skjaldar. Skurður þessi hefur átt að veita vatni til vesturs og m.a. rennur bæjarlækur í hann um miðbikið úr suðri og áfram niður túnið. Skurður þessi er sýndur á túnakorti frá 1905 og sennilega einnig að hluta á eldra korti frá 1884. Skurður þessi var ekki skoðaður á vettvangi.
Handgrafinn skurður, algróin tún í kring.
Hættumat: engin hætta

DA-198:099 mannvirki tún 372444 549645
Skurður liggur út frá skurði 098 um 140 m NV af skólahúsi og markar af túnskika sem beðasléttur 093 eru í til austurs og suðurs.
Handgrafinn skurður. Hann liggur fyrst rúma 40 m til suðvesturs og sveigir síðan beint í vestur rúma 20 m til viðbótar. Á honum þar er grjóthlaðin brú 092. Skurðurinn var ekki skoðaður sérstaklega á vettvangi.
Hættumat: engin hætta

DA-198:100 heimild um brú 372523 549665
Á túnakortum frá 1884 og 1888 sést að mannvirki, líklega brú, var á skurði 098 um 120 m hér um bil beint norður af skólahúsi.
Tún eru kringum skurðinn.
Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1884; túnakort 1888

DA-198:101 mannvirki tún 372588 549516
Handgrafinn framræsluskurður liggur austan við beðasléttur 069 og 070. Yfir hann liggur grjóthlaðin brú 081. Grasi gróið tún. Skurðurinn liggur norður-suður og hefur vafalaust átt að taka við afrennsli frá sléttunum, enda hallar þeim niður að honum. Hann er alls rúmlega 70 m langur, á upptök sín í túni sunnan við slétturnar og liggur norður í bæjarlæk 064. Hann var ekki skoðaður sérstaklega á vettvangi.
Hættumat: engin hætta

DA-198:102 heimild um útihús 372535 549461
Samkvæmt túnakortum frá 1884 og 1888 stóð útihús fast sunnan við þar sem nú sést grunnur undan hlöðu 006. Engin hús sjást á þessum stað á yngri kortum en reyndar er hugsanlegt að yngri hlaða 006 hafi teygt sig inn á þetta svæði.
Tún. Ekki sjást augljósar leifar af mannvirki á þessum stað og sennilegt að því hafi verið raskað við seinni tíma byggingar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1884; Túnakort 1888

DA-198:103 heimild um kálgarð 372539 549456
Samkvæmt túnakortum frá 1884 og 1888 var lítill afgirtur skiki, líklega kálgarður, sunnan við hlöðu 006 og mannvirki 102, sem stóð suður af henni. Ekki sést mannvirki á þessum stað á yngri kortum, frá 1905 og 1918. Grasi vaxið tún.
Engar minjar eru sjáanlegar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1884; túnakort 1888

DA-198:104 heimild um útihús 372527 549463
Samkvæmt túnakortum frá 1884, 1888 og 1905 stóð mannvirki, líklega útihús, fast neðan eða vestan við suðurenda hlöðu 006. Sennilega er það enn til staðar á túnakorti frá 1918 en er þá sýnt líkt og sambyggt hlöðunni. Hugsanlega hefur þetta verið hesthús sem sagt er að hafi verið við hlöðuna. Á ljósmynd sem tekin er um 1900 virðist þó sem þarna sé stakstætt hús, líklega með bárujárnsþaki. Grasi gróið tún.
Ekki sést nú mannvirki á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1884; Túnakort 1888; Túnakort 1905


Garðlag 105 sem markar túnið til vesturs. Horft í suður.

DA-198:105 garðlag túngarður
372458 549539
Af túnakortum og gömlum ljósmyndum má sjá að túngarður var meðfram túninu að vestanverðu. Hann er nú að mestu horfinn. Garðurinn virðist hafa legið frá mynni traðanna 012 bæði til norðurs

og suðurs, meðfram vesturbrún túnsins. Sá leggur sem lá til suðurs lá í það minnsta suður fyrir fjós og hlöðu (004 og 006) og hefur jafnvel tengst túngarðsbút sem var við eldri mörk túnsins en er nú horfinn í tún (sjá 047). Tún - markast að vestan af brattri brún niður til vesturs.
Bútur af garðinum sést sunnan traðanna, á kafla sem er a.m.k. 40 m langur. Því miður fórst fyrir að mæla hann upp á vettvangi en í raun markar garðurinn efri brún vegar sem var mældur og ber hér númerið 090. Garðurinn sést á loftmyndum sem voru teknar úr flygildi á staðnum. Hann er gróinn en ágætlega stæðilegur. Þess má geta að mörg stig eru til af túngörðum í Ólafsdal og ganga hér undir nokkrum númerum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1882-1883; Túnakort 1905; Ljósmynd JG80

DA-198:106 heimild um útihús 372526 549553
Hús er sýnt á túnakorti 1882-83 fast norðan við traðirnar 012 og nánast við norðvesturhorn skólahússins. Engar mannvistarleifar sjást á yfirborði. Ekki er ljóst hvaða hlutverki húsið gegndi.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1882-1883

DA-198:107 heimild um útihús 372540 549552
Hús er sýnt á túnakorti 1882-83 fast norðan við traðir 012, skammt frá norðausturhorni skólahússins. Engar mannvistarleifar sjást á yfirborði. Ekki er ljóst hvaða hlutverki húsið gegndi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1882-1883

DA-198:108 tóft+garðlag óþekkt 372639 549908
Undir nátthaga 027 og áföstu gerði 028 örlar á eldri minjum. Þegar hefur verið nefnd þúst inni í aðalhólfinu (sjá 029) en auk þess vottar fyrir garðlagi og greinilegri tóft sem teygja sig innundir vesturhluta nátthagans. Beðareitur 028, sem er sambyggður nátthaganum, er að öllu leyti innan þessa svæðis og ekki ósennilegt þar hafi verið einhver mannvirki. Hugsanlega er þetta stekkurinn sem Stekkjahyrna er kennd við.Vel grösug hæðarbunga. Eldra gerðið er sýnilegast utan eða sunnan við suðvesturhorn nátthagans. Þar liggur garður í sveig undan mótum gerðis 028 og nátthaga 027 og má rekja hann á alls um 90 m kafla, fyrst til suðurs og síðan vesturs en þar fjarar hann út. Garður þessi virðist torfhlaðinn að mestu og er ótrúlega lögulegur, um 1 m breiður og 0,3-0,4 m hár, nær því



ferkantaður í þversniði sem bendir til að hann sé ekki mjög gamall þótt líklega sé hann eldri en frá tímum búnaðarskólans. Rof er í garðinum á köflum og sést í grjót sumstaðar. Það örlar á bogadregnum garði inni í aðalhólfi nátthagans en það er þó ekki alveg óyggjandi að það sé í beinu framhaldi af því sem áður var lýst. Þessi garðhluti liggur í sveig til norðurs og norðvesturs og svo út fyrir nátthagann til vesturs en hverfur þar eftir um 100 m. Meðfram vestasta kafla hans að sunnan er líkt og sléttuð hafi verið ræma meðfram garðinum og ekki ólíklegt að það sé seinni tíma verk, þ.e. frá búnaðarskólatíma. Alls má því rekja garðinn á um 200 m löngum kafla og hann afmkarar svæði sem hefur verið um 100 m langt frá norðri til suðurs og að minnsta kosti ámóta breitt en vesturhliðina vantar. Ein tóft er innan garðs, hér nefnd A. Hún er fast norðvestan við gerði 028. Tóftin er fremur úr lagi gengin en mikil grænka í henni og þykkir veggir og sennilega samanstendur hún af mörgum byggingarstigum. Alls er hún 25 m löng en syðsti hlutinn er þó ekki annað en þýfi sem ekkert lag er á. Það sem sést af tóftinni og er glöggt er um 15 m langt mannvirki og 8-9 m breitt og virðast í því tvö hólf, það stærra sunnar, um 7 x 3 m stórt að innanmáli með dyr í austurátt og er þar stór steinn fyrir utan. Hitt hólfið er norðar og mun minna, aðeins um 3 x 1 m að innanmáli frá A-V. Að sumu leyti minnir þetta á stekk en þó ber að nefna lag tóftarinnar, en hún er með bogadregna langveggi og gæti verið reist á eldra mannvirki með þá lögun. Ekki sjást dyr á milli hólfa. Hugsanlega eru hér komnar minjar sem Kaalund nefnir í Íslenskum sögustöðum, en þær fá þó hér einnig númerið 011. Að lokum ber að geta þess að á korti frá 1896, sem hangir upp í skólahúsinu í Ólafsdal, er merkt leiði, að því er virðist ofan í tóftinni. Hér er líklega kominn staður sem segir svo frá í örnefnalýsingu: "Neðan við Stekkinn [027] er upphlaðin þústarétt innst á Stekkjarmóum. Þarna er heygður hestur með öllum tygjum og heitir eftir honum Stráksleiði." Ekki virðist móta fyrir leiðinu en ábyggilega hefur verið grafið ofan í tóftina.



Eldri minjar 108 sjást hér ágætlega sunnan við og undir nátthaga 027 og áfast gerði 028

Hættumat: engin hætta
Heimildir:KK 2, 124; Uppdráttur af Skildi, Ólafsdal 1896 ; Ö-Ólafsdalur b, 3

DA-198:109 þúst óþekkt 372525 549642
Á loftmynd mótar fyrir hugsanlegu mannvirki í túni rétt tæpa 100 m norður af skólahúsi. Tún, óslegið á myndinni. Það er skammt norðan við lítinn blett sem er jafnan sleginn á sumrin - á honum er minnismerki af Torfa og Guðlaugu. Greinileg þúst sést á myndinni, um 10 x 5 m stór frá N-S. Staðurinn hefur ekki verið skoðaður á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

DA-198:110 garðlag 372736 549385
Óljóst garðlag liggur skáhallt yfir stykki sem er vestan við beðasléttur 082. Þetta er rúma 200 m suðaustur af skólahúsi.
Óræktarblettur. Yfirborð líkt svæðinu innan þess svæðis sem er ofan við, þýft, reitingslegt og með blautum blettum inn á milli, sumt hugsanlega eftir torfskurð. Þústir eru hér og þar. Garðurinn er óreglulegur og á skjön við allt annað sem er á svæðinu, bæði garða og skurði. Hann liggur í sveig frá vestri til austurs, suðausturs og loks suðurs, alls um 20 m Hann er víðast hvar um 2-3 m breiður og 0,3 m hár og er rofinn á nokkrum stöðum, virðist torfhlaðinn eingögnu. Garðurinn liggur suður að garðlagi 078 sem markar svæðið að sunnanverðu. Þar er líkt og garðlag meðfram skurðinum að sunnanverðu og svo áfram til vesturs um 20 m til viðbótar. Það gæti verið hluti af sama garði en er hugsanlega uppkast. Líklega tilheyrir garður þessi eldri byggingarstigum í Ólafsdal, frá því fyrir tíma búnaðarskólans. Ekki er auðséð að um sé að ræða túngarð en vel hugsanlegt.

Garðlag 110 sést hér austan við beðasléttur 082, austan túns. Horft í suður.

Hættumat: engin hætta

DA-198:111 þúst óþekkt 372631 549349
Hóll er í túni 30-40 m SA af grunni undan ungu fjárhúsi 068. Í miðju túni. Hóllinn minnir á lítinn bæjarhól. Hann sker sig úr túni og rís yfir umhverfi sitt. Yfir hann liggur óglöggur bílslóði. Ekki er vitað til að mannvirki hafi staðið á hólnum og þar sjást engin hús á túnakortum sem þekkt eru úr Ólafsdal. Hóllinn lítur þó út eins og mannvistarleifar geti leynst í honum. Erfitt er að slá á hann máli, enda rennur hann mjög saman við umhverfið en svæðið gæti þó verið um 30 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta

DA-198:112 372741 549532
Brú hefur verið á skurði 158 fast austan við bæjarhól 001. Vegur 095 hefur legið upp á hólinn úr vestri og svo yfir þennan skurð. Brúin sést á loftmynd sem tekin er ofan úr Neðri-Skál 1905. Grösugt er beggja megin við skurðinn. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi. Ekki er augljóst af loftmynd að dæma að brú sé enn á staðnum en brú var á næsta skurði austan við, sjá 140.
Hættumat: engin hætta

DA-198:113 þúst rista 372766 549566
Á ljósmynd sem tekin er ofan úr Neðri-Skál 1905 sjást greinileg merki um torfristu í þríhyrndu stykki beint austan við bæjarhól 001, handan eða austan við beðasléttur 117 en vestar en beðasléttur 022. Votlent stykki. Enn virðist votta óljóst fyrir ristuförum, nokkrar óljósar, grunnar skvompur sjást á loftmynd. Svæðið gæti hafa verið um 30-40 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ljósmynd JG80

DA-198:114 garðlag áveita 372627 549649
Garðlög eru í túni, um 100 m NNV af bæjarhól 001, norðan við vélgrafinn skurð.



Hér sjást m.a. garðlög 114. Athygli vekja óljósar rásir sem virðast liggja út í skurðinn þar sunnan við en hafa ekki verið skráðar á vettvangi.

Þýft og grösugt, sæmilega þurrt stykki. Sáralítill halli er hér, en þó örlítið í vestur.
Garðlög þessi hafa væntanlega verið skorin af vélgröfnum skurði sem er fast sunnan við. Það sem eftir stendur eru tveir stubbar sem mynda T, sá nyrðri liggur austur-vestur og er um 70 m langur en niður frá honum um miðbikið liggur annað garðlag til suðvesturs um 20 m. Garðlögin eru þýfð og fremur óljós en minna helst á áveitugarða, einkum sá hluti sem liggur í SV, í átt að skólahúsi. Í þversniði eru hliðarnar nokkurn veginn beinar en ofan til er líkt og skál ofan í garðinn. Breidd er um 1 m en hæð 0,3-0,4 m. Hugsanlega eru garðlög þessi tengd flóðveitunni 060. Á ljósmynd sem tekin var 1905 ofan úr Neðri-Skál sést greinilega syðra garðlagið en hitt sem kemur þvert þá það virðist mjög máð þótt það votti fyrir þýfi þar í beinni línu. Þar gæti verið eldra garðlag, en það hverfur undir skurði (í flóðveitunni 060) bæði að austan og vestan. Alls er svæðið hátt í 70 x 20 m stórt frá austri til vesturs. Líkast til hafa garðarnir átt að halda vatni uppi á stykkinu þótt óljóst sé hversvegna það er afmarkað með þessum hætti.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ljósmynd JG77


DA-198:115 vegur leið 372588 549999
Á tveimur stöðum niður frá nátthaga 027 er mögulegt að hafi verið gerðar sléttaðir teigar eða



Sléttuð svæði niður frá nátthaga 027, horft í vestnorðvestur.

brautir niður til vesturs. Þær sjást einna best á loftmyndum og á mynd sem tekin var ofan úr fjalli í júní 2018. Grösugt mólendi, smáhalli mót vestri.
Nyrðri brautin (A) liggur niður frá miðbiki nátthagans til vesturs. Norðurbrún hennar er raunar upphleypt og hefur hér verið túlkuð sem hluti af garði 108. Hugsanlegt er að brautin hafi einfaldlega verið gerð niður með honum. Hún er 5-6 m breið og allt að 50 m löng. Braut B er um 70 m sunnar og liggur beint niður frá opi á ferköntuðu gerði sem er áfast nátthaganum (sjá nr. 028). Hún virðist í það minnsta 40 m löng en fjarar út í móanum. Brautir þessar hafa ekki verið skoðaðar á vettvangi, enda sáusta þær fyrst á ljósmyndum sem voru teknar ofan úr fjalli. Hugsanlega er hér komin aðkenning að vagnbrautum en frekari rannsóknir þarf til að staðfeseta það.
Hættumat: engin hætta

DA-198:116 garðlag túngarður 372758 549608



Óljósar leifar af garðlagi sjást beint norðaustan við bæjarhól 001, norðaustan við skurð sem þar er. Leifar þess sjást líka vestan skurðar, um 30 m norður af norðausturhluta bæjarhóls. Garðlagið er greinilega eldra en skurðurinn og að líkindum frá búskap í Ólafsdal áður en búnaðarskólinn var settur á fót.
Þýft tún, bitið vestan skurðar. Mjög þýft er vestan skurðar, ekki síst fast norðan við upptök garðsins, hugsanlega tóftaleifar.Þar er hann lágreistur, hugsanlega hefur verið girðing ofan á þeim hluta, aðeins um 0,5 m breiður og 0,3 m hár, stefnir í austur. Handan skurðar stefnir hann meira í suðaustur. Þar er mýrlendara og garðurinn meiri um sig en þó óreglulegur, allt að 2 m breiður og 0,2-0,3 m hár. Land er lægra norðan við garðinn og þar rennur smálækur. Mýrlent er beggja vegna. Alls er hægt að rekja garðinn á um 90 m löngum kafla . Garðurinn sést á ljósmynd sem tekin er ofan úr Neðri-Skál 1905 og virðist þá mun signari og eldri en aðrir garðar á svæðinu. Á elstu túnakortum af Ólafsdal, t.a.m. 1888, sést að mörk túnsins eru þá u.þ.b. þar sem garðurinn liggur, þó e.t.v. eilítið sunnar. Ekki er ósennilegt að þetta sé gamall túngarður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1888; Ljósmynd JG77

DA-198:117 þúst tún 372721 549542
Beðasléttur liggja norður-suður undir austurhlið bæjarhóls 001.
Óslegið tún. Nýleg girðing liggur yfir svæðið, langsum ofan á beðasléttunum.
Á staðnum sjást 4-5 samhliða beð sem liggja í smáhalla mót norðri og snúa norður-suður. Hvert beð er um 3 m breitt og fremur lítið kúpt, lengd um og yfir 60 m. Einungis tvö beðanna virðast hafa verið mæld upp en á ljósmynd sem tekin var ofan úr Neðri-Skál 1905 sést að þau munu hafa verið fleiri. Þetta eru einu beðaslétturnar í Ólafsdal sem liggja í þessa stefnu og hefur hallinn væntanlega ráðið þar mestu þótt afar lítill sé.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ljósmynd JG77

DA-198:118 372973 549290



Á ljósmynd sem tekin var 1905 sést að vírgirðing lá þá meðfram austurhlið túnsins. Girðingarstaurar sjást á myndinni, líklega með um 3-5 m millibili og vír, að minnsta kosti tveir strengir, á milli. Girðingin lá nánar tiltekið frá NA-hluta nátthaga 120 (Torfnátthaga/Torfanátthaga) og þaðan til norðurs, af ummerkjum að dæma að suðausturhorni Stekkjar (sem einnig er nátthagi) 027.

Girðingin hefur legið undir bröttum en vel grónum fjallshlíðum. Víða renna smálækir ofan úr fjallinu.

Því miður er ljósmyndin skemmd svo að ekki er hægt að rekja legu girðingar nánar. Mjög óglögg ummerki eru hinsvegar enn um hana nánast í beinni línu milli nátthaganna tveggja. Það er líkt og örmjó upphækkun, ekki eiginleg upphleðsla (nema kannski á stöku stað) heldur líkleg uppsöfnun sinu undir girðingunni. Á örfáum stöðum sjást líka fúnar leifar girðingastaura en óvíst er hvort þeir eru úr upprunalegri girðingu eða hvort girðingarstæðið hefur verið í notkun lengi og girðingin endurnýjuð. Alls hefur þessi girðingarhluti verið rétt rúmlega 500 m langur. Óglöggar girðingaleifar sunnar gætu verið af girðingu sem hefur komið í framhaldinu og þá girt af svæði vestan við Grjótnátthaga 031 (sjá neðri mynd). Þar fannst hola í holtinu beint upp af austurenda garðs 065 sem gæti verið stoðarhola undan hornstaur í girðingu og óljósar stauraleifar áfram til norðurs.



Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort: Uppdráttur af Ólafsdals-Eyrartúni 1918; Ljósmynd JG77 og JG80



Grjót sem hefur verið púkk kringum girðingarstaur, sjá 118. Horft í norðvestur.

DA-198:119 heimild um lendingu 371707 549789

Í sóknarlýsingu Saurbæjarþings 1842 segir í svari við spurningu um hafnir: "Svo innfjarða sem hér kemur hvörki hafsjór né brim, og er því ei vant um lendingar. Alltíðast eru þær brúkaðar við Fagradals- og Tjaldanessanda, utan þá sjóveg er farið allt inn á Ólafsdalseyri sem sjaldnar er." Í bók Játvarðs Jökuls er fjallað um aðflutninga á sjó og lendingarstað á Eyrunum meðan við bæ: "Ólafsdalur liggur að sjó. Það hefur þann höfuðkost, að þangað er hægt að komast á áraskipum sem tíðkuðust við Breiðafjörð. Fjörðurinn er grunnur og fjarar langar leiðir frá landi, en um hásjávað má lenda, ferma og afferma við Eyrarnar þar sem skemmst er heim til bæjar. Þaðan er hægt að flytja allan þungavarning á hestakerrum heim í hlað...mikið þurfti að flytja að Ólafsdal: Aðföng til búsins, skólans og heimilisins. [texti felldur brott]Feikn af byggingarefni stórum og sjaldan, annað smíðaefni, smíðakol, matvörur og fiskæti, svo eitthvað sé nefnt. Megnið af þessu var flutt á sjó. Öll stærri jarðvinnslutæki sem smíðuð voru og seld lengra í burtu, þurfti að flytja í veg fyrir strandferðarskip [texti felldur brott]Þá var gripið til Ólafsdalsskipsins, það mannað, ferðin farin. Torfi átti nefnilega skip til þeirra ferða. Kunnug er um formann sem hann gat hvatt til þeirra ferða, ágætan stjórnanda á sjó, Helga Helgason sem kenndur var við Garpsdal [texti felldur brott].Alltaf þegar við lengum á Ólafsdalseyrum komu skólapiltar ásamt Torfa og tóku við vörunum. Við virtumst vera hinir mestu aufúsugestir. Var komið með hesta og vagna og okkur ekið heim, en þar vorum við settir að veisluborði." Lendingin var utanvert við Ólafsdalseyri, í vík suðvestan við eyrina og um 850 m VNV við

skólahúsið í Ólafsdal. Sendin fjara er á þessum stað en hún er talsvert mosagróin efst og þar mjög deiglent. Upp úr víkinni miðri hefur verið settur niður sver timburdrumbur upp á rönd. Aflíðandi svæði tekur við ofan við fjöruna að norðanverðu og þar norðan við rennur uppspretta til sjávar. Engin merki sjást um rudda lendingu eða önnur mannaverk. Á ljósmynd sem tekin er ofan úr Neðri-Skál 1905 sést að þá liggur vegur niður að staðnum (sjá 142).
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SSD, 174; Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 221-223; Ljósmynd JG77




DA-198:120 *Torfanátthagar* gerði nátthagi 372861 549451

"Innan og neðan við Bæjarhlíð eru Torfanátthagar," segir í örnefnaskrá. Torfanátthagi (eða Torfnátthagi, eins og fleiri virðast segja) er líklega elstur nátthaganna í Ólafsdal. Hann er um 300 m ASA af skólahúsinu. Grösugur nátthagi, fremur sléttlent innan girðingar. Efri eða eystri hluti hans er utan í ósléttri, klettóttri brekku sem snýr mót vestri. Sá hluti hans er mun síður álitlegur sem tún en það sem er niður á láglendinu.
Nátthaginn er nokkurn veginn ferhyrndur. Að sunnanverðu er hann girtur með garði 078 sem nær ofan úr fjalli og áfram meðfram suðurhlið túnsins. Ýmist er annars girt með grjót- eðatorfgörðum á hinum hliðum. Hugsanlega hefur

Torf(a)nátthagi er hér lengst til vinstri, horft í vestur heim að skólahúsi

verið op vestarlega að sunnanverðu og greinilegt op er austarlega á norðurhlið. Mest sjást 3-4 umför af grjóti sjást í vesturhlið en almennt eru hleðslur stæðilegar og allt h.u.b. 0,7 m háar. Á jörðu niðri er alls ekki augljóst að beðasléttur eða önnur ræktunarummerki séu innan nátthagans en á mynd sem tekin er ofan úr fjalli að kvöldi til sumarið 2018 virðist hugsanlegt að 1-2 sléttur eða teigar séu nyrst í haganum, langsum frá austri til vesturs. Þetta má sannreyna með samanburði við ljósmynd sem tekin er ofan úr Neðri-Skál 1905, líklega teigar sem rist hefur verið ofan af (hugsanlega sáðsléttur?). Tóft 055 er innan nátthagans. Ekki er ólíklegt að þessi nátthagi sé eldri en hinir tveir - bæði er hann óreglulegri og minni og eins virðist staðsetningin utan í brekkunni ekki vera valin á sama hátt og á hinum stöðunum. Hér gæti verið komin útfærsla á túni frá því fyrir tíma búnaðarskólans, en sagt er að Jón Bjarnason, sem bjó í Ólafsdal á undan Torfa Bjarnasyni, hafi verið fyrstur til að byggja nátthaga á Íslandi. Það gæti hafa verið Steintröð 043 en þessi nátthagi kemur líka til greina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 2; Ljósmynd JG80

DA-198:121 garðlag vörslugarður 372800 549018



Garðlag hefur verið umhverfis Móhústún suðvestan við Orrustuflóa. Í túninu stóð móhús frá Torfa Bjarnasyni (sjá 053) en í samantektinni Fræðslustígur í Ólafsdal (eftir Arnar Guðmundsson) kemur eftirfarandi fram: "Þetta er Móhústúnið sem var slegið og síðan breiddur á það mór til þurrkunar úr miklum mógröfum í Orrustuflóa [052]. Tóftirnar eru af Móhúsinu [053] sem Torfi reisti." Móhústúnið hefur verið afgirt og um það hlaðinn garður að hluta. Fast norðaustan við eru flennistórar og blautar mógrafir, fast suðvestan við tekur við barð niður á áreyrar. Innan garðs er fremur sléttur, en þó smáþýfður völlur. Þar grænkar fyrr á vorin. Á áreyrunum suðvestan við hefur verið hlaðið annað hólf, sjá 049.
Túnið er um 180 x 50 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Móhúsið er allra syðst í þeim. Norðurhlið túnanna er afmörkuð mð skurði sem er um 150 m langur, fremur grunnur og algróinn og er uppkastið frá honum yfirgróið sunnan skurðarins, innantúns. Vestur- eða

norðvesturhliðin er afmörkið með nokkuð afgerandi túngarði og sem er um 25 m langur en op er inn í túnið syðst á umræddu garðlagi, í norðvesturhorni túns. Suður- eða suðvesturhlið túnsins virðist hafa verið mörkuð af með túngarði en hann er nú talsvert útflattur og slitróttur og hann er í beinu framhaldi af kerruvegi 007 og má vera að kerruvegurinn hafi einfaldlega markað þessa hlið túnsins. Hryggurinn sést í ríflega 40 m frá NV horni en verður þá ógreinilegri á barðsbrúninni og sést áfram í um 50 m til viðbótar áður en hann hverfur í eða útaf brúninni en er í stefnu á suðurvegg Móhússins. Ekki er ólíklegt að garðlag sem liggur frá norðausturhorni Móhúss (sjá 053) hafi verið framhald túngarðsins. Garðurinn er úr torfi. Hann er mest 0,8 m á hæð en allt að 2 m á breidd. Austan við hann er niðurgröftur eða rista merkjanleg á nokkrum stöðum.

Hættumat: engin hætta

DA-198:122 hleðsla 372956 548844

Víða sjást grjóthrúgur á bökkum Hvarfsdalsár sem líklega hafa verið tíndar saman og átt að nota efnið í hleðslur - eða hreinsa til fyrir tún. Á þessu svæði voru nokkrar grjóthrúgur sunnan við kvísl úr Hvarfsdalsá (sjá 062) og norðan sömu kvíslar og eru allar þær síðarnefndu skráðar saman undir þessu númeri. Grjóthrúgurnar eru um 650 m sunnan við bæjarhólinn í Ólafsdal, á árbakka Hvarfsdalsár, um 30 m SSV við Móhús 053.



Hrúga A, horft í norðvestur



Hrúga D, horft í norðvestur

Grónar áreyrar. Kvísl rennur á milli 062 og 122.

Grjóthrúgurnar norðan kvíslar eru skráðar saman undir þessu númeri en samtals eru fjórar hrúgur á þessum slóðum, á svæði sem er 35 x 16 m stórt og snýr VNV-ASA. Hér verður hverri hrúgu lýst lítillega og henni gefinn bókstafur til aðgreiningar.Líklegast hefur grjóti verið safnað saman á þessu svæði í þeim tilgangi að nýta það síðar sem byggingarefni en ekki orðið úr þeim framkvæmdum eða ekki þurft eins mikið grjót og talið var. Mögulegt er að grjótið hafi verið notað í garð 049 sem er 20 m vestan við hrúgurnar. Lýsingin hefst austast á svæðinu. Þar er hrúga A í brún eða brekku sem hallar niður að kvíslarfarvegi. Hún er 3 x 2,5 m stór og 0,8 m á hæð. Um 10 m norðvestan við hrúgu A er hrúga B. Hún er 3,5 x 3 m stór og snýr norðvesturs-suðaustur. Hún er um 1 m á hæð og talsverður fjöldi steina er í henni. Hrúga C er

um 10 m vestan við hrúgu B. Hún er einnig í brekku sem liggur niður að kvíslinni og talsvert hefur hrunið úr henni og niður brekkuna og sjálfsagt hefur eitthvað grjót líka verið tekið úr hrúgunni. Eftir stendur grjótröð í botninn sem er 3 x 2 m stór og aðeins um 0,2 m á hæð. Fjórða grjóthrúgan, D, er rúmum 10 m norðan við hrúgu C. Svo virðist sem mest af því grjóti sem kann að hafa verið safnað saman á þessum stað upphaflega hafi verið fjarlægt en eftir stendur grjótröð í botninn, 2,5 x 1,5 m að stærð og 0,2 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

DA-198:123 tóft óþekkt 374195 548391
Tóft er um 1,4 km suðaustur af skólahúsinu, sunnan við Hvarfdalsá skömmu áður en hún sveigir úr austri til norðvesturs. Ekki er vitað til að hennar sé getið í heimildum en skrásetjari rak augun í hana á loftmynd.


Tóft 123, horft í norðvestur.

Dalur sem einkennist af allt öðruvísi landslagi en er framar í dalnum, hér er stórgrýtt og gróðurrýrt. Svæðið er tunga sem markast af Hvarfsdalsá til norðurs, smærri á sem ekki er vitað um nafn á til vesutrs. Brattar hlíðar eru til suðurs og austurs. Svæðið er lyngi vaxið og lítur ekki út fyrir að vera sérlega gott beitiland.
Réttin er ótrúlega fínt og vandað mannvirki miðað við aðstæður og virðist ekki hafa verið í mikilli notkun. Þetta er einföld tóft, um 10 x 5 m stór frá ANA-VMV en op snýr í austur, upp í tunguna. Hún er vel hlaðin utan í bakka að sunnanverðu. Norðurlangveggur er tvöfaldur og fylltur með smáu grjóti, líkt og húsveggur. Sama á við um vesturgaflinn. Raunar er alls ekki útilokað að tóftin hafi átt að vera undir þaki, enda líkist hún að mörgu leyti frekar hústóft en rétt. Norðausturhornið er fallega bogadregið og vandað.



Hættumat: engin hætta

DA-198:124 þúst óþekkt 371932 549957



Innan túnsins á Ólafsdalseyrum eru ýmsar mannvistarleifar en ummerki eru víða talsvert afmáð. Tæpa 40 m vestan við garðlag sem markar af túnin til austurs er þúst, fagurgrænt svæði, sem sker sig úr umhverfinu. Líklegt var talið að á þessum stað leynist mannvistarleifar undir sverði þótt ekki sé hægt að fullyrða um það nema með könnunarskurði. Þústin er um 120 m NNV við þjóðveg en um 800 m norðaustan við bæjarhólinn í Ólafsdal 001. Grónar en fremur snögglendar og sléttlendar áreyrar. Talsverð sina er á svæðinu nú (2017). Mikil raflína gengur yfir eyrina um 50 m vestan við þústina.




Þúst 124, horft í norðvestur.

Svæðið sem um ræðir er um 10 x 6 m stórt og snýr NNV-SSA. Það sker sig úr umhverfinu þar sem það er fagurgrænt og þar vex snöggt gras en umhverfis er talsverð sina. Ekki er hins vegar að sjá upphækkun eða þýfi á þessu stað, það er jafn rennislétt og umhverfið.

Engu að síður er talið líklegt að þarna gætu leynst mannvistarleifar undir sverði.
Hættumat: engin hætta

DA-198:125 mannvirki 372959 548348



Handgrafnir skurðir sjást á nokkrum stöðum í tungunni milli Hvarfsdalsár og Ólafsdalsár. Allir eru þeir í mýrlendi austan við holt sem er kallað Torfholt (sjá 160) í örnefnalýsingu en er einnig þekkt undir nafninu Tunguholt - undir því vestanverðu eru rústir 137. Mýri þessi er um 1 km suður af skólahúsinu. Langbest er að skoða skurðina á loftmyndum. Hugsanlega er það þessi flói sem var byrjað að skera fram strax við upphaf skólans: "...hálfum mánuði fyrir réttir tóku piltar til að skera fram stóran flóa og voru við það fram um réttir, gjörðu þeir þar meira en 300 faðma af framræsluskurðum og köstuðu saman nokkru af rofinu." Virðist lengdin, 300 faðmar, geta passað vel við heildarlengd skurða á svæðinu. Deiglend mýri. Mýrin er allstór og nær yfir bróðurpart tungunnar. Mógrafir eru í henni næst holtinu (sjá 134) Skurðirnir virðast hafa verið grafnir til að reyna að ræsa hana fram og ná yfir svæði sem er alls 400 x 300 m stórt frá norðri til suðurs. Skurðirnir eru mest áberandi í vesturhluta mýrarinnar, í þeim hluta hennar sem teygir sig syðst í eins konar sund milli Tunguholts og annars nafnlauss holts sem er þar austan við, uppundir fjallsrótum. Einn meginskurður liggur eftir mýrinni frá norðri til suðurs og er hátt í 400 m langur en sveigir í norðvestur nyrst og hefur vatn runnið frá mýrinni þar, fast austan við mógrafir 134. Smærri skurðir liggja að honum úr vestri á tveimur stöðum en auk þess eru 2-3 aðskildir, litlir skurðir

skammt suðaustur af suðurenda Tunguholtsins. Skurðunum er hér aðallega lýst af loftmynd en þeir hafa ekki allir verið grandskoðaðir á vettvangi. Þeir eru þó allir sýnilegir en samansignir og grónir, líklega víðast hvar um 0,5 m á breidd og 0,3-0,5 m djúpir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 158

DA-198:126 garðlag vörslugarður 372400 548934



Garðlag 126, horft í norðvestur. Eins og sést á myndinni er iðagrænt svæði hægra megin við garðinn neðarlega. Þar fundust engar minjar.

Garðlag liggur ofan úr fjallshlíð niður að Ólafsdalsá innarlega í Ólafsdal vestanverðum, hér um bil gegnt tóvinnuhúsi 063. Hann nær ofan úr fjallshlíð og niður að á.
Hálfgróin fjallshlíð, skriðurunnin og talsvert grjóthrun þar í. Þar neðan við er mýri.
Garðurinn er alls rúmlega 150 m langur. Efri hlutinn, í hlíðinni, er lágur og grjóthlaðinn, nær mest 0,2-0,3 m hæð, 1-2 umför af grjóti. Engin merki sjást um að girt hafi verið ofan á. Í mýrinni tekur við torfgarður, um 0,8 m breiður og 0,3-0,4 m hár. Skurður eða pæla er meðfram að sunnanverðu og rennur lítill lækur í hann úr hlíðinni. Líklega hefur garðurinn átt að girða af innsta hluta Ólafsdals að vestan en þó vandséð hvernig hann hefði verið gripheldur án girðingar ofan á svo lágu mannvirki. Á ljósmynd sem tekin var 1905 ofan úr Neðri-Skál grillir í tóvinnuhúsið og garðurinn (og ekki síður skurðurinn við hlið hans) sést vel í hlíðinni á móti
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ljósmynd JG80

DA-198:127 þúst óþekkt 372945 549276

Þúst er fast sunnan við túngarð 065 allra austast (og líklega sambyggð honum) og um 220 m SSA við bæjarhólinn í Ólafsdal 001. Þústin er um 50 m vestan við nátthaga 031. Þústin er undir Kvíaholti. Þústin er í brekkukverkinni í svolitlum halla. Enn neðar tekur við aflíðandi brekka.
Þústin er afar sigin og óljós en ummerkin virðast því of regluleg til að um náttúrumyndun geti verið að ræða. Þústin er 11 x 6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er aðeins 0,1-0,2 m hærri



en umhverfið. Mögulegt virðist að tóftin hafi skipst í tvö hólf og að minna hólfið (um 2 x 1 m að innanmáli) hafi verið austar (hærra í brekkunni). Vestara hólfið gæti hafa verið um 6 m á á lengd en öll eru þessi ummerki of ógreinileg til að hægt sé að fullyrða um það enda hefur stór hluti norðurveggjar horfið í skurð/garðlag norðan við.
Hættumat: engin hætta

DA-198:128 hleðsla óþekkt 373102 549334
Tæpum 30 m ofan (ANA) við nátthaga 031 er hrunin grjóthleðsla í Bæjarhlíðinni um 420 m suðaustan við bæjarhólinn í Ólafsdal 001.


Hrúga 128, horft í norðvestur.

Í grösugri hlíð sem hallar til VSV. Umhverfis er sinuvaxið.
Á þessum stað hafa verið settir saman nokkuð stórir steinar. Steinarnir mynda ferhyrning sem er ríflega 1,5 m á kant. Þeir eru skófum og mosavaxnir. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi grjóti hefur verið hlaðið saman á þessum stað. Hugsanlegt er að þarna hafi verið byrgi sem er þá hrunið en ekki er hægt að útiloka að óvenju vegleg varða hafi verið hlaðin á staðnum.

Hleðslan er gróflega í stefnu við garð 065.

Hættumat: engin hætta


DA-198:129 mannvirki óþekkt 373159 548762
Einkennilegar grjóthrúgur eru um 60-70 m suðvestan við Orrustuholt.


Dreif af stórgrýti 129a, horft í norðvestur.

Lægra holt sem gengur frá Orrustuholti til suðurs. Harður melur, nú allgróinn.
Norðar er sérkennileg dreif af stórgrýti, 40-50 steinar á svæði sem er nokkurn veginn bátslaga, tæplega 20 x 10 m stórt frá NV-SA. Erfitt er að ímynda sér annað en þeir

séu aðfluttir. 7-8 m suður af dreifinni er sokkin, hringlaga grjótdreif, líklega hleðsla, einungis sést í toppinn á grjótinu. Hún er um 1,2 m í þvermál. Ekki er víst að þessi ummerki séu frá sama tíma. Hugsanlegt er að stórgrýtið hafi átt að móta, höggva til og nota í hleðslur, en syðri hleðslan gæti verið mun eldri, jafnvel frá fyrstu öldum byggðar í Ólafsdal.
Hættumat: engin hætta


Steinadreif 129b, horft í norðvestur.



DA-198:130 mannvirki óþekkt 373271 548691

Í framhaldi af Orrustuholti 037 til suðurs gengur lágur melur. Meðfram honum að vestanverðu er lítill árfarvegur og handan hans lægra malarholt. Úr því holti og út í farveginn til ANA eru tveir skurðir, handgrafnir.
Harður melur, hálfgróinn.
Alls ná skurðirnir yfir svæði sem er um 20 x 14 m stórt NV-SA. Skurður A er sunnar, fremur ógreinilegur, 0,8 m breiður og 0,3 m djúpur, gróinn í botni, liggur fyrst í um 8 m til norðurs en sveigir svo í NV um 10 m til viðbótar. Skurður B er norðar, mjög greinilegur, 10 m langur og allt að 1 m djúpur, 0,3 m breiður og algróinn. Tilgangur með skurðum á þesusm stað er óljós, enda holtið vel þurrt og ekki augljóst að þurft hafi að veita vatni burt af því. Báðir skurðir liggja til norðurs út í farveg sem nú er þurr.

Hættumat: engin hætta

DA-198:131 mannvirki óþekkt 373557 548479



Hleðsla 131, horft í norður.


Aflöng grjóthrúga, mögulega garðlag, er sunnan Hvarfdalsár austarlega í tungu skáhallt á móti tóft 050 í Stekkjarhvolfi sem er norðan ár. Þetta er 150 m suðvestur af Stekkjarhvorlfi.
Sléttar, harðlendar og uppgrónar áreyrar.
Ógróið grjót er á miðri eyrinni, í línu líkt og garðlag, vísar NNV-SSA. Ekki eiginleg hleðsla en þó er grjótið líklega tilkomið af mannavöldum og gæti hafa átt að byggja úr því. Allls er hleðslan tæplega 10 m löng.
Hættumat: engin hætta

DA-198:132 heimild um leið 549323 372065
"Þegar komið er inn fyrir Lambadalsá heitir melurinn Kragamelur, beint á móti bæ. Fjallið innan við Lambadalinn heitir Kragi og svæðið þar efst í brún heitir Kragaklettar og ná fram undir Ólafsdalsbotn. Kraginn, Lambadalsmegin fer smá lækkandi alveg niður að Lambadalsá og heitir það Tagl og er mjög greiðfær leið á fjallið," segir í örnefnaskrá. Ekki er um sérstakar götur að ræða á þessum stað en vafalaust hefur oft verið farið þessa leið upp á fjall t.d. í smalamennsku. Hnit er tekið af korti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a,1

DA-198:133 hleðsla óþekkt 373253 548583
Grjóthrúga sem greinileg hefur verið færð saman, er í Tungunni, rúman 1 km SSA við bæjarhólinn í Ólafsdal 001. Grjóthrúgan er á grónum áreyrum Hvarfdalsaár, á milli tveggja af fjölmörgum kvíslum árinnar sem renna um dalbotninn á þessum slóðum.
Hrúga af grjóti er á þessum stað. Hún er um 2 m í þvermál en 0,2 m á hæð. Grjótið er vaxð skófum og mosa. Hugsanlegt er að varða hafi verið á þessum stað sem er nú alveg hrunin en líklegra er e.t.v. að þarna hafi einfaldlega verið safnað saman grjóti til að nota í byggingar líkt og með grjóthrúgur sem hér eru skráðar undir númerum 062 og 122..
Hættumat: engin hætta

DA-198:134 náma mógrafir 372928 548549
Mógrafir eru í tungunni milli Hvarfsdals- og Ólafsdalsár, skammt austan við Torfholt (160), sem nú virðist einnig nefnt Tunguholt. Þetta er rétt um 1 km SSA af skólahúsinu.
Blaut mýri. Frekar afmarkað mógrafasvæði fast við læk. Greinilega skornir bakkar sjást á alla kanta, þær eru um 0,5-

0,7 m djúpar. Alls er svæðið um 20 x 10 m stórt. Austan við grafirnar er handgrafinn skurður, hluti af skurðakerfi 125 (sjá nánar við mynd undir því númeri).
Hættumat: engin hætta



DA-198:135 tóft óþekkt
372848 548553
Fornleg tóft er uppi á Tunguholti austanverðu, nær beint vestur af mógröfum 134. Þetta er rúman kílómetra suður af skólahúsinu og rúma 100 m beint austur af víkingaaldarbæjarstæði 137.
Smágrýtt holt, mikið blásið.
Sokkin tóft, grjót stærra en í holtinu í kring, innra byrði gróið snöggu grasi. Alls er tóftin um 15 x 13 m stór og snýr NA-SV í dálitlum halla mót norðaustri. Frá þessum stað sést ekki heim að víkingaaldarbæjarstæðinu en hins vegar er útsýni þvert yfir dalinn og beint yfir að Orustuholti 037. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur þjónað.


Tóft 135 úr lofti, skammt neðan við miðju.

Hættumat: engin hætta

DA-198:136
varða óþekkt 372784 548646



Varða 136, horft í norðvestur.

Varða er fremst (nyrst) á Torfholti, um 860 m sunnan við bæjarhólinn í Ólafsdal 001.
Varðan er á eins konar nesi eða nefi sem gengur til norðurs út úr holtinu. Gróður á holtinu er gisinn en þar vex á köflum mosi, gras og lyng, þótt gróðurhulan sé víðast þunn. Umhverfis sjálfa vörðuna er þó nokkur gróður.Varðan er um 1,6 x 1,3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,8 m á hæð. Varðan virðist nýleg eða nýlega endurhlaðin en neðsta lagið af grjóthleðslunni er vaxið mosa og skófum og gæti verið grunnur eldri vörðu. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varða var hlaðin á þessum stað. Hún er aðeins 24 m norðaustan við nyrstu tóftina í röð fornlegra tófta sem eru vestan undir Torfholtinu (sjá 137).
Hættumat: engin hætta

DA-198:137 tóftir býli 3727240 5485208


Tóft 137 a, horft í norður.

Miklar og fornlegar rústir eru vestan undir Torfholti (160), sem reyndar er nefnt Tunguholt í örnefnalýsingu. Holtið er í tungunni milli Hvarfsdalsár og Ólafsdalsár - mest áberandi holtið sem er á því svæði. Tóftirnar eru undir því að vestan, rétt tæplega 1 km SSA af skólahúsinu. Þetta er um 100 m austur af Ólafsdalsá. Rústirnar virðast ekki hafa verið þekktar áður eða skjalfestr þótt einhverjir sem hafa smalað á svæðinu virðist hafa rekið augun í þær.
Holtið gengur í totu fram




til norðurs og þar er varða á því nyrst. Grónar hvilftir ganga inn í það að vestanverðu. Vesturbrún holtsins er skörp.

Tóftirnar eru alls a.m.k. 10 talsins og ná yfir svæði sem er um 200 x 20 m stórt frá norðri til suðurs. Þær raða sér í nokkurn veginn einfalda röð meðfram holtinu vestanverðu og sumar þeirra eru inn í hvilftum sem ganga inn í holtið. Lýsingin hefst hér syðst á tóft sem er kölluð A. Hún er byggð utan í holtið og má segja að það myndi NA-horn hennar. Tóftin er einföld, alls um 8 x 5 m stór frá norðri til suðurs, langveggir lítillega sveigðir, algrónir og 0,3-0,4 m háir. Mögulega hafa verið dyr á SA-horni en einnig eru lægðir á tveimur stöðum í vesturlangvegg. Í næstu laut eða hvilft norðan við eru þrjár tóftir. B er óljósust, innst eða austast í hvilftinni. Hún er mögulega tvískipt, liggur frá norðri til suðurs með bogadreginn langvegg að brúninni á holtinu og með viðbyggingu að vestanverðu. Engar dyr eru ljósar og allt er þetta grasi gróið. Innra byrði viðbyggingar er mjög óljóst en hin hólfin sýnast sannfærandi. Tóft C er u.þ.b. 8 m vestar og beint vestur af henni er um 2 m hár bakki. Hún er einföld og hringlaga, 3-4 m í þvermál. Veggjahæð mest um 0,5 m. Líklega hafa dyr snúið í norður, veggir eru bústnir og algrónir. Þessi tóft er heldur reisulegri en flestar hinna og gæti verið eitthvað yngri. D er hugsanlega ekki mannvirki en þó getið hér. Djúpur og reglulegur niðurgröftur um 10 m norður af C og 3-4 m vestur af holtinu. Einungis suður- og vesturhlið eru greinilegar en hallar uppúr til norðurs. Hér er vart hægt að tala um eiginlega veggi. Dýpt niðurgraftar er allt að 1,3 m. E er um 10 m norður af D, um það leyti þar sem næst laut er að byrja að teygja sig inn í holtið. Þetta er grenilega dæld frá norðri til suðurs og vesturlangveggur er ljós en að öðru leyti rennur hið meinta mannvirki saman við umhverfið og erfitt að staðfesta að það sé tóft. F er þar fast norðvestan við og fast utan í holtinu. Það er sýnilega rétt og er hún líklega yngri en aðrar mannvistarlefiar á svæðinu. Holtið myndar austurvegginn og er þarna rúmlega 2 m hátt. Veggir eru að öðru leyti um 0,4 m á hæð og sér í grjót í þeim á nokkrum stöðum. Réttin er einfalt hólff, líklega opið í norðurátt og mögulega á suðvesturhorni einnig, en það gæti líka verið rof í vegg eftir umferð kinda. Þá er komið að stærstu tóftinni, G, af skála. Hún er í næstu laut og blasir við á loftmynd. Tóftin liggur hér um bil NNA-SSV, er aflöng og með býsna afgerandi sveigða langveggi. Hún virðist skiptast í þrjú hólf - miðhólfið er stærst en virðast afstúkuð rými í sitthvorum enda. Alls er tóftin rúmir 20 m á lengd og 9-10 m á breidd þar sem mest er um miðbikið Innrabyrði tóftar er allt mjög greinilegt og ytra byrði austurveggjar en ytra byrði vesturveggjar rennur saman við þýfið utan við. Dyr sjást ekki. Veggir er allt að 3 m þykkir, austurveggur bæði hærri og þykkari en sá vestari. Veggjahæð mest um 0,7 m. Tóft H er fast norðan við tóft G en þó ekki samföst - um 2 m skilja á milli. Hún er einföld og niðurgrafin um u.þ.b. 0,3 m,



Tóftir 137 i og h, horft í suður



Rústasvæði 137 áður og eftir að uppgröftur hófst, horft til suðurs. Fyrir miðri mynd er skálarúst h, jarðhýsi i fast norðan við hana.

mjög greinileg. Hún snýr A-V, dyr ekki sýnilegar. Gríðarlegt þýfi er þar norðvestur af. Þessi

tóft gæti verið af jarðhýsi. I er fast norðvestan við H. Hún er mjög óljós og sigin, mest um 0,2 m veggjahæð en virðist tvískipt, liggur frá norðri til suðurs og er alls um 10 x 7 m stór N-S. Tóft þessi er við smánef sem gengur fram úr holtinu, milli hvilfta. Að lokum er tóft J fast vestan við norðurenda holtsins, mjög skýr tóft og einföld, liggur N-S. Hugsanlega hafa verið dyr á henni í norðurátt. Á loftmynd virðist mögulegt að enn ein tóftin (k) sé fast sunnan við hana, ámóta stór en gæti snúið austur-vestur. Hún hefur ekki verið könnuð á vettvangi. Haustið 2017 var gerð fornleifakönnun á staðnum. Skurður var tekinn í skálatóft G, gegnum vesturvegg nálægt miðju. Komið var niður á svart kolagólf og voru sýni úr þeim greind til 9.-10. aldar. Einnig var borað með jarðvegsbor víða umhverfis tóftirnar og jarðlög og mannvistarlög kortlögð. Fyrirhugað er að rannsaka skálatóftina með uppgrefti.
Hættumat: engin hætta

DA-198:138 mannvirki 372799 549591
Skurður liggur til suðvesturs frá austurenda garðs 116. Þetta er tæpa 250 m beint austur af skólahúsi. Svæðið er grösugt, því hallar aðeins til vesturs og norðvesturs. Mun þurrlendara er ofan skurðs enneðan. Beðasléttur 022 eru í stykki ofan eða austan við.


Skurður 138, horft í suður.


Skurður 139, horft í NV.

Skurðurinn er um 0,4 m djúpur og 0,5 m breiður og samansiginn, tæplega 120 m á lengd. Honum hallar lítið til suðuvesturs, uppkast eða hugsanlega smáhleðsla á vesturbarmi. Skurðurinn er hluti af flóknu áveitu- eða flóðveitukerfi í Ólafsdal og hefur líklega veitt vatni úr öðrum skurði, sem tók við vatni ofan úr fjalli, niður í þverskurð 064 sem lá úr Lind 040 til norðurs. Auk þess hefur hann tekið við vatni af beðasléttum 022.
Hættumat: engin hætta

DA-198:139 mannvirki 372884 549547
Veigalítill skurður liggur skáhallt niður brekku til NNV ofan við beðasléttur 022. Mörk túns. Skurðurinn hefur leitt

vatn úr litlum læk ofan úr fjalli niður í skurð úr flóðveitunni (060), en sá hefur í seinni tíð verið grafinn út með vél. Skurðurinn er samangsigin rás, 0,2 m breið og 0,1 m djúp, bein og augljóslega handgrafin. Alls er hann tæplega 70 m langur og liggur frá SA-NV. Engin hleðsla sést á bakkanum og lækurinn rennur enn í skurðinum.
Hættumat: engin hætta

DA-198:140 brú brú 372779 549526
Brú er á skurði 138 um 50 m beint austur af bæjarhól 001. Tún. Brúin er algróin en þó líklega grjót í henni, rúmlega 2 m breið og 1-2 m löng. Hefur væntanlega verið kerrufær. Á ljósmynd sem tekin var ofan úr Neðri-Skál sést að vegur hefur legið meðfram beðasléttum 022, til vesturs yfir bæjarhól 001 - það er framhald af vegi 095. Hann virðist hafa legið yfir skurðinn á þessum stað, sem skýrir staðsetningu brúarinnar. Önnur brú hefur líklega verið á skurði vestan við, sjá 112.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ljósmynd JG80


Brú 140, horft í suðvestur.

DA-198:141 tóft útihús 372720 550092
Lítil tóft er um 5 m norðan við NA-horn nátthaga 027 og um 500 m norðan við bæjarhólinn í Ólafsdal 001. Gróið en talsvert stórgrýti hefur fallið úr fjallinu. Tóftin er torfhlaðin og talsvert úr lagi gengin, alls um 7 x 5 m frá norðri til suðurs. Líklega hafa verið dyr nyrst á vesturvegg. Veggjahæð er mest um 0,3 m, grjót sést ekki. Líklega hefur þetta verið útihús af einhverju tagi.
Hættumat: engin hætta



DA-198:142 vegur leið 372207 549848
Leifar af vegi sjást vestan við Ólafsdalsá um 10 m norðan við grjóthrúgu 146.
Harðlendar, uppgrónar áreyrar. Vegarbútur sést á um 13-15 m löngum kafla frá austri til vesturs, alveg við ána, og er hlaðið meðfram með grjóti beggja vegna - einföld steinaröð og talsvert sokkin. Gróið er á milli steinaraða. Vegurinn er jarðlægur en ekki upphleyptur, um 2 m breiður en endar skyndilega. Ekkert sést við ána og ekki heldur að austanverðu. Á ljósmynd

sem tekin er ofan úr Neðri-Skál 1905 virðist vera vegur á þessum stað. Ef dregin er lína á ljósmyndinni milli Goðasteins 035 og því horni á túni á Eyrunum (051) sem teygir sig lengst að bæ er hægt að staðsetja hann á myndinni - og stendur heima að hleðsluleifarnar eru á sama stað. Vegur þessi virðist á myndinni liggja til VNV, í átt að Eyrartúni 051 og nánast að garðinum sem umlykur það - á kafla á leiðinni, sunnan núverandi þjóðvegar, sést regluleg rás á nýlegri loftmynd sem gæti verið hluti af veginum. Af ljósmyndinni gömlu má sjá að þaðan hefur hann legið til vesturs meðfram garðinum og jafnvel niður með honum að sjónum. Í framhaldinu virðist liggja vegur út með firði, á svipuðum slóðum og núverandi vegur eða heldur neðar. Frá staðnum sem skráður að virðist mögulegt að vegurinn hafi sveigt mun meira í suður eftir eyrunum og svo yfir meginkvísl árinnar þar sem er greinileg brú á sömu ljósmynd, hér skráð undir númerinu 094.



Leifar af vegi 142, horft í austur

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ljósmynd JG77

DA-198:143 tóft óþekkt 371982 549935
Lítil tóft er sambyggð túngarði um túnið á Ólafsdalseyrum (051), um 80 m norðan við þjóðveg en 750 m norðvestan við bæjarhólinn í Ólafsdal 001.



Tóft 143, horft í norður.

Sléttuð áreyri. Innan garðs hafa verið ræktuð tún og gerðar miklar beðasléttur (sjá 034). Voldug raflína liggur yfir eyrina. Tóftin er ferhyrnd og 5,5 x 4 m að stærð. Hún er sigin og einföld. Svo virðist sem túngarður 051 hafi verið byggður yfir norðausturhlið hennar. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni en innanmál hennar er 3,5 x 2,5 m. Veggir eru um 1 m á breidd en 0,2 m á hæð. Tóftin er algróin og virðist mun eldri heldur en túngarðurinn.

Hættumat: engin hætta

DA-198:144 renna áveita 371954 549870

Skurðir eða rennur eru innan túns á Ólafsdalseyrum 051, um 770 m VNV við bæjarhólinn í Ólafsdal 001, fast neðan (norðvestan) við þjóðveg. Sléttuð áreyri. Í túninu hafa verið gerðar miklar beðasléttur (sjá 034). Voldug raflína liggur yfir eyrina.



Renna 144 á Eyratúni, horft í NA.

Skurðirnir hafa líklega verið handgrafnir en eru nokkuð ólíkir að gerð. Saman má segja að þeir séu T-laga og ná samtals yfir svæði sem er 130 x 115 m stórt. Önnur rennan (renna A) liggur að mestu samsíða suðausturhlið túngarðs 051 á um 100 m kafla , sum staðar alveg við garðinn en annars staðar allt að 10 m frá. Á norðurbakka umræddrar rennu er hryggur, greinilegt. Umræddur skurður liggur undir veginn nálægt norðausturhorni hans og má greina rásina utan túnsins á um 30 m kafla áður en hún hverfur. Frá rennu A gengur önnur renna (renna B) til norðvesturs eða niður túnið. Renna B er mjög óljós. Hún myndar 90¨ horn við rennu A og liggur í um 115 m niður eða norðvestur túnið en beygir þá lítillega áður en hún liggur í um 40 m til norðurs og endar þar í uppsprettu. Rennan er grunn og ekki er merkjanlegt greinanlegt uppkast frá henni. Líklegast hafa rennurnar verið gerðar til að stjórna vatnsflæði um svæðið.

Hættumat: engin hætta

DA-198:145 heimild um landamerki 369794 549379

Í Landamerkjaskrá fyrir Ólafsdal í Saurbæjarhreppi segir "...fram á fjallsbrún Holtahlíðar (er aðrir nefna Ólafsdalshlíð) utanvert við svokallaða Byrgismýri, þar sem sjá má fyrir gömlum bæjargarði [???]. Ofan að sjó, úr hlíð ofan. Er nú þessi merki kölluð Merkjaskriða." Í örnefnaskrá segir: "Næst úti á merkjum á Holtahlíð móti Stórholti er skriða sem heitir Merkjaskriða og eftir henni rennur lækur í mörgum hlykkjum sem heitir Merkjalækir." Í heimildum er getið um



Merkjaskriða, horft upp í fjall til suðurs.

garð á merkjum Ólafsdals og Stóraholts í svokallaðri Merkjaskriðu. Umræddur staður er um 2,9 km vestan við bæ 001.
Grjótdreifin nær yfir nokkuð stórt svæði á merkjum en ekki sáust merki um grjótgarðinn.
Heimildir: Landamerkjabók Dalasýslu 1887, 82-83 og Ö-Ólafsdalur a, 1

DA-198:146 hleðsla 372220 549837
Grjóthrúga, mögulega aðkenning að vörðu, er fast vestan við Ólafsdalsá, á eyrunum um 100 m ofan eða sunnan við brúna á akveginum. Þetta er um 430 m norðvestur af skólahúsinu.
Grónar, harðlendar áreyrar. Hrúgan er óregluleg, úr boldangshnullungum, um 1 m í þvermál og 0,5 m há. Hún gæti hafa átt að merkja gamlan veg sem er líklega um 10 m norðan við (142) en gæti líka einfaldlega verið grjót sem tínt hefur verið saman af eyrunum til að nota í hleðslur.
Hættumat: engin hætta


Mannvirki 147, horft í austur.


Varnargarður 148, horft til norðurs. Fjær sést hleðsla 146.

DA-198:147 þúst óþekkt 372764 550625
Óljós ummerki, mögulega lítil tóft, eru stutt ofan við (suðaustan) við fjöru rúmum 1 km norðan við bæjarhólinn í Ólafsdal 001. Staðurinn er um 35 m norðaustan við garðlag 149.Bakkinn ofan fjöru er gróinn en vik er í hann á þessum stað. Brekkan er aflíðandi og grasi gróinn en ofar tekur við meiri bratti. Á þessum stað virðist hugsanlegt að stungið hafi verið inn í brekkuna einhvers konar mannvirki. Það er 5 x 4 m stórt og er opið til norðvesturs, að sjó. Um 0,7 m eru frá "tóftarbotni" og upp á barma mannvirkisins. Engar hleðslur sjást og hafa væntanlega ekki verið.
Hættumat: engin hætta

DA-198:148 garðlag varnargarður 372222 549832
Leifar af garðlagi sjást meðfram Ólafsdalsá að vestanverðu beint sunnan

við grjóthrúgu 146.
Harðlendar, uppgrónar áreyrar við aðra af tveimur kvíslum úr ánni.
Sokkin, óregluleg hleðsla sem sést á tæplega 20 m löngum kafla. Ekki er augljóst hvort þörf hefur verið á varnargarði á þesum stað, en áin rennur í fremur djúpum farvegi.
Hættumat: engin hætta

DA-198:149 garðlag óþekkt 372758 550587
Garðlag liggur frá klettum í hlíðinni norðaustan við Ólafsdal. Garðlagið er fyrst merkjanlegt rúmum 80 m norðvestan við þjóðveg, þar sem mesta brattanum neðan við þjóðveg sleppir og við tekur aflíðandi svæði niður að fjöru. Það er um 1 km norðan við bæjarhólinn í Ólafsdal 001. Grjótgarðurinn liggur niður grasi gróna brekku (til norðvesturs). Talsvert af lausagrjóti er í brekkunni.
Garðurinn vandlega hlaðinn úr grjóti og eru minni steinar innan í veggnum en í jöðrum hans. Garðurinn er um 50 m á lengd og snýr NNV-SSA. Hann er 0,3 m á hæð en um 1 m á breidd.Hann nær frá fjöru og upp í brekkukverk þar sem mun meiri bratti tekur við af aflíðandi svæði. Garðurinn er skorinn af vegi 056 sem liggur í gegnum hann neðarlega. Ekki er ljóst hvaða tilgangi garðurinn hefur þjónað en ekki er ólíklegt að hann sé vörslugarður.
Hættumat: engin hætta


Garðlag 149, horft í norður.

DA-198:150 mannvirki 372127 549760
Grjót virðist hafa verið borið saman í hrúgu ofan í kvíslóttum farvegi Lambadalsár. Þetta er um 460 m norðvestur af skólahúsinu og tæpa 150 m suður af gamla þjóðveginum um Gilsfjörð.
Grýttur, gamall árfarvegur, skriðutaumar í kring.
Óreglulegir hnullungar í smáhrúgu, ósennilegt að það sé varða enda sést hún illa að. Sennilega er þetta grjót sem hefur verið tínt saman í nágrenninu og átt að nota til bygginga eða garðahleðslu. Hrúgan er rúmlega 1 m í þvermál og um 50 cm há.
Hættumat: engin hætta

DA-198:151 garðlag óþekkt 372763 550457

Garðlag liggur frá þjóðvegi austan Ólafsdals og niður hlíðina. Garðlagið er um 870 m norðan við bæjarhólinn í Ólafsdal

Grasivaxin hlíð en talsverður bratti er bæði ofan og neðan garðlagsins. Einstaka stórgrýtissteinn er í grasi gróinni hlíðinni.



Garðlag 151, horft í norður.

Garðurinn er mjög óverulegur og siginn. Hann er um 50 m langur og liggur yfir aflíðandi svæði frá þjóðvegi en endar þar sem meiri bratti tekur við ofan í fjöru. Garðurinn er 0,9 m á breidd en 0,2 m á hæð. Steinar eru mosivaxnir. Ekki er vitað hvaða hlutverki garðurinn gendi.

Hættumat: engin hætta

DA-198:152 tóft hlaða 372588 549360



Þúst 152, horft í vestur.

Ógreinileg og sigin rúst er í túni rúma 170 m beint suður af skólahúsi, 10-15 m suður af suðvesthorni leifa af fjárhúsi sem var byggt á síðustu búskaparárum í Ólafsdal eftir miðja 20. öld (sjá 068). Iðagræn, hringlaga þúst sem er um 7-8 m í þvermál og mest um 0,3 m há, algróin. Hér gæti verið komin súrheysgryfja og ekki víst að hún sé mjög gömul.

Hættumat: engin hætta

DA-198:153 garðlag túngarður 372564 549616



Af loftmynd af Ólafsdal má sjá greinilegan hrygg í túninu norðan við skólahúsið 067 og óljóst má sjá móta fyrir honum á vettvangi um 90 m austan við norðurenda bæjarhólsins í Ólafsdal 001. Grasi vaxið og þýft tún. Garðlagið má óljóst rekja á um 40 m kafla á milli tveggja skurða, í túnhorni. Garðlagið liggur NNA-SSV. Það er um 3 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

DA-198:154 tóft óþekkt 372889 548636
Tóft er í mýrlendi austan undIr Tunguholti/Torfholti (sjá 160), sem er í Ólafsdalstungu milli Hvarfsdalsár og Ólafsdalsár. Hún er skammt norðan við mógrafir 134.

Þurr bunga í mýri.Tóftin er grasi gróin og fellur vel inn í umhverfið - hvergi sér í grjót. Hún er alls um 12 x 6 m stór og snýr hér um bil norður-suður en norðurhlutinn er mun greinilegri og lögulegri en sá syðri, sem er siginn. Hugsanlega hafa verið dyr á norðurgafli. Hlutverk tóftarinnar er óljóst, hugsanlega hey- eða móstæði og gæti þá verið eldra en frá búnaðarskólatímanum.
Hættumat: engin hætta

DA-198:155 *Byrgismýri* tóft smalakofi 370670 549561

Hlaðið byrgi er austan við Byrgismýri, sem er útundir merkjum á móti Stórholti. Þetta er um 20 m neðan vegar, næstum beint niður eða norður af byrgi 044.
Í gróinni skriðutaumabrekku mót norðri. Greinileg og ferköntuð tóft, algróin. Veggir eru úr grjóti, a.m.k. neðantil, mest um 0,3-0,4 m háir. Stærð byrgisins er um 3,5 x 3 m frá norðri til suðurs, dyr í norðurátt austan við miðju. Rof er í suðurvegg. Líklegt að hér sé komið smalabyrgi.
Hættumat: engin hætta


Byrgi 155, horft í norður.

DA-198:156 heimild um landamerki
Árið 1622 var ályktað í lögréttu um landamerki milli Kleifa og Ólafsdals. Þar segir m.a."Yfirskoðaði eg með tilnefndum mönnum þetta nefnt þrætuland, í byggð og á fjalli uppi, og leist mér sem þeim að sá hæðsti melhryggur sem liggur norðan við Deildarvatn kallað er, skilja lönd á millum fyrsagðra jarða, Ólafsdals og Kleifa, með því að öllum vötnum fyrir norðan sagðan melhrygg halla að Kleifalandi og Grjótárlægðum. En þau sem til suðvesturs falla, hallast að Ólafsdalslandi, því virðist mér eftir lögmáli hvöruga kunna með réttu á fjalli uppi yfir áðurnefnt takmark sér land eigna mega. Síðan verður þá sjónhending að ráða af þessari hæð ofan í sjó, að þeim grjótvörðum sem þá samstundis þar upp settar voru, því so ávíkur lögmálið að með sjónhending skal jörðum skipta utangarðs." Úr tólf manna dómi um lönd milli Kleifa og Ólafsdals 1622, í jarðaskjölum í AÍ V, s. 68, prentað aftan við sóknarlýsingu.
Ekki er vitað hvort varðan sést enn en það verður að teljast ólíklegt. Staðurinn hefur ekki verið skoðaður á vettvangi þegar þetta er ritað.
Heimildir:SSD, 182

DA-198:157 heimild
Í skýrslu um tuttugasta og fimmta ár búnaðarskólans, 1905-1905, segir: "Gjörð safngryfja er rúmar 700 teningsfet." Sennilega hefur safngryfjan verið áföst fjósinu 004 að vestanverðu, en þar sjást enn leifar byggingar. Þetta er þó ekki hægt að sannreyna og því fær staðurinn sérnúmer.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 187

DA-198:158 mannvirki áveita 372706 549613

Skurður er í túni, liggur til norðurs frá Lindinni 040, meðfram austurhlið bæjarhólsins 001.



Bæjarhóllinn 001 er hér með opnu flagi, horft til suðurs. Skurður 158 sést vinstra megin við hann og Lindin 040 í fjarska.

Grösugt tún, ekki slegið.Skurðurinn er alls rúmlega 220 m langur, mjög greinilegur en gróinn í botni. Breidd er víðast um 0,7 m og dýptin um 0,5 m. Á honum er smáhlykkur austan við bæjarhól en annars liggur hann NNV-SSA. Brú 112 hefur verið á skurðinum austan við bæjarhól. Að jafnaði virðist Lindin hafa runnið til vesturs og síðan norðurs, heim undir fjós 004 og mjólkurhús 048. Þó virðist hafa verið mögulegt að hleypa henni í þennan skurð. Sennilega er skýringin í bæklingi um fræðslustíg í Ólafsdal en þar segir: "Meðan Lindin var í notkun var allt slý hreinsað úr henni reglulega. Til þess var opnaður hleri sem er í Lindinni norðanverðri. Þá tæmdist hún út í frárennslisskurð sem enn er greinilegur..
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Fræðslustígur um Ólafsdal, 3

DA-198:159 gerði kálgarður 372594 549337
Kálgarður, líklega ekki mjög gamall, er í túni beint ofan eða austan við kálgarð 025. Á milli þeirra liggur kerruvegurinn 007. Grösugt tún.Kálgarðurinn er um 23 x 6 m stór frá NV-SA. Beðin liggja þvert á garðinn og eru því stutt en talsvert ber á þeim. Alls voru mæld upp 12 beð í garðinum. Ekki sjást greinilegar hleðalsur meðfram garðinum á öllum hliðum.
Hættumat: engin hætta



Kálgarður 159 og minjar í næsta nágrenni

DA-198:160
Í skýrslu sem rituð var í janúar 1889 er fjallað um framkvæmdir á vegum skólans á árunum 1880-1888. Þar segir: "Byggt torfhús 22 ál. langt, 5 ál. breitt að innanmáli, sem haft er fyrir útieldhús, eldiviðarhús og sorphús." Á túnakortum frá 1884 og 1888 sést að hús er samhliða gamla skólahúsinu austanvert, á sömu slóðum og mjólkurhúsið er nú - en það var ekki reist fyrr en veturinn 1889 . Ekki er fullvíst að um sama hús sé að ræða en verður þó að teljast líklegt, að þarna sé kominn forveri mjólkurhússins - en gamla smiðjan hefur þó væntanlega verið norðan til í hússtæðinu, sem er ekki greinilega aðgreint í fleiri hús á kortinu.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 173

DA-198:161 heimild um útihús 372578 549371
Á elsta túnakortinu úr Ólafsdal, sem líklega er frá árunum 1882-83, er sýnd rúst vestast í túni sunnarlega, líklega um 80-100 m norðvestur af 019, sem einnig er sýnt sem rústir á því korti. Þetta hefur líklega verið heldur norðar en kálgarður 025, en vestan við yngra hússtæði 068. Mjög grösugt tún. Ekki er vitað til að nein mannvirki sjáist á þessum stað, en hann var skráður af loftmynd eftir að vettvangsvinnu lauk. Kerruvegur 007 liggur um svæðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1882-1883

DA-198:162 *Eyratótt* heimild um hlöðu

Í skýrslu um heyskap á Ólafsdalsbúinu sumarið 1887 er minnst á Eyratótt. Í henni voru geymdir 400 hestburðir af heyi. Væntanlega hefur hún verið á Eyrunum og hugsanlega það sama og eitthvað af því sem þar hefur verið skráð undir númerunum 036, 045 eða 124. Það er þó ekki hægt að sannreyna og fær hún því sérnúmer hér.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 227

DA-198:163 heimild um beitarhús
Í bók Játvarðar Jökuls er prentað úr skýrslu um fjárhús í Ólafsdal 1887. Þar segir m.a. að tvö fjárhús á Ólafsdalseyrum, gömul, rúmi 110 fjár. Þar er þá líka 1 hrútakofi gamall. Á Eyrunum var skráð sigin tóft af fjárhúsum 036 og ógreinilegri ummerki á þremur stöðum. Talsvert rótað svæði er þar sem Torfi reisti stór fjárhús nyrst í túninu (045) en ekki er vitað hvort það var á rústum eldri húsa. Óljós þúst var að auki skráð í túninu á einum stað þar sem talið var líklegt að mannvistarleifar leyndust undir sverði (sjá 124) og lítil þúst fast upp við og undir túngarð við túnið austanvert (sjá 143). Líklegast er að tóft 036 sé annað af þeim fjárhúsum sem nefnd eru í bók Játvarðar en ekki er hægt að fullyrða um hvar hitt fjárhúsið var og er það því skráð undir sérstöku númeri.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 224

DA-198:164
Í skýrslu frá 1889, þar sem fjallað er um framkvæmdir í búnaðarskólanum allt frá 1880 segir: "Byggð súrheyshlaða 12 álna löng og 6 álna breið með 5 álna háum veggjum." Nú er ekki fyllilega ljóst hvar hún hefur verið þótt hugsanlega sé um að ræða hlöðuna sem er sambyggð útihúsum 023 (en gæti hafa breyst frá upphaflegri lýsingu) eða að hún hafi verið þar sem síðar stóð hlaða 006.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 173

DA-198:165 *Torfholt* örnefni rista 372813 548513
"Niður af þessu myndast svo Tunga; það sem myndar hana á annan veg er Ólafsdalsá, en á austurkantinn er það Hvarfsdalsá. Í Tungunni miðri er holt, sem heitir Torfholt (sjá 160), og efst í Tungunni með holtinu er lækur, sem heitir Tungulækur," segir í annarri örnefnaskrá. Holtið sem næst kemst þessari lýsingu er holtið sem rústir 137 eru við að vestanverðu. Það virðist nú þekkt undir nafninu Tunguholt, a.m.k. hjá sumum. Ekkert annað holt virðist líklegra og raunar eru mógrafir austan við holtið, sjá 134, og gæti það hafa dregið nafn sitt af þeim.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ólafsdalur a, 1-2

DA-198:166 heimild um fjós
Í skýrslu Torfa Bjarnasonar frá 1895, þar sem m.a. er fjallað um húsabyggingar, eru talin upp hús sem byggð hafa verið "að nýju" auk skólahússins. Þar á meðal er fjós yfir 11 kýr. Fjósið sem enn stendur (nr. 004) er skv. skýrslum ekki talið upp fyrr en fjórum árum síðar, eða 1899, og það var fyrir 15 kýr. Tiltekið er sérstaklega að það sé "steinfjós" en byggingarefnis er ekki getið varðandi 11 kúa fjósið. Hugsanlega er 11 kúa fjósið forveri þess sem reis 1899 og raunar er annað óhugsandi en að fjós hafi staðið í Ólafsdal áður en steinfjósið var reist. Ekki er ljóst hvort það hefur staðið á svipuðum slóðum og steinfjósið stendur nú en gæti þó hafa verið þar sunnar, sbr. hús sem sést á túnakorti frá 1888 og hefur hér númerið 102. Þetta er þó ekki unnt að staðfesta. Fleira sem bendir til eldri fjósbygginga er að 1887 er nefnd fjóshlaða í skýrslu um heyskap (sjá bls. 227 í bók Játvarðar) og á bls. 179 er sagt frá byggingu við fjósið 1892-93 "fyrir mylsnu og meisa, 6x6 álnir að grunnfleti."
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 112, 179, 227; Túnakort 1888

DA-198:167
Í skýrslu Torfa Bjarnasonar frá 1895, þar sem m.a. er fjallað um húsabyggingar, eru talin upp hús sem byggð hafa verið "að nýju" auk skólahússins. Þar á meðal er haugshús 20 álna langt og 6 álna breitt. Líklega er það sama hús og um segir 1886-7 að sé með steinlögðu gólfi og þykku leirlagi undir (einnig sagt 20 x 6 álnir. Haughúsið sem síðar var reist við fjósið (1898-99) var úr steini, 12 álna langt og 8 álna breitt svo ljóst er að ekki getur verið um sama hús að ræða. Ekki er ljóst hvar eldra haughúsið hefur staðið en þó hugsanlega á svæði sunnan við fjósið sem enn stendur að hluta, t.d. þar sem minjar 102-103 eru sýndar á túnakorti 1888.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 169, 173 og 182

DA-198:168 heimild um hlöðu
Í skýrslu um nítjánda starfsár búnaðarskólans 1897 er sagt frá tveimur nýbyggðum hlöðum. Hér er gert ráð fyrir að önnur sé hlaðan sem stóð skammt vestan við fjós (sjá 006) en ekki er alveg ljóst með hina. Í lýsingu á henni segir: "Hlaða 20 álna löng, 8 álna breið. Torfveggir 4 álna háir. Timbur ofan á hliðum 1 og hálf alin. Þak klætt tjörupappa." Hugsanlega hefur hlaða þessi verið sambyggð útihúsum á Eyrunum eða sunnarlega í túni (sjá 009).
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 182

DA-198:169 heimild um skemmu
Í skýrslu um tóllfta starfsár búnaðarskólans 1891-92 segir: "Byggt: A. Móhús 20 x 6 álnir, veggir 3 og hálfrar álnar háir og vanalegt ris." Hugsanlegt er að hér sé komið móhúsið sem Móhústún er kennt við [sjá 053] en þó erfitt að ganga úr skugga um það og fær því sérnúmer hér.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 178

DA-198:170 heimild um skemmu
Í skýrslu um tóllfta starfsár búnaðarskólans 1891-92 segir: "Byggt B. Geymsluhús 12 x 6 álnir, stafir 4 álnar háir, 3 álnir undir loft. Þilgaflar í báðum endum og skarsúð á risinu. Bæði húsin með hnakkahnausveggjum og sniðtorfi á þaki yst þaka." Nú er ekki ljóst hvaða geymsluhús þetta er. Gæti t.d. verið sama og tóft 080 en erfitt er að staðfesta það.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 178

DA-198:171
Í skýrslu um fjórtánda starfsár skólans 1893-4 segir: "Byggt frá sléttum velli: Fjárhús yfir 160 fjár, 27 x 11 álnir að grunnfleti. Heyhlaða 32 x 7 álnir að grunnfleti með 5 álna háum veggjum og 8 álna há í mæni, með sniðtorfsþaki og timburgöflum." Hér er gert ráð fyrir að hlaðan hafi verið við fjárhúsin, sem hljóta að hafa verið tvístæð af uppgefnum stærðum að dæma. Nú er ekki vitað um rústir af slíkum húsum í Ólafsdal en vel er hugsanlegt að umrædd hús hafi verið þau sem lengi stóðu á Ólafsdalseyrum sjá 045 en engin ummerki sjást lengur um. Um þetta verður þó ekki fullyrt án frekari rannsókna og fær staðurinn því sérstakt númer í skránni.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 179

DA-198:172 heimild um lambhús
Í skýrslu um búskapinn frá 1887 segir: "1 lambhús heima, nýlegt og stæðilegt. Hlaða við lambhúsið, rúmar 180 hesta, nýleg en snöruð og veikbyggð" Ekki er alveg ljóst hvaða lambhús er átt við hér. Vitað er að hluti af útihúsum syðst á túninu voru fjárhús, sbr. 009. Þess utan má vel vera að annað hvort húsanna í Steintröð hafi verið lambhús, sjá 042 og 074.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 224

DA-198:173 heimild um heygryfja

Í skýrslu um tuttugasta og fimmta ár búnaðarskólans, 1905-1905, segir: "Gjörð steypt gryfja til súrheysverkunar, en ekki var hún brúkuð." Ekki er nú ljóst hvar gryfja þessi var og ekki vitað um ummerki sem gætu verið eftir hana.
Heimildir:Játvarður Jökull Júlíusson 1986, bls. 187

DA-198:174 renna áveita 372992 548893
Skurður liggur í framhaldi af þeim skurði sem markar af norðurhlið Móhústúns (sjá 121). Á milli er þó lækjarskorningur og er því þeim skurði sem hér er skráður og er austar, gefið sérstakt númer. Skurðurinn verður óljósari eftir því sem austar dregur og fjarar út skammt suðvestan við Orustuholt. Skurðinum er lýst í samantektinni Ræktunarminjar í Ólafsdal en þar segir: "Neðan við Orustuholt í punkti 5 er lágur veggur eða garður, sem er orðinn ógreinilegur, en örlítil vatnsrás er sunnan við vegginn. Í punkti 7 beygir þessi veggur til vesturs og rennur lækur þar meðfram honum. Hugsanlega er þarna um að ræða skurð og garðurinn sé uppmoksturinn úr honum, sem jafnframt gegnir því hlutverki að hafa stjórn á vatninu."
Skurðurinn liggur á milli tveggja stórra mógrafa, til austurs að Orrustuholti.
Skýrasti hluti skurðarins er kafli frá norðausturhorni Móhústúns. Þessi hluti liggur til suðausturs í um 70 m en beygir þá lítillega og liggur áfram í austur í tæpa 50 m áður en hann virðist fjara út nærri Orrustuholti. Hann var ekki skráður á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson, 16

DA-198:175 heimild áveita
Í samantektinni Ræktunarminjar í Ólafsdal segir: "Við Orrustuholt er einhvers konar fyrirhleðsla sem liggur þvert við lækjarskorning sem þar er (punktur 4). Í mýrinni sunnan þessarar hleðslu er jarðfall" Ekki er augljóst af lýsingu hvar þessi fyrirhleðsla hefur verið nákvæmlega og upplýsingar um punkt 4 vantar í skýrslunni. Því var ekki unnt að staðsetja umræddar minjar.
Heimildir: Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson, 16

DA-198:176 heimild áveita 372839 549169
Garðlag og skurður eru sunnan við syðri túngarð 063, norðan við mógrafasvæði 052 en hér um bil beint austur af Vélalæk 054.
Fast við blauta mýri. Minjarnar hafa ekki verið skráðar á vettvangi þegar þetta er ritað heldur er þeim lýst af loftmynd. Skurðurinn er alls rúmlega 100 m langur og liggur NA-SV niður mýrina - eða í jaðri hennar. Garðurinn liggur skáhallt að honum úr ASA og er alls hátt í 80 m langur, með hlykk í endann. Af ummerkjum að dæma virðist líklegt að um sé að ræða mannvirki til að veita vatni yfir mýrina og niður í Vélalækinn. Garðurinn gæti hafa tekið á móti vatni ofan úr hlíðinni og beint því í skurðinn, þaðan sem það hefði runnið áfram til suðvesturs í átt að Vélalæk. Ekki er þó unnt að rekja hann alla leið þangað og á milli er mjög greinilegt mógrafasvæði, þar sem gæti þó hafa myndast lón.
Hættumat: engin hætta

DA-198:177 náma mógrafir 372677 549031
Stök mógröf er tæpa 60 m suður af austurenda Vélalækjar 054.
Mýri.Gröfin er ekki augljóslega tengd mógrafasvæði 052 og fær því sérnúmer hér. Hún er aflöng frá VNV-ASA,samsíða bakka Hvarfsdalsár, alls um 50 x 20 m stór, með greinilegum og



beint skornum köntum. Um 20 m norður af austurenda hennar virðist vera önnur stök mógröf, um 10 x 2 m stór frá norðri til suðurs.
Hættumat: engin hætta

DA-198:178 mannvirki áveita 372730 549022
Handgrafinn skurður er í mýrinni sunnan túns, fast austan við mógrafir 177.
Votlend mýri. Skurðurinn hefur ekki verið skráður á vettvangi en er hér lýst af loftmynd. Hann liggur frá einni kvísl Hvarfsdalsár og til norðurs, í átt að austurenda Vélalækjar 054. Hann er alls rúmlega 100 m langur en sveigir meira í NV á nyrsta kaflanum. Af legu skurðarins að dæma virðist líklegt að honum hafi verið ætlað að veita vatni úr ánni og í Vélalækinn. Þetta er þó vart hægt að staðfesta nema með vettvangskönnun, enda vatnshallinn ekki augljós á loftmyndinni. Það sést í norðurenda skurðarins á loftmyndinni hér að ofan, lengst til hægri.
Hættumat: engin hætta

DA-198:179 heimild um sel
Í sóknarlýsingu Saurbæjarþings 1842 segir: "Eftir því sem fornar seljatóftir tilvísa, hafa fyrrmeir verið selstöður tíðkaðar, frá Ólafsdal, Stóraholti, Brunná [o.s.frv.]." Engar öruggar heimildir eru um selstöðu í Ólafsdal en ljóst að á þessum tíma hafa menn talið sig þekkja seljatóftir þar. Ekki er ósennilegt að hér sé átt við fornt bæjarstæði í Ólafsdalstungu, sjá 137.
Heimildir:SSD, 178

6. Helstu niðurstöður og landshættir í Ólafsdal

Hér verður gefið yfirlit um helstu niðurstöður fornleifaskráningar í Ólafsdal. Í skýrslunni verður þó gengið lengra en í hefðbundinni fornleifaskráningu þar sem megináhersla er lögð á einstakar fornleifar. Þannig verður landslag á staðnum greint út frá hugmyndum um landshætti og tekur umfjöllun í framhaldinu mið af því. Byrjað verður á almennu yfirliti um minjar en á grunni þess er jörðinni skipt upp í sjö svæði eftir landsháttum.[13] Hverju svæði fyrir sig er svo lýst í aðalatriðum út frá þeirri flokkun. En áður en lengra er haldið skal gefið örstutt yfirlit um helstu niðurstöður.

Nú hafa verið skráðir rétt um 180 minjastaðir í landi Ólafsdalsjarðarinnar en einstakar minjar eru þó mun fleiri. Langflestar þeirra tengjast starfsemi búnaðarskólans en þó finnast eldri minjar sem annað hvort eru þekktar úr heimildum eða sjást á yfirborði, jafnvel undir búnaðarskólaminjum. Eins og vænta mátti er minjadreifing þéttust í túni næst bænum, enda hafa þar verið mest umsvif tengd starfsemi búnaðarskólans og almennum búskap, húsdýrum og ræktun, s.s. hús af ýmsu tagi, garðlög, beðasléttur, nátthagar, vegir o.fl.

Ein aðalniðurstaða rannsóknarinnar er sú að Ólafsdalur í heild sinni er einstakur minjastaður. Þar kemur margt til. Minjar frá tíð búnaðarskólans eru ótrúlega vel varðveittar og ber allur dalurinn þess merki að þar var ekki stundaður venjulegur búskapur. Túnið var t.d. miklu stærra en hefði mátt vænta fyrir jörð af þessari stærðargráðu í upphafi 20. aldar eða 18,6 hektarar.[14] Ef skoðaðar eru túnastærðir á nærliggjandi bæjum af túnakortum frá 1918 kemur í ljós að algeng túnstærð er á bilinu 4-5 hektarar þótt það ráðist mjög af landslagi og landgæðum á hverjum stað. Svo tekin séu dæmi frá nokkrum jörðum í Gilsfirði var túnið í Garpsdal 5,4 ha., á Gilsfjarðarmúla 4,5 ha. og á Kleifum rúmir 7. Annað sem er til marks um sérstöðu Ólafsdals er sú staðreynd að minjastaðir eru almennt bæði fleiri og mun meiri að umfangi en á bæjum þar sem hefðbundinn búskapur var stundaður. Þar eru t.d. upp undir 20 svæði með beðasléttum, þrír stórir nátthagar, umfangsmikil skurðakerfi sem t.d. leiddu vatn

[13] Hugtakið *landshættir* er hér notað á líkan hátt og ´landscape character´ í ensku, þ.e. það lýsir einkennum landslagsins sem geta verið tilkomin bæði af náttúrulegum orsökum eða með íhlutun mannsins. Löng hefð er fyrir slíkri greiningu t.d. á Bretlandi og á Írlandi. Hér er litið svo á að landsháttagreining sé ein aðferð til að varpa ljósi á menningarlandslag en nánar er fjallað um málið í næsta kafla.

[14] Sjá túnakort frá 1918 – það er prentað aftast í skýrslunni ásamt fleiri kortum. Á þetta bentu einnig Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson 2016, bls. 4.



Allar minjar í Ólafsdal uppmældar. Grænn = garðlög/tóftir, blár = skurðir/mógrafir, gulur = beðasléttur, rauður=vegir. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

úr lind heim að bæ og veittu vatni af beðasléttum, gríðarmiklar mógrafir, skurðakerfi til að knýja áfram tóvinnuvélar, svæði þar sem hleðslugrjóti var safnað í stórum stíl o.fl. ofl.

Búnaðarskólaminjar í Ólafsdal hafa víða skírskotun og geta varpað ljósi á minjar frá sama tíma á mörgum stöðum á landinu, enda breiddist þekking og tækninýjungar út þaðan víða um land á tímum mikilla framfara. Þess má geta að fljótt á litið virðast minjar á hinum búnaðarskólunum sem starfræktir voru á svipuðum tíma, ekki hafa varðveist nema e.t.v. að mjög litlu leyti, þ.e. á Hvanneyri, Hólum og Eiðum, enda lögðust þeir skólar ekki af snemma líkt og í Ólafsdal. Byggð þéttist á öllum þessum stöðum og vélvæðing í landbúnaði hélt þar innreið sína um miðja 20. öld líkt og víðast hvar með tilheyrandi túnasléttun og hafa þá eldri minjar verið afmáðar í stórum stíl. Í Ólafsdal hefur einungis lítill hluti túna verið sléttaður með vélum, þ.e. Bæjarvöllur vestan við skólahúsið og mannvirki sem þar voru í túnjaðri ásamt tröð heim að bæ. Þá hafa skurðir verið vélgrafnir í norðurhluta túns en að öðru leyti er landslag í túninu með áþekkum hætti og það var á tímum búnaðarskólans og flestar minjar frá síðasta skeiði hans eru enn sýnilegar. Búnaðarsagan er aðalsmerki Ólafsdals en víkingaaldarrústir sem fundust óvænt innst í dalnum við fornleifaskráningu auka á gildi staðarins og rannsókn á þeim mun

varpa kærkomnu ljósi á sögu byggðar í Ólafsdal og ekki síður á landnám á Vesturlandi sem hefur fram til þessa lítið verið rannsakað með fornleifauppgrefti.

Áður en fjallað er nánar um minjar á hverju svæði fyrir sig er nauðsynlegt að hafa nokkur orð til viðbótar um menningarlandslag og landshætti, mikilvægi þess að greina þessa þætti og stöðu þekkingar á því sviði hér á landi.

Um menningarlandslag og landshætti

Aðferðir við landsháttagreiningu eru í þróun hér á landi en nokkrar tilraunir hafi verið gerðar á síðustu árum til að beita þeim á minjar og landslag.[15] Í lögum um menningarminjar er kveðið á um að búsetulandslag teljist til fornleifa og sé þar með friðað þótt því ákvæði hafi sjaldan eða aldrei verið beitt, enda hefur hugtakið *búsetulandslag* ekki verið skilgreint og engin viðmið sett fram í samhengi við lögin sem skýra hvernig að framfylgja ákvæðinu. *Menningarlandslag* er einnig nefnt í lögunum og telst skv. þeim til menningarminja, en það telst enn víðtækara hugtak en fornleifar og hefur heldur ekki verið skilgreint.

Sú nálgun að skilgreina landslag heildrænt fremur en að horfa eingöngu til stakra minja, hvort sem um ræðir náttúru- eða menningarminjar, verður æ algengari bæði í náttúru- og minjavernd. Hér má nefna ákvæði í Evrópska landslagssamningum, lög um náttúruvernd, landsskipulagsstefnu o.fl.[16] Eins og bent hefur verið á í skýrslu sem unnin var fyrir Rammaáætlun henta aðferðir sem varpa ljósi á landslag og heildir almennt betur en hefðbundin punktaskráning til að greina bæði einkenni og verðmæti landslags og áhrif framkvæmda á það. Markmiðið með slíkri greiningu er ekki hrein verndarsjónarmið heldur fremur að auka skilning á landslagi og bæta ákvarðanir sem teknar eru við skipulag og framkvæmdir, enda geta þær haft mikil óbein áhrif á minjastaði og heildarmynd svæða til lengri tíma þótt einstakar minjar skerðist ekki beinlínis.

Það fer vel á því að næsta skref í þróun slíkra aðferða hér á landi sé tekið í Ólafsdal, enda er dalurinn vel til þess fallinn af ýmsum ástæðum: Hann er vel afmarkaður, þar er mikill fjöldi minja sem flestar eru frá sama tímaskeiði, varðveisla er frábær og minjar þekja samfelld svæði, gróðurfar hefur lítið breyst frá tíð búnaðarskólans og Ólafsdalur var auk þess vagga framfara og tilrauna í landbúnaði sem síðan breiddust út um landið eins og áður hefur komið fram. Síðast en ekki síst kalla hin

[15] Sjá t.d. Gísli Pálsson 2011; Birna Lárusdóttir, Edda Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg Jóhannesdóttir 2016, bls. 25 og áfram.

[16] Nánari umfjöllun um þetta má finna í niðurstöðum rannsóknar sem unnin var fyrir Rammaáætlun, sjá Birna Lárusdóttir, Edda Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg Jóhannesdóttir 2016 t.d. bls. 25 og áfram.


metnaðarfullu áform, sem snúast bæði um endurgerð húsa og viðhald menningarlandslags, á að hugsað sé út fyrir húsakostinn, um bújörðina í heild.

Umfjöllun um landshætti eftir svæðum

Á grundvelli fornleifaskráningar var landi í Ólafsdal skipt upp í sjö hluta sem hafa ólík einkenni:

- 1. **Heimatúnið og næsta nágrenni**. Á þessu svæði hefur verið mest umsýsla, þar bjuggu menn með skepnur, tún voru ræktuð og slegin. Gróðurfar ber þess merki, gras og mikil grænka vegna áburðar. Hér er þéttust dreifing minja, mestar húsaleifar (bæjarhóll, uppistandandi hús, leifar útihúsa o.fl.), túngarðar, beðasléttur, skurðir til vatnsveitinga, nátthagar o.fl.
- 2**. Dalurinn innan túns**. Hér var aflað fanga, bæði tekinn mór, safnað hleðslugrjóti og vatn leitt í skurðum til að knýja áfram tóvinnuvélar. Eins var ræktað tún í kringum Móhúsið – Móhústún. Votlendi er hér ráðandi en þó þurrar áreyrar við Ólafsdalsá. Minjar: Mógrafir, grjóthrúgur, Móhústúnið.
- 3**. Tungan og Hvarfsdalur**. Hér var heyjað í tíð búnaðarskólans – um það vitna heyskaparskýrslur í Skólabókinni.[17] Einnig sjást merki um grafið hafi verði eftir mó í mýrlendi en líka verið reynt að ræsa fram land með handgröfnum skurðum. Tvær litlar réttir eru inni á Hvarfsdal og í Tungunni eru rústir frá víkingaöld. Þetta svæði hefur orðið fyrir litlum áhrifum á búnaðarskólatímanum. Votlendi er ráðandi en þó þurr holt og áreyrar.
- 4. **Vesturhlið dalsins**. Að líkindum aðallega beitarsvæði. Mjög lítið af sýnilegum minjum. Svæðið er skriðurunnið á köflum, undirlendi fremur lítið en þó mýrlent á kafla um miðbikið.
- 5. **Eyrarnar**. Tún með beðasléttum, leifar fjárhúsa. Hér er harðlent, enda svæðið myndað af framburði Ólafsdalsárinnar.
- 6**. Hlíðin út með firði**. Líklega beitarsvæði. Sagnir um býli, landamerki, smalabyrgi (eldri en búnaðarskólatíminn). Litlar mannvistarleifar sýnilegar, undirlendi fremur lítið.
- 7. **Hlíðin inn með firði.** Líklega beitarsvæði. Leifar af vegi, sagnir um landamerki. Litlar mannvistarleifar sýnilegar, undirlendi takmarkað.

[17] Sjá Játvarð Jökul Júlíusson 1986, t.d. bls. 229.



Kort: Skipting dalsins í svæði 1-7 eftir landsháttum. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

1. **Heimatúnið og næsta nágrenni.** Þetta svæði er hér skilgreint víðar en einungis umhverfis túnræktina sjálfa, þ.e. töðuvöllinn sem túnakort ná yfir. Eins og þegar hefur komið fram var hann mun stærri en hefði mátt vænta fyrir jörð af þessari stærðargráðu í upphafi 20. aldar eða 18,6 hektarar. Utan við túnið sjálft hefur stærra svæði verið afgirt í tíð búnaðarskólans, ýmist með hlöðnum görðum eða girðingum og þannig eru allar tilraunir til að færa út túnið eða bæta það, hvort sem er með beðasléttum, flóðveitum, nátthögum eða öðrum girðingum, innan þessa svæðis. Vesturhlið túnsins markast víðast hvar af brekku, en þar hallar frá túninu niður að Ólafsdalsá. Þar eru leifar af grjótgarði, bæði utan í túnbrúninni (105) og veglegri garður niðri á eyrunum (066 og 057) sem teygir sig upp til austurs meðfram norðurbrún túns. Að sunnanverðu eru tvö ótengd garðlög á mörkum túns og óræktar (065 og 078). Á ljósmynd sem tekin var um 1905 ofan úr Neðri-Skál sést að sumstaðar hefur verið girt ofan á hlöðnum túngörðum. Þar sést líka að þá var gaddavírsgirðing án garðhleðslu meðfram austurhlið túns, sem hefur verið fátítt á þeim tíma, milli nátthaga 120 og 027. Ef vel er að gáð má enn sjá mjög óveruleg merki hennar, óljósa gróðurlínu, fúna girðingarstaura og m.a.s. eina stoðarholu þar sem púkkað hefur verið kringum staur sunnan túnsins (sjá 198:118) – en ekki er ósennilegt að henni hafi verið haldið við löngu eftir að búnaðarskólinn leið undir lok og leifarnar séu yngri en upprunalega girðingin.

Af túnakortum og ýmsum ummerkjum (t.d. gömlum túngarði 047) má ráða að túnið hafi verið stækkað töluvert bæði til norðurs og suðurs á árunum sem búnaðarskólinn var starfandi. Tvennskonar mannvirki setja mestan svip á sjálft túnið, fyrir utan hús, húsgrunna og tóftir: Annars vegar handgrafnir skurðir, sem bæði hafa þjónað sem veisluskurðir fyrir bæjarlækinn frá Lindinni (040) heim undir bæjarhús og fjós og sem framræsluskurðir. Flestir hafa þeir síðarnefndu tekið við afrennsli af beðasléttum, sem er hinn einkennisflokkurinn, en þær sjást víða um túnið í kippum ef svo má segja, sem ráðast mjög af legu landslagsins. Einn megintilgangurinn með beðasléttum var að bæta túnræktina og auðvelda slátt en ekki síst að losna við yfirborðsvatn af ræktunarlandinu.[18] Slétturnar fylgja iðulega halla landsins og helgast fjöldi þeirra og lengd á hverjum stað af stærð flatarins og halla. Þannig eru til dæmis fáar en mjög langar beðasléttur í Steintröð (075), fjöldi sléttna á Efra- og Neðra-Skildi, sem er aflangt svæði (041) og breitt frá náttúrunnar hendi en stystu slétturnar eru utan í stuttum brekkum beint suðaustan við skólahúsið (069). Slétturnar eru nokkuð ólíkar að gerð, einkum hvað varðar hversu krappar þær eru. Þetta gæti verið til vitnis um tilraunir á tímum búnaðarskólans. Til dæmis eru mjög krappar sléttur fast norðan við skólahúsið (008). Auk beðasléttnanna má á nokkrum stöðum sjá óljósari ræktunarmerki úr lofti, grunnar rásir milli teiga en ekki er alveg ljóst hvaða ræktunaraðferð þær eru til

[18] Bjarni Guðmundsson 2004.

vitnis um. Hugsanlega eru þetta leifar lokræsa eða yngri gerð beðasléttna sem hafa þá lækkað allverulega frá fyrstu tilraunum. Slíkar minjar sjást t.d. í Gullkinn (sjá 088).



Horft yfir túnið til vesturs. Gamli bæjarhóllinn (001) er hér fyrir miðju; þar sést hvít yfirbreiðsla yfir kálgarði.

Gamli bæjarhóllinn (001) er miðlægur í túninu en nýbyggingar Torfa hafa verið nálægt vesturbrún þess. Margar þeirra stóðu í hnapp eins og kunnugt er, svo að allnokkur þorpsmynd var á byggðinni, ekki síst undir það síðasta. Önnur útihús, þá aðallega fjárhús og hesthús, stóðu flest nær túnjöðrum, bæði syðst í túninu (sjá 023 og 009) og vestast (014) en þó var einnig skepnuhús skammt norður af bæ (042). Þess má geta að eitt húsanna (009) var gríðarlangt, um 40 m, og samanstóð af nokkrum sambyggðum einingum (fjárhús – hlaða – hesthús – hænsnakofi?). Má vera að þetta hafi verið nýjung, en á þessum tíma var algengara að úthús í túnum væru mörg en lítil og dreifðust út um túnið.

Mikið af ræktunarummerkjum sem sjást við jaðra túnsins hafa verið viðleitni í þá átt að auka við ræktun með ýmsum hætti. Bæði hefur verið reynt að rækta upp svæði sem voru fremur þurrlend/gróðurrýr



Horft yfir norðurhluta túns til vesturs. Nyrst og austast er nátthagi (Stekkur 027) og til vesturs frá honum gengur garður sem markar norðurbrún á svæði 1. Sunnan við nátthagann er Flóðveita 060 sem hefur verið grafin út með vélum að miklu leyti. Merki um torfristu sjást við skurðinn sem er næstur fjalli.

með því að hlaða nátthaga eða stjórna vatnsrennsli um votlend svæði – ræsa þau fram eða veita á þau vatni til næringarauka. Þrír nátthagar eru hlaðnir uppi í brekku við austurjaðar túna og heita (talið úr norðri) Stekkur (027), Torf(a)nátthagi (120) og Grjótnátthagi (031). Auk þess eru afmörkuð gerði við túnjaðar vestan við Torfnátthagann (sjá 010) en óvíst hvort þau hafa nokkurntíma þjónað hlutverki nátthaga, enda lítt ræktanleg. Líklegt er að Stekkjarörnefnið tilheyri eldra byggingarstigi á staðnum, enda sjást leifar af hringlaga gerði og eldri rústum undir nátthaganum (sjá 108). Vitað er að Jón Bjarnason sem bjó á undan Torfa í Ólafsdal gerði tilraunir með nátthaga (eða fjárbæli) og hugsanlegt er að nátthaginn í miðið (Torf(a)nátthagi) sé frá búskapartíð hans. Nátthagarnir voru reistir til að bæta slægjuland. Kvíær voru bældar þar á nóttunni á vorin og ræktaðist þá svæðið sjálfkrafa af áburði þeirra. Þess má geta að í tveimur nátthaganna eru litlar réttir samhlaðnar útveggjum og hefur líklega verið mjaltað þar. Einhver merki sjást um beðasléttur inni í öllum nátthögunum þótt misgreinilegar séu.

Annars konar ræktunarummerki á svæði 1 er Flóðveitan svonefnda (060) við norðausturjaðar túns, en þar hefur lækjum ofan úr fjalli verið safnað saman í einn farveg með görðum og skurðum. Ekki er alveg víst hvernig vatni var ráðstafað þaðan en að líkindum hefur þetta gert tvennt að verkum: Hindrað vatnsrennsli á mýri sem þarna er fyrir neðan og þannig þurrkað hana og einnig gert mönnum kleift að veita vatninu eftir þörfum á aðra hluta túnsins þar neðan við.

Á heildina litið má segja að túnið í Ólafsdal sé óvenjulegt: Stærðin, varðveislan, skurðirnir, beðaslétturnar, fjöldi nátthaga og umfang minja almennt. Allt ber þetta stórtækum hugmyndum Torfa vitni, þ.e. að girða af svo stórt svæði og beita ólíkum aðferðum til að rækta það upp. Þó er ljóst að sumir hlutar þessa svæðis hafa verið mjög óheppilegir til ræktunar, t.d. reitirnir vestan við Torfanátthaga og svæði beint austan undir bæjarhól. Ljóst er af ummerkjum og gömlum ljósmyndum að svæði sem þessi hafa a.m.k. að einhverju leyti verið nýtt til torfristu.

Vegir eru einn minjaflokkur sem þarf sérstaklega að minnast á, enda var óvenju metnaðarfull kerruvegagerð í Ólafsdal. Helstu vegirnir voru þrír. Oftast heyrist minnst á þann sem lá frá fjósi og suður eftir vesturhluta túns að mógrafasvæði 052 og raunar alla leið heim að Móhúsi (sjá 007). Hann er vel greinilegur víðast hvar og sumstaðar mjög veglegur, sérstaklega þar sem hann liggur yfir mýrar og mógrafir. Annar vegur (095) lá upp á bæjarhól 001 í framhaldi af tröðum (012). Mjög lítil merki sjást nú um þriðja veginn (142) en hann má fræðast um með því að rýna í ljósmynd sem tekin var yfir túnið í Ólafsdal um 1905. Hann virðist hafa verið kerrufær og lá heiman frá bæ, meðfram suðurhlið Eyrartúns til vesturs og þar niður að sjó, þar sem var lending fyrir báta. Mikið af varningi og ýmsu sem flutt var til og frá Ólafsdal var flutt sjóleiðis og því mikilvægt að greið leið væri milli bæjar og lendingar. Vegur lá einnig meðfram vesturbrún túns (090). Auk þessa voru víða brýr, bæði yfir Ólafsdalsána en einnig yfir skurði í túninu.


2. Dalsbotninn innan túns en framan við Tungu. Þetta er svæði þar sem aflað var margvíslegra fanga.



Horft til suðurs yfir svæði 2. Mógrafir 052 í forgrunni og fjær til vinstri – þar sést Orustuholt í fjarska. Vagnvegur 007 liggur til suðurs í átt að Móhústúni.

Mýrlendi er hér mest áberandi, sem og kúpt holt upp við fjallsrætur sem nefnist Orrustuholt. Á þessu svæði voru miklar og mikilvægar nytjar á tímum skólans og sennilega einnig fyrr og sjást þess mikil merki. Í fyrsta lagi er þar átt við gríðarlega mótekju, sem miklar og góðar heimildir eru til um í Ólafsdal. Hún hefur skilið eftir sig mikil ummerki á stóru svæði, mógrafir sem eru missýnilegar en þær best varðveittu með reglulega skornum köntum sem enn sjást vel (052). Í öðru lagi var vatn úr mýrinni leitt í Vélalækinn (054), sem knúði áfram vélar í tóvinnuhúsi Torfa (063). Í þriðja lagi hefur miklu grjóti verið safnað saman á áreyrum syðst og vestast á svæðinu og sjást þar enn margar hrúgur (062, 122). Líklega hefur átt að nota grjótið til garðahleðslu og það verið flutt heim á sleðum að vetrarlagi. Á mörkum mógrafa og eyra hefur verið ræktað upp tún í kringum svonefnt Móhús: Móhústún. Vagnvegur liggur allt heiman frá bæ, gegnum túnið og yfir mýrina heim að dyrum á þessu húsi (007).

3. **Inndalurinn (Tunga og Hvarfsdalur).** Tungan markast af ánum tveimur sem renna úr botnum Ólafsdals og Hvarfsdals en sameinast nokkru sunnan við tún. Engin umbylting hefur orðið á svæðinu á tímum búnaðarskólans – þar hafa t.a.m. ekki verið girt tún eða nátthagar af neinu tagi. Tungan sjálf er grösug, valllend að hluta en líka talsvert mýrlend á köflum. Í skýrslu um heyvinnu í Ólafsdal 1887 sést að heyjað var í Tungu og komu þaðan 37 hestburðir af heyi (sjá JJJ, bls. 229). Ekki hefur þessi heyskapur skilið nein bein merki eftir sig þótt ein óræð tóft gæti verið eftir heystæði (154). Hins vegar sjást leifar handgrafinna skurða á stóru svæði í mýri austan undir svonefndu Tunguholti, greinileg merki þess að reynt hafi verið að þurrka hana upp (125). Rústir frá víkingaöld eru enn óhreyfðar vestan undir sama holti (137) og hefur engu þar í kring verið raskað. Enn er ekki ljóst hvort þetta eru elstu ummerki um búsetu í dalnum eða hvort tvíbýlt hefur verið í Ólafsdal um tíma fljótlega eftir landnám. Inni á Hvarfsdal er landslag miklu rýrara en í Tungunni og eins og nafnið bendir til er hann í hvarfi frá bænum. Þar eru tvær mjög glöggar tóftir sín hvoru



Víkingaaldarrústir vestan undir Tunguholti fyrir og eftir að uppgröftur hófst, horft í suður.

megin við Hvarfsdalsána og líklega ekki gamlar en gætu þó verið eldri en frá tíð búnaðarskólans. Önnur er líkast til af stekk (050, er í Stekkjarhvolfi) en virðist allt of lítil til að vera sannfærandi fyrir þann stórtæka búskap sem var rekinn í Ólafsdal á tímum búnaðarskólans. Hin tóftin (123) er líklega af rétt eða aðhaldi einnig og gæti hafa verið notuð þegar smalað var sunnan megin árinnar.

4. Vesturhlið dalsins. Fá mannvistarmerki eru vestan megin Ólafsdalsár. Undirlendi er þar takmarkað og fremur gróðurrýrt, enda skuggahlið dalsins. Ógrónir skriðutaumar eru þar yst í dalnum með miklum



Skólahús í forgrunni, vesturhlið dalsins handan ár. Horft í suðvestur.

framburði frá Lambadalsá. Þar uppi á hól er varða (020). Talsvert innar í dalnum er greinilegur hlaðinn garður (126) sem liggur niður hlíðina gegnt tóvinnuhúsi til austurs, í átt að Ólafsdalsá, og hefur líklega átt að halda búfénaði innan hans, enda er hann brattari þeim megin (þ.e. að sunnan). Það er einmitt um þetta leyti sem túngarður (065) handan ár liggur til vesturs, að Ólafsdalsá, og þannig hefur svæðið innst í dalnum verið vel afmarkað. Illfært er upp úr dalnum að sunnanverðu þannig að þar í dalbotninum hefur verið þokkalegt aðhald, a.m.k. fyrir stærri skepnur. Á ljósmynd sem tekin er um 1905 sést vesturhluti dalsins ágætlega að hluta. Af henni að dæma hefur verið farið yfir brú (096) yfir Ólafsdalsá, en frá henni sjást greinilegar götur liggja inn dalinn til suðurs – og virðist það aðaltilgangur brúarinnar. Ekki er að sjá af heyskaparskýrslum sem prentaðar eru í bók Játvarðar Jökuls að heyjað hafi verið þarna vestan til í dalnum. Líklega hefur svæðið þar einkum verið beitt – gæti t.d. verið að kýr hafi verið reknar þangað.

5. **Eyrarnar** eru myndaðar af framburði Ólafsdalsár þar sem hún rennur til sjávar. Þær eru harðlendar og grýttar en á vestari hluta þeirra hefur verið ræktað tún og á því voru fjárhús á tímum búnaðarskólans. Vitað er að á þessu svæði voru þegar komin fjárhús og garðlög í tíð Jóns Bjarnasonar á 19. öld og hefur því verið byggt þar á gömlum merg.

Horft út Gilsfjörð til VNV. Túnið á Eyrunum sést vel hér fyrir miðri mynd.

6. **Hlíðarnar út með Gilsfirði** eru ágætlega grónar á köflum en þar er þó lítið undirlendi og víða grýtt. Ekki eru vísbendingar um að þar hafi verið heyjað, a.m.k. ekki á búnaðarskólatímanum. Á þessu svæði eru tvö lítil byrgi (044 og 155), líkast til smalabyrgi sem falla ekki sérlega vel að hugmyndum um búskapinn á búnaðarskólatímanum og eru líkast til eldri. Þau gætu verið vísbending um að þar hafi verið setið yfir ám á 19. öld eða fyrr. Vísbending er úr jarðabók Árna og Páls 1705 um býli út við landamerki (039) en engar leifar sjást nú af því. Landrými er þar lítið.

7. Hlíðarnar inn með Gilsfirði

Landslag er svipað á þessum slóðum og út með firði, en verður þó brattara eftir því sem innar dregur og undirlendi minnkar. Tiltölulega fáar minjar eru á þessu svæði. Þar sjást þó merki um gamlan bílveg (056), smá garðahleðslur og mögulegt naust (147).

8. Lokaorð

Með þessari skýrslu er fengið yfirlit yfir minjar í Ólafsdal og helstu einkenni menningarlandslagsins. Ljóst er að þar eru gríðarleg ummerki frá tímum búnaðarskólans – minjar sem eiga líklega engan sinn líka á landsvísu. Einnig eru þar eldri minjar og ber þar hæst óspillt víkingaaldarbæjarstæði innst í dalnum. Það er ekki síst þetta samspil sem gerir staðinn merkilegan og vel til þess fallinn að kynna fyrir fólki. Það er einstakt að hægt sé að fræðast um framfarir í landbúnaði á 19.-20. öld, rétt áður en vélvæðing tók yfir – og geta síðan í einni hendingu ferðast þúsund ár aftur í tímann, með því að ganga inn dalinn en landslagi þar hefur lítið sem ekkert verið umbylt. Dalurinn sjálfur gerir það að verkum að upplifun af fortíðinni er einstök, enda er hann þröngur og vel afmarkaður og mjög lítið um nútímaleg mannvirki sem annars gætu haft áhrif á ásýndina. Ljóst er að stíga þarf varlega til jarðar og ráðgera vandlega hvert skal stefna í framhaldinu með fyrirhugaðri uppbyggingu.

Nú stendur yfir fornleifauppgröftur á víkingaaldarsvæðinu með stuðningi Minjaverndar og Fornminjasjóðs og standa vonir til að honum verði áfram haldið sumurin 2019 og 2020. Niðurstöður ættu að liggja fyrir fyrri hluta árs 2021. Samfara honum stendur til að leggja í frekari rannsóknir á gróðurfarssögu Ólafsdals, en forathugun á staðnum fór fram sumarið 2018.[19] Þessar rannsóknir eiga vonandi eftir að varpa ljósi á þróun byggðar á svæðinu, umhverfisbreytingar og lífsviðurværi þeirra sem bjuggu innst í dalnum fyrir meira en 1000 árum.

Á grunni þessarar skýrslu og annarra rannsókna í Ólafsdal verður hægt að setja markmið um umsjón menningarlandslags eins og samningar Minjaverndar við ríkið kveða á um og gera almennar áætlanir um skipulag, m.a. göngustígagerð og skógrækt. Með vel ígrunduðum aðgerðum væri hægt að varðveita sérkenni menningarlandslagins og gera því hátt undir höfði og gæti Ólafsdalur þannig orðið fyrirmynd annarra staða á Íslandi á sviði menningarlandslags. Stígagerð gæti t.a.m. byggt á leiðum sem eru þekktar frá tímum búnaðarskólans en heimildir um þær eru varðveittar á kortum, ljósmyndum og í sjálfum minjununum á formi upphlaðinna vega, kindastíga, brúa yfir skurði sem láta lítið yfir sér o.fl. Þannig væri hægt að feta í fótspor Torfa og félaga um tún og nágrenni og í framhaldinu ferðast aftur á 10. öld með því að ganga inn dalinn. Uppgræðsla eða trjárækt hefur verið nefnd sem eitt af framtíðarmarkmiðum Minjaverndar á staðnum en skógrækt nærri minjum er vandasöm. Eins og sést af skráningunni eru bein ummerki um mannvist ákaflega mismikil í dalnum en best færi á því að skógur myndi ekki slíta í sundur heildir um miðbik dalsins eða skyggja á sjónlínur heldur væri frekar horft til jaðra og dalbotna. Sömuleiðis er nauðsynlegt að reyna að sjá fyrir hver langtímaþróunin gæti orðið, hvernig tré sá sér og hvort hófleg beit ætti ekki vel heima í Ólafsdal þar sem landshættir og gróðurfar

[19] Upplýsingar um þetta eru væntanlegar í áfangaskýrslu um fornleifauppgröftinn í Ólafsdal veturinn 2018-2019.

ráðast að miku leyti af skepnuhaldi á 19. og 20. öld. Alger beitarfriðun myndi kaffæra marga minjastaði á fáum árum og breyta umhverfinu mikið. Skógrækt mætti, með vel ígrunduðu skipulagi, nota til dýpka skilning fólks á sögu Ólafsdals og þróun gróðurfars eftir landnám í samræmi við niðurstöður fyrirhugaðra rannsókna á staðnum. Vel er þekkt að birkiskógar hér á landi voru víða útbreiddir en hopuðu fljótt í kjölfar landnáms. Rannsóknir á gróðurfari gætu leitt í ljós að sú hafi einnig verið raunin í Ólafsdal og mætti í framhaldinu t.a.m. rækta upp tilgátuskóg fyrir innan víkingaaldarrústirnar til að fólk geti gert sér í hugarlund hvernig hafi verið þar umhorfs skömmu eftir landnám.

Að lokum má geta þess að lítil sem engin heildstæð fornleifaskráning hefur farið fram í nágrenni Ólafsdals, í Saurbæjar- eða Reykhólahreppi, og þar hefur almennt verið lítið um fornleifarannsóknir. Skráning á minjum í nágrenni Ólafsdals myndi enn auka skilning á búsetusögu svæðisins og byggðaþróun.

Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2016. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal. Viðauki með deiliskipulagsgreinarargerð.* FS618-1631. Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir, Edda Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg Jóhannesdóttir. 2016. *Gildi landslags: Fagurferði, menningarminjar og saga*. Forrannsóknir til greiningar og mats á gildi landslags, unnar fyrir faghóp I, 3. áfanga Rammaáætlunar. Háskóli Íslands.

Birna Lárusdóttir (ritstj.). 2018. *Fornleifakönnun á víkingaaldarbæjarstæði í Ólafsdal*. FS685-17231. Fornleifastofnun Íslands.

Bjarni Guðmundsson. 2004. „Beðasléttur – brot af búsetulandslagi.“ *Freyr*, bls. 4-5.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn* I-XV. 1857-1972. Kaupmannahöfn/ Reykjavík.

Fræðslustígur í Ólafsdal. Ritlingur. Arnar Guðmundsson ritaði texta eftir ýmsum heimildum og Guðmundi Rögnvaldssyni, föður sínum. Á vefsíðu Ólafsdalsfélagsins: http://olafsdalur.is/wp-content/uploads/2018/08/Fr%C3%A6%C3%B0slust%C3%ADgur_ritlingur.pdf

Gísli Pálsson. 2011. *Characterising Grímsnes- & Grafningshreppur.* A Methodological Case Study. M.A.-ritgerð í fornleifafræði. Háskóli Íslands.

ÍF I: 1968. *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók – Landnámabók.* Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenzka fornritafélag.

ÍF VI: 1943. *Íslenzk fornrit VI. Vestfirðingasögur*. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

JÁM VI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dalasýsla*. VI bindi. 1943. Kaupmannahöfn.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

JJJ: Sjá Játvarð Jökul Júlíusson.

Játvarður Jökull Júlíusson. 1986. *Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalsskóla og nemendatal Ólafsdalsskóla 1880-1907*. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík.

JG71: Ljósmynd frá Þjóðminjasafni Íslands.

JG77: Ljósmynd frá Þjóðminjasafni Íslands.

JG80: Ljósmynd frá Þjóðminjasafni Íslands.

KK: Kristian Kålund. 1985. *Íslenskir sögustaðir* II. Vestfirðingafjórðungur. Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

Ljósmynd DMR-159827. Ljósmynd frá danska þjóðminjasafninu.

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Ormur Daðason. 1965. *Jarðabók yfir Dalasýslu 1731*. Útg. Magnús Már Lárusson. Sögufélagið.

Orri Vésteinsson og Hildur Gestsdóttir. 2011. „Kirkjur og kirkjugarðar.“ Í: *Mannvist, sýnisbók íslenskra fornleifa*, bls. 73-89. Ritstj. Birna Lárusdóttir. Opna, Reykjavík.

„Ólafsdalur í eyði“. 1968. *Tíminn* 25. september, bls. 1.

PP: Sveinn Níelsson. 1950. *Prestatal og prófasta*. 2. útg. Reykjavík.

Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson. 2016. „Ræktunarminjar í Ólafsdal.“ Plógur – A-Deild.

Sigrún Inga Garðarsdóttir og Andrea S. Harðardóttir. 2006. *Menningarminjar í Saurbæjarhreppi.* FS345-06411. Fornleifastofnun Íslands.

SSD: *Dalasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855.* Einar G. Pétursson sá um útgáfuna. Sögufélag/Örnefnastofnun Íslands 2003.

Túnakort 1882/1883: Túnið í Ólafsdal [uppdráttur]. Ólafur Jónsson teiknaði. Ljósrit frá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Túnakort 1884: Uppdráttur Ólafsdalstúns 1884. Stefán Einarsson teiknaði. Ljósrit frá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Túnakort 1888: Uppdráttur af Ólafsdalstúninu. Rögnvaldur Magnússon teiknaði. Ljósrit frá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Túnakort 1905: Ólafsdalstúnið eftir mælingu skólapilta haustið 1905. Ljósrit frá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Túnakort 1918: Uppdráttur af Ólafsdalstúni, mælt 1918, e. Jóhannes Guðmundsson, Teigi. Þjóðskjalasafn Íslands.

Uppdráttur af engjastykki í Ólafsdal 1887. Ljósrit frá Ljósrit frá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Uppdráttur af Ólafsdals-Eyrartúni 1918. Þjóðskjalasafn Íslands


Uppdráttur af Skildi, Ólafsdal 1896. Uppruni óviss.

„Úr minnisblöðum Finns Jónssonar frá Kjörseyri.“ 1919. *Eimreiðin* 01.04., bls. 96-104.

Ö-Ólafsdalur a: Örnefnalýsing Ólafsdals. Ari Gíslason skráði, heimildamaður Rögnvaldur Guðmundsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Ólafsdalur b: Örnefnalýsing Ólafsdals. Samúel Eggertsson skráði, leiðsögumaður Markús Torfason. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


KORT. MINJAR MERKTAR INN Á LOFTMYNDIR FRÁ LOFTMYNDUM EHF.




Yfirlitskort


198098
198100
198099
198109
198092
198153
Steintröð
198075
198097
198042
198013
198073
198008
198014
198012
198106
198107
198067
198003
198095
198105
198048
Bæjarvöllur
198080
198069
198101
198015
198005
198081
198090
198076
198004
198070
198091
198016
198006
198064
198104
198102
198103
198077
198007a
198071
198007 bru
198068
0
25
50
75
100 m
= garðlög/girðingar og rústir
= skurðir og mógrafir
= vegir
= beðasléttur

Kort 1



= garðlög/girðingar og rústir
= skurðir og mógrafir
= vegir
= beðasléttur
Torfnátthagi
Lindin
bæjarhóll
198114
198060a
198116
198116A
198158
198116D
198138
198139
198116a
198113
198022
198140
198112
198117
198002
198001
198030
198040
198055
198120
198033
198021
198010
0
25
50
75
100 m


Kort 2


= garðlögg/girðingar og rústir
= skurðir og mógrafir
= vegir
= beðasléttur
Grjótnátthagi
198128
198031
198032
198118
198127
198176
198010
198110
198078
198079
198019
198009
198018
198047
198082
198111
198088
198065
198083b
198083a
198086
198089
198007
198052
198052b
198007c
198121
198178
198177a
198177b
198007b
198023
198066
198054
198017
198063
198085
198084
198071
198007 brú
198068
198161
198152
198087
198159
198025
Gullkinn
mógrafir
tóvinnuhús
0 25 50 75 100 m
198126B


Kort 3

Kort 4


198141
198057A
198057B
198029
198057C
198115A
198108c
198027
198024
198118b
198108b
198059
198028
198115B
198046
198108a
198026
198035
198061
198060b
198041a
198041b
198060
198072
198093
198098
198100
198094
198099
198109
198114
198060a
198092
198153
198116A
0
50
100
150 m
= garðlög/girðingar og rústir
= skurðir og mógrafir
= vegir
= beðasléttur


198154
198134
198125
198135
198165
198136
198137
Tunguholt
Ólafsdalsá
0
50
100
150
200 m
= garðlög/girðingar og rústir
= skurðir og mógrafir
= vegir
= beðasléttur


Kort 5


= garðlög/girðingar og rústir
= skurðir og mógrafir
= vegir
= beðaslétturr
198037A
Orustuholt
198129B
198130
198052a
198174
198052
198122-d
198122-a
198053
198049
198062-1
198062-2
198062-4
198062-6
198121
198107c
Móhústún
mógrafir
0
25
50
75
100 m

Kort 6


= garðlög/girðingar og rústir
= skurðir og mógrafir
= vegir
= beðasléttur
Stekkjarhvolf
198050
198131
Hvarfsdalsá
0
50
100 m
198123


Kort 7


= garðlög/girðingar og rústir
= skurðir og mógrafir
= vegir
= beðasléttur
198020
198104
198102
198096
198132
Kragamelur
198126B
198126A
0
50
100
150
200 m


Kort 8



Kort 9



198051B
198045
198051
198124
198143
198034
198036
198142
198146
198148
198144
198119
198150
0
100
200 m
= garðlög/girðingar og rústir
= skurðir og mógrafir
= vegir
= beðasléttur

Kort 10



198056
198147
198149
198151
0
100
200 m
= garðlög/girðingar og rústir
= skurðir og mógrafir
= vegir
= beðasléttur


Kort 11


Túnakort



Uppdráttur
af
Ólafsdalstúninu
1888.
Þýðing merkjanna:
Hús
Tópt
Hlað
Skurðr
Vatn
Tröð
Torfgarðr
Grjótgarðr
Stærð: 1/4000
098 skurður
100 brú
114 garðlag
043 Steintröð
042 útihús
074 útihús
012 tröðir
067 skólahús
003 smiðja
095 vegur
001 bæjarhóll
105 túngarður
158 skurður
138 skurður
040 Lindin
120 nátthagi
021 tótt
010
064 skurður
078 túngarður
019 hleðslur
009 útihús
047 túngarður
STEINTRÖÐ
MÝRARVELLIR
SKJÓLDR
BÆJARHÓLSDARFLÓI
RÚSTARVÖLLR
MIÐVÖLLR
LINDARVÖLLR
GRAUTARMÓR
HÁLVÖLLUR
TRAÐARVÖLLR




Uppdráttr
af
engjastykki í Ólafsdal
1887
027 náttthagi
028 gerði
060 Flóðveita
041 skurður
(milli beða)
072 brú
098 skurður
100 brú
1: 4000
Þýðing merkjanna:
Skurðir
Torfgarðr
Virgirðing
Mýri
Brú
Sanda-
svæði


Ólafsdalstúnið
eftir mælingu skólapiltta
haustið 1905.
057 garðlag
041 skurður
skurður 038
013 rétt
042 útihús
073 vegur
012 traðir
014 útihús
003 smiðja
067 skólahús
105 túngarður
015 hjallur
005 Suðurhús
006 hlaða
004 fjós
104 útihús
skurður 158
128 skurður
054 skurður
040 Lindin
120 nátthagi
007 vegur
010 nátthagi?
025 kálgarður
078 túngarður
009 útihús
075 garðlag
Skv. 1: 2000.
Th Thorsteinsson 8/1 1906


Uppdráttur
af
Ólafsdalstúni
mælt 1918
013 rétt
042 útihús
014 útihús
001 bæjarhóll
067 skólahús
003 smiðja
048 mjólkurhús
005 Suðurhús
004 fjós
006 hlaða
007 vegur
Stærð alls 18,6 ha
Hús og Ræktað 2,1 —
Ræktað tún 16,5 —
Allt Sljett
Girt með umhverfi
Matjurtagarður 1220 m2
023 útihús
009 útihús


Athugið að túnskikar/nátthagar hér að neðan eru ekki sýndir á réttum stað miðað við Eyrartúnið .
Uppdráttur af Ólafsdals-Eyrartúni maí 1918
Stærð alls 4,3 ha
Hús — 0,05 —
Ræktað tún 4,2 —
Alls 43 11
fjárhús 045
1,0 ha.
027 nátthagi (Stekkur)
0,8 ha.
031 Grjótnátthagi
0,3 ha.
óviss skiki, líklega Móhústún 053